FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

8. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 10. JANÚAR 2018



Fimm manna fjölskylda komst undan með skrámur úr brennandi einbýlishúsinu Reykjabraut í Mosfellsbæ í fyrrinótt með því að brjóta glugga. Húsið brann til kaldra kola. Karlmaður í fjölbýlishúsi í Grafarvogi var sömu nótt fluttur á gjörgæslu Landspítalans eftir að eldur kom upp í íbúð hans og sex aðrir íbúar fengu aðhlynningu vegna reykeitrunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Sjálfboðaliði heyrði fótbrotið

**ÍÞRÓTTIR** „Ég datt á hana þannig að ég heyrði hana brotna,“ segir Elvar Ásgeirsson, leikmaður Aftureldingar, sem mun trúlega ekki spila meiri handbolta í vetur því hann fótbrotnaði við að safna jólatrjám fyrir félagið.

„Það var flughált þegar við vorum að tína upp trén og ég var í smá halla og ætlaði að láta mig renna á báðum fótum að bílnum sem við við vorum á og stoppa mig þannig af,“ segir Elvar. **– bbh / sjá síðu 14**



# Mikil arðsemi af útvegi

### Þótt arðsemi eigna í sjávarútvegi hafi minnkað verulega á undanförnum árum er hún engu að síður ríflega tvöfalt meiri en raunin er í atvinnulífinu almennt.

**VIÐSKIPTI** Þrátt fyrir að arðsemi sjávarútvegsfyrirtækja hafi dregist verulega saman á undanförnum þremur árum er hún engu að síður ríflega tvöfalt meiri en arðsemi í atvinnulífinu. Arðsemi eigna í sjávarútvegi var hvað mest 25 prósent árið 2012, en árið 2016 var hún komin niður í 13 prósent. Til samanburðar var arðsemi eigna í viðskiptahagkerfinu rúmlega sex prósent árið 2016. Arðsemi í sjávarútvegi, heildsölu, smásölu og ferðaþjónustu var á svipuðu reki, á bilinu 10 til 13 prósent árið 2016.

Ríkisstjórnin hyggst taka veiðigjöldin til endurskoðunar á árinu með það að markmiði að lækka gjöldin á lítil og meðalstór fyrirtæki. „Þau fyrirtæki sem hafa verið fjárhagslega veikari virðast hafa verið að heltast úr lestinni undanfarin þrjú til fjögur ár og þau verið keypt eða tekin yfir af stærri fyrirtækjum. Það hefur orðið töluverð samþjöppun í greininni,“ segir Jónas Gestur Jónasson, yfirmaður sjávarútvegshóps Deloitte.

> **60%**
> er áætlað að tekjuskattur og veiðigjöld verði sem hlutfall af hagnaði sjávarútvegarins í ár.

Viðmælendur Markaðarins benda á að veiðigjöld séu orðin næststærsti kostnaðarliður á eftir launakostnaði hjá mörgum fyrirtækjum í greininni. Áætlað er að tekjuskattur að viðbættu veiðigjaldi muni verða allt að 60 prósent af hagnaði greinarinnar í ár.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir almennt ofmetið í umræðunni hvað ríkið geti sótt mikið fjármagn með því að skattleggja sjávarútveginn. **– kij / sjá Markaðinn**

## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Kári Stefánsson skrifar Katrínu Jakobsdóttur. 11

**MENNING** Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur fræðir fólk um hag íslensku þjóðarinnar árið 1918. 20

**LÍFIÐ** Jakob Ómarsson setti sér heil 52 markmið fyrir árið 2018, sum einföld en önnur meira krefjandi. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SKRIFSTOFAN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Fremur hæg suðlæg átt víðast hvar í dag, dálítlar skúrir og síðan él, en rigning með köflum um tíma norðaustanlands. Hiti 0 til 5 en frystir víða til landsins norðaustan til um kvöldið. SJÁ SÍÐU 18

# Fljúgandi pottur í Kórahverfi



**„Ég hef séð ýmislegt takast á loft en aldrei séð fljúgandi pott áður," segir Magnús Hákonarson, einn björgunarsveitarmanna í Kópavogi er reyndu að hemja tólf manna heitan pott í að fjúka fram af tólftu hæð húss við Hörðukór seint í fyrrinótt. Magnús segir vindinn hafa verið ógurlegan þar uppi. Potturinn flaug eitt hundrað metra og endaði mölbrotinn á leikskólalóð. Aftur er búist við talsverðu hvassviðri annað kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Eyþór Arnalds vill verða leiðtogi Sjálfstæðisflokks.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Eyþór vill leiða listann

**STJÓRNMÁL** Eyþór Arnalds lýsti í gær yfir framboði í leiðtogakjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Fresti til að lýsa framboði í leiðtogakjöri flokksins lýkur í dag.

„Mér líst bara vel á að við sitjandi borgarfulltrúar fáum góða samkeppni og að fram undan sé flott og góð barátta," segir Áslaug María Friðriksdóttir, aðspurð um framboð Eyþórs.

Áslaug og Kjartan Magnússon, sem bæði eru borgarfulltrúar, hafa þegar lýst yfir framboði í leiðtogakjörinu. Ólafur Arnarson, fyrrverandi formaður Neytendasamtakanna, er sagður íhuga framboð alvarlega.

Eyþór er stærsti einstaki hluthafi Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins. Meðal annarra fjárfestinga Eyþórs á undanförnum árum er kísilver Thorsil í Helguvík og ferðaþjónustufyrirtækið Special Tours í Reykjavík sem gerir út hvalaskoðunarbáta í Faxaflóa. Eyþór á eignarhaldsfélagið Ramses sem hagnaðist um rúmlega 60 milljónir árið 2016. Frá þessu greindi Fréttablaðið í nóvember síðastliðnum. Hagnaður félagsins er að mestu kominn til af tekjum af hlutabréfum. **– aá**

# Synjuðu blindri um þjónustu

**VELFERÐARMÁL** Úrskurðarnefnd velferðarmála (ÚNV) hefur fellt úr gildi ákvörðun Eyjafjarðarsveitar um að synja aldraðri, lögblindri konu í sveitarfélaginu um akstursþjónustu.

Konan er lögblind á báðum augum og er háð því að einhver annar keyri hana þangað sem hún þarf að fara. Eiginmaður hennar hafi séð um það en sökum veikinda hans og aldurs sé það eigi áreiðanlegt.

Sveitarfélagið hafnaði umsókn konunnar þar sem sökum aldurs hennar ætti að fara með mál hennar samkvæmt lögum um málefni aldraðra en ekki málefni fatlaðra. Þá væri það afar íþyngjandi fyrir fjárhag þess að veita henni þjónustuna þar sem sveitarfélagið sé víðfeðmt.

ÚNV taldi rannsókn sveitarfélagsins á málinu ábótavant. Því var hin kærða ákvörðun felld úr gildi. **– jóe**

# Íhugar málsókn vegna skipan héraðsdómara

**Átta héraðsdómarar voru skipaðir í gær. „Tímahrak" og „einstrengingsleg" afstaða dómnefndar þýddi að settur dómsmálaráðherra féllst á tillögur matsnefndar um hæfi dómara. Umsækjandi segir matið fela í sér miska gagnvart sér.**

**STJÓRNSÝSLA** Guðlaugur Þór Þórðarson, settur dómsmálaráðherra við skipan átta héraðsdómara, skipaði í gær átta héraðsdómara sem dómnefnd um mat á hæfni umsækjenda um dómaraembætti hafði metið hæfasta. Í bréfi til dómsmálaráðherra segir settur ráðherra að vegna tímahraks og einstrengingslegrar afstöðu nefndarinnar hafi honum verið þessi kostur nauðugur. Minnst einn umsækjandi íhugar réttarstöðu sína.

Alls sótti 41 um stöðurnar átta. Nefndin var fullmönnuð þann 13. október en í lögum er henni markaður sex vikna frestur til að skila umsögn sinni. Þeirri umsögn var skilað 29. desember. Settur ráðherra óskaði eftir því að nefndin útskýrði mat sitt betur þar sem hann taldi vankanta á því. Skipa átti í stöðurnar frá og með 1. janúar.

Svarbréf nefndarinnar var sent settum ráðherra 3. janúar síðastliðinn. Undanfarna daga hefur farið fram vinna í utanríkisráðuneytinu um hvort rétt væri að hvika frá niðurstöðu nefndarinnar og leggjast þá í sérstaka rannsókn á hæfi umsækjenda.

„Í þessari þröngu stöðu, vegna þess tímahraks sem dómnefndin setti settan ráðherra í, og vegna hinnar einstrengingslegu afstöðu dómnefndar sem birtist í svarbréfi hennar, átti settur ráðherra ekki annan kost en að skipa þá sem dómnefndin taldi hæfasta, þótt settur ráðherra hafi í raun ekki haft fullnægjandi forsendur til að meta réttmæti þeirrar niðurstöðu," segir í bréfi setts ráðherra til dómsmálaráðherra í tilefni af skipuninni.



**Jónas Jóhannsson var skipaður héraðsdómari í Reykjavík og á Vestfjörðum árin 1991-2011 en hefur síðan þá starfað sem lögmaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í niðurlagi bréfsins leggur settur ráðherra til breytingar á reglum um skipan dómara. Meðal annars verði frestur ráðherra til rannsóknar aukinn og að fulltrúar almennings muni eiga sæti í nefndinni.

„Ég hef ráðið mér lögmann og er að fara yfir stöðuna með tilliti til málshöfðunar. Ég tel að nefndin hafi gert á minn hlut og að miski minn sé mikill," segir Jónas Jóhannsson lögmaður. Jónas hefur hátt í tveggja áratuga reynslu sem héraðsdómari en var ekki metinn hæfastur í þeim þætti sem laut að dómarareynslu.

Verði af málshöfðun Jónasar ber honum að stefna settum dómsmálaráðherra sem ber ábyrgð á skipun dómaranna. „Það er auðvitað vert að velta upp þeirri spurningu hvort það sé virkilega það sem við viljum, að til séu sjálfstæðar stjórnsýslunefndir sem bera enga ábyrgð á verkum sínum," segir Jónas. **johannoli@frettabladid.is**

### Skipaðir dómarar

Arnar Þór Jónsson
Ásgerður Ragnarsdóttir
Ástráður Haraldsson
Bergþóra Ingólfsdóttir
Daði Kristjánsson
Helgi Sigurðsson
Ingiríður Lúðvíksdóttir
Pétur Dam Leifsson

15% afsláttur af
• 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí, öllum bragðtegundum, 2 mg og 4 mg
• Nicorette Quickmist Munnholsúða, 2 stk. pakkn.




Gildir til 21. jan. 2018
Apótekarinn
- lægra verð
www.apotekarinn.is



ÚTSALA
30-50%
AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM Í EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM
LAUGAVEGUR 91 REYKJAVÍK - AUSTURSTRÆTI 5 REYKJAVÍK
ÞINGHOLTSSTRÆTI 2 - 4 REYKJAVÍK - FÁKAFEN 9 REYKJAVÍK
MIÐHRAUN 4 GARÐABÆR - HAFNARSTRÆTI 106 AKUREYRI
BÁSASKERSBRYGGJA 2 VESTMANNAEYJAR
50%
kr. 6.495.-
BJARKE
Dúnjakki
m/hettu
Áður kr. 12.990
VIKTOR
Softshell jakki
Áður kr. 9.500
30%
kr. 6.650.-
50%
kr. 6.495.-
BIRGIT
Dúnjakki
án/hettu
Áður kr. 12.990
ASOLO Shiver Blu Aster og
Passion litir á 50% afslætti
ASOLO SHIVER
Gönguferðir og
dagleg not.
Áður kr. 19.990
50%
kr. 9.995.-
BLANDA
Flíspeysa/barna
Áður kr. 5.990
40%
kr. 3.594.-
20% afsláttur af nýjum barnafatnaði
á meðan á útsölu stendur
ICEWEAR
ICELAND
www.icewear.is

# Fallið frá ákæru í grófu handtökumáli

**LÖGREGLUMÁL** Héraðssaksóknari hefur fellt niður mál á hendur lögreglumanni sem kærður var síðastliðið vor fyrir ólöglega handtöku og alvarlega líkamsárás í Kópavogi. Eins og Fréttablaðið greindi frá í júlí síðastliðnum tvífótbrotnaði hinn handtekni í umræddri aðgerð lögreglu.

Við rannsókn málsins var leitað til réttarmeinafræðings sem taldi bæði mögulegt og líklegt að fótbrotið hafi hlotist af því að hurð hafi verið skellt á fætur sem voru á milli hurðar og dyrakarms. Þá taldi hann ekki útilokað að sambland af kylfuhöggum og hurðarskellum gætu hafa orsakað beinbrotin þótt hurðarskellirnir einir hefðu getað orsakað bæði brotin.

Þótt saksóknari hafi fallist á að gögn málsins bendi til að gæta hefði mátt betur að meðalhófi í störfum á vettvangi, verði hins vegar ekki sýnt fram á að lögreglumenn á vettvangi hafi af ásetningi eða stórfelldu gáleysi ekki gætt lögmætra aðferða við handtökuna. Að mati saksóknara er því ekki talið að framkomin gögn séu nægileg eða líkleg til sakfellis í sakamáli og er málið því fellt niður.

Kærandinn hefur þegar kært ákvörðun héraðssaksóknara til ríkissaksóknara. Í kærunni kemur meðal annars fram að kærandinn og fjölmörg vitni hafi staðfest að lögreglumenn hafi brugðist við með offorsi þegar kærandi gat ekki þulið upp kennitölu sína. „Þeir drógu hann strax í kjölfarið, járnaðan fyrir aftan bak, inn í lögreglubifreið þar sem hann lá, innan við mínútu síðar, tvífótbrotinn eftir bílhurð og lögreglukylfu,“ segir í kærunni. – aá



Lögregla er sögð hafa skellt bílhurð á fætur manns. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Ísafjarðarapp fyrir forvitna

**FERÐAÞJÓNUSTA** Mannfræðingurinn Haukur Sigurðsson frá Ísafirði vinnur að Ísafjarðarappi til að upplýsa ferðamenn um sögu bæjarins og fólksins þar.

„Margir heimamenn hafa talað um að það geti verið svolítið áreiti af ferðafólki, sérstaklega þeim sem koma með skemmtiferðaskipum. Þetta hefur jafnvel farið út í að ferðafólk sé að gægjast á glugga hjá fólki,“ segir Haukur sem kveðst ætla að fá nokkra bæjarbúa með sér í lið og framleiða litlar stuttmyndir um fólkið og húsin þeirra, segja frá fjölskyldum þeirra og hvað þau gera.

„Þannig geta ferðamenn vafrað um Ísafjörð og fræðst um fólkið, bæinn og sögu bæjarins með því að nota appið.“ – aig


Haukur Sigurðsson

## Fær ekki hærri vindmyllur

**RANGÁRÞING YTRA** Deiliskipulagstillaga Steingríms Erlingssonar, eiganda Biokraft, sem gerði ráð fyrir hærri vindmyllum en áður með lengri spöðum, var felld á síðasta fundi skipulagsráðs Rangárþings ytra.

BioKraft vildi taka vindmyllur sínar tvær niður af stöplunum og koma fyrir tveimur nýjum turnum með aflmeiri spöðum sem ná í um 100 metra hæð. Bárust 63 athugasemdir við breytingartillöguna.

Alls bárust 62 athugasemdir frá íbúum. Heilbrigðiseftirlitsins sagði að gera þurfi grein fyrir áhrifum á hljóðvist í nágrenni við myllurnar og að framkvæmdin geti haft áhrif á landnotkun nærliggjandi jarða. – sa

# Lögreglan í höfuðborginni með 4.000 mál til meðferðar

**Yfirmaður ákærusviðs lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu segir gríðarlegt álag á deildina. Mál tóku að hrannast upp í apríl í fyrra. Að meðaltali koma 58 heimilisofbeldismál á borð lögreglunnar í mánuði og hefur þeim fjölgað. Kynferðisbrotamál eru yfirlýstur áherslumálaflokkur og forgangsraðað í þágu þeirra.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það er gríðarlegt álag hérna. Það verður að segjast eins og er. En við reynum bara að afgreiða málin fljótt en líka vel,“ segir Hulda Elsa Björgvinsdóttir, yfirmaður ákærusviðs hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Fjögur þúsund mál eru til meðferðar hjá ákærusviðinu og eru umferðarmálin stærsti brotaflokkurinn. „Flest málin eru frá 2016 en við erum samt með einhver eldri mál líka,“ segir Hulda Elsa og tekur þá fram að einhverjar skýringar séu á að eldri mál hafi ekki verið afgreidd. „Ég hef verið með örfá mál sem eru frá 2014 og oft eru þá skýringarnar þær að verið sé að taka upp rannsókn að nýju. En annars eru þetta flest mál frá 2016.“

Hulda Elsa segir að málin núna séu fleiri en þau eru að jafnaði. Þau séu yfirleitt á bilinu tvö til þrjú þúsund. Málunum hafi fjölgað verulega síðan í apríl. Hulda Elsa segir skýringarnar á fjölguninni ekki liggja fyrir. Þó sé víst að það hafa verið að koma fleiri mál frá hverfisstöðvunum en áður.

Hulda segir að þegar ákærusviðið sé fullmannað eigi að vera þar átján lögfræðingar, en þeir eru núna fjórtán. „Við eigum að vera átján en það hafa verið miklar breytingar á sviðinu af því að það eru breytingar í kerfinu. Um leið og það eru breytingar í kerfinu, þá fer boltinn af stað. Við erum akkúrat í því ferli núna. Þannig losnaði staða hjá ríkissaksóknara og þá losnaði staða hjá héraðssaksóknara.“

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir málum líka vera að fjölga.



Ákærusviði berast fleiri mál en áður. Að jafnaði eru málin 2-3 þúsund en núna um 4 þúsund. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINO

Nefnir hún þar heimilisofbeldismál sérstaklega, en lögreglan fær 58 slík mál á sitt borð í hverjum mánuði. „Það hefur líka fjölgað kynferðisbrotamálum og líkamsárásum,“ segir hún.

Á ráðstefnu í Háskólanum í Reykjavík á föstudaginn sagði Sigríður Björk að verið væri að gera áherslubreytingar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Kynferðisbrot eru nú yfirlýstur áherslumálaflokkur.

> Flest málin eru frá 2016 en við erum samt með einhver eldri mál líka.
>
> Hulda Elsa Björgvinsdóttir, yfirmaður ákærusviðs



Málategundum sem lögreglumenn í deildinni fást við hefur verið fækkað. Áhersla hefur verið lögð á aukna fræðslu til starfsmanna, aðstoðarsaksóknari ráðinn í deildina og lögreglumönnum verið fjölgað.

jonhakon@frettabladid.is






# Verklagi ekki fylgt er verðmæti hurfu

**LÖGREGLUMÁL** Verklagsreglum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um haldlagða muni var ekki fylgt og harmar embættið að verðmæti úr húsleitum vegna Strawberries-rannsóknar hafi horfið.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá lögreglunni eftir umfjöllun Fréttablaðsins í gær. Þar var greint frá því að rannsókn héraðssaksóknara á tveimur kærum, sem eigandi Strawberries lagði fram gegn lögreglu, hefði verið hætt án niðurstöðu. Lögreglan gerði rassíu á skemmtistaðnum 25. október 2013.

„Í framhaldi þeirra aðgerða voru framkvæmdar nokkrar húsleitir aðfaranótt 26. október 2013. Í einni umræddra húsleita voru haldlagðir munir sem síðan hafa ekki fundist. Um er að ræða muni sem merktir voru í munaskrá lögreglu og vísað til með eftirfarandi texta: Ýmsir skartgripir, hringir, Rolex úr, hálskeðjur og bindisnælur. Fannst í svörtu veski í peningaskáp inn í bílskúr,“ segir í yfirlýsingu lögreglu.

> Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu harmar að svo hafi tekist til sem raun ber vitni.
>
> Úr yfirlýsingu embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu


Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Rannsókninni var hætt án niðurstöðu og ljóst að enginn þarf að svara fyrir hið dularfulla hvarf munanna. Forsvarsmenn lögreglunnar segja að þegar ljóst var að verðmætin fyndust ekki þrátt fyrir mikla leit hafi ferli málsins verið skoðað með eins nákvæmum hætti og hægt var.

„Við þá skoðun, sem meðal annars fólst í samtölum við þá sem komu að húsleitinni og haldlagningu munanna, kom í ljós að ekki hafði verið fylgt nákvæmlega verklagsreglum sem gilda um haldlagða muni í vörslu lögreglu og af þeim sökum var ekki hægt að staðfesta hvað hafi orðið um munina.“

Lögreglan segir að ekkert bendi til að um þjófnað hafi verið að ræða. Þó sé ljóst að ekki sé hægt að fullyrða með hvaða hætti munirnir hurfu. „Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu harmar að svo hafi tekist til sem raun ber vitni og í framhaldi framangreindrar skoðunar hefur verið skerpt á því við starfsmenn að farið sé að verklagsreglum hvað varðar haldlagða muni.“ – smj




**Djass og dýrindis steikur**
Það er um auðugan garð að gresja í Kansas City í Missouri-fylki. Borgin er þekkt sem vagga sveifludjassins, fyrir gómsætan grillmat og langa og áhrifamikla sögu.

Í fyrsta sinn í flugsögunni býðst Íslendingum beint flug til þessarar hjartaborgar Miðvesturríkjanna. Flogið verður þrisvar í viku frá og með 25. maí.

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 87010 01/18

## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafnings hreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi**

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Uppbygging baðstaðar, hótels og veitingastaðar við Reykholt í Þjórsárdal.**

Lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem fyrirhugað er að fara í uppbyggingu baðstaðar, hótels og veitingastaðar við Reykholt í Þjórsárdal. Í breytingunni felst að afmarkað er um 13 ha svæði fyrir verslun- og þjónustu, merkt V12, á svæði í nágrenni við núverandi Þjórsárdalslaug þar sem megin hluti uppbyggingar fer fram. Að auki er afmarkað annað svæði fyrir verslun- og þjónustu við gatnamót Þjórsárdalsvegar og aðkomuvegar að Reykholti, merkt V13, þar sem fyrirhugað er að byggja upp aðstöðu fyrir móttöku gesta. Í breytingunni er einnig gert ráð fyrir að gatnamótin færist lítillega til að auka umferðaröryggi. Þá er afmarkað vatnsból og vatnsverndarsvæði við Reykholt. Drög að deiliskipulagi svæðisins er hluti af kynningargögnum málsins.

Áður en aðalskipulagsbreytingin verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn og samþykkt til formlegrar auglýsingar skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga verður hún í kynningu frá 10. til 22. janúar 2018. Verður hægt að nálgast kynningargögn á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16 alla daga. Að auki er hægt að nálgast öll gögn málsins á vefslóðinni http://www.utu.is. Athugasemdir og ábendingar við tillöguna skulu sendar skipulagsfulltrúa og þurfa þær að berast í síðasta lagi 22. janúar. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@utu.is**



**Grundarfjarðarbær**

## Áningastaður við Kirkjufellsfoss

Kirkjufellsfoss hefur orðið til sem sjálfsprottinn ferðamannastaður og hefur fjöldi gesta aukist gífurlega hratt. Staðurinn er orðinn einn vinsælasti áfangastaður og mest myndaðasti ferðamannastaður á Snæfellsnesi. Á síðustu árum hefur aðstaða við fossinn verið bætt, s.s. bílastæði og göngustígar, en sú aðstaða annar ekki þeim fjölda gesta sem kemur á svæðið. Vegna aukinnar umferðar ferðamanna að fossinum er mikilvægt að byggja betri umgjörð um þennan ferðamannastað til framtíðar; umgjörð sem tryggir öryggi vegfarenda, stýrir umferð gesta um svæðið, dregur úr álagi og lágmarkar sjónræn áhrif umhverfis fossinn. Grundarfjarðarbær áformar því að vinna deiliskipulag fyrir áfangastaðinn við Kirkjufellsfoss og nánasta umhverfi, í samvinnu við landeigendur.

Í verkefnislýsingu sem nú er kynnt óskar bæjarstjórn eftir viðbrögðum vegna mótunar og þróunar áningarstaðarins. Bæjarstjórn hvetur því íbúa og aðra áhugasama til að kynna sér þá vinnu sem er að hefjast og koma á framfæri hugmyndum og ábendingum sem nýst gætu við skipulagsvinnuna og síðar frekari þróun og kynningu staðarins. Verkefnislýsinguna má nálgast á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar og á vef bæjarins www.grundarfjordur.is

Í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn á fundi þann 14. desember. 2017, að auglýsa lýsingu vegna deiliskipulags við Kirkjufellsfoss.

Athugasemdir og ábendingar berist skriflega á netfangið grundarfjordur@grundarfjordur.is
eða með pósti merkt: Grundarfjarðarbær, Deiliskipulag, Borgarbraut 16, 350 Grundarfjörður **fyrir 1. febrúar 2018**

***Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar***


## Kennarar án launa



**Þrátt fyrir stríðið í Jemen eru um það bil 90 prósent skóla í landinu enn starfandi. Þessa skóla sækja um 4,5 milljónir námsmanna. Skólarnir eru þó aðeins opnir tvær klukkustundir á dag því um 300 þúsund kennarar og annað starfsfólk skólakerfisins er í verkfalli enda hafa þeir ekki fengið laun í meira en eitt ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Deilan um vinnubúðir álversins fer fyrir dóm

**Alcoa Fjarðaál hefur stefnt Stracta Konstruktion sem keypti gömlu vinnubúðirnar á Reyðarfirði árið 2012. Ætla að gagnstefna álverinu og krefjast 128 milljóna auk virðisaukaskatts. Fjarðaál setti vegartálma en er ekki búið að selja.**

**IÐNAÐUR** Alcoa Fjarðaál á Reyðarfirði hefur stefnt og krefst lóðarleigu frá Stracta Konstruktion sem keypti gömlu vinnubúðirnar sem reistar voru á byggingartíma álversins. Eigandi Stracta ætlar að gagnstefna Fjarðaáli ef fyrirtækið greiðir ekki 128 milljónir króna og virðisaukaskatt sem hann segir álverið hafa skapað sér með vegartálmum á lóðinni.

Íslenska einkahlutafélagið Stracta Konstruktion keypti vinnubúðirnar eða um 690 hús á 200 milljónir króna árið 2012. Þar bjuggu um tvö þúsund manns á byggingartíma álversins. Stracta hefur selt byggingarnar í hótel og sem vinnubúðir og skólastofur en um 150 hús eru enn eftir á lóðinni. Hreiðar Hermannsson, framkvæmdastjóri Stracta og einn eigenda félagsins, hefur sagt að fyrrverandi starfsmaður Fjarðabyggðar hafi árið 2012 spillt fyrir og tafið sölu á hluta húsanna. Í maí í fyrra hafi hann svo ætlað að sækja húsin sem eftir eru en þá hafi Fjarðaál komið fyrir vegartálmum.

„Ég var búinn að selja sum húsin og þurfti að endurgreiða þau, var með tilboð í önnur og lenti í stórtjóni út af þessu. Við munum gagnstefna og skuldum þeim ekki neitt. Þeir tóku að sér að greiða einhver stöðugjöld til Fjarðabyggðar sem þeim var kunnugt um að ég átti ekki að greiða því með framferði byggingarfulltrúa þar þá seldist ekkert af svæðinu í tvö ár vegna óhróðurs sem hún dreifði um gæði húsanna. Þannig fórum við yfir á tíma á geymslusvæðinu og neituðum að borga gjaldið því Fjarðabyggð olli þessu,“ segir Hreiðar.

„Þau hús sem ekki var búið að selja átti flutningafyrirtækið Fljótavík að flytja til Orrustustaða í Skaftárhreppi sem átti að selja til uppbyggingar hótels Stracta. Þar við situr og nú munum við stefna þeim til greiðslu á 128 milljónum auk virðisaukaskatts og kostnaðar.“

Álverið hefur þurft að greiða stöðugjöld af vinnuþorpinu til sveitarfélagsins og rift kaupsamningnum. Dagmar Ýr Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa Fjarðaáls, segist ekki geta tjáð sig um málið að öðru leyti en að staðfesta að krafan sé vegna lóðarleigu og að vinnubúðirnar séu ekki enn seldar.

**haraldur@frettabladid.is**



**Vinnubúðirnar á Reyðarfirði voru tvö þúsund manna þorp.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Við munum gagnstefna og skuldum þeim ekki neitt.**



Hreiðar Hermannsson, framkvæmdastjóri Stracta


Er heppni meðfædd?
100
MILLJÓNIR
Í VINNINGA
DRÖGUM Í DAG
Fjölgum heppnum Íslendingum!
Tryggðu þér miða strax á hhi.is
REKTOR
Við greiðum út rúmlega 100 milljónir til fjölda heppinna Íslendinga í fyrsta útdrætti ársins. Tryggðu þér miða strax í dag.
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Varmadælur & loftkæling
Kælitækni
• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.
Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land
Midea It's your Idea

HITACHI SKJÁVARPAR Í MIKLU ÚRVALI
OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS
EXTON Ljós - Hljóð - Mynd

Tækniþróunar-sjóður
Styrkir til nýsköpunar
Umsóknarfrestur til 15. febrúar 2018
Tækniþróunarsjóður styrkir nýsköpunarverkefni sem geta aukið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
Nánari upplýsingar eru á tths.is
Tækniþróunarsjóður
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
rannís www.rannis.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT


Sendinefnd N-Kóreu heldur hér til fundar við S-Kóreumenn í gær í landamærabænum Panmun. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# N-kóreskir íþróttamenn á vetrarólympíuleikana

**Þíða er komin í samskipti Norður- og Suður-Kóreu. Norður-Kóreumenn fá að keppa á listskautum á vetrarólympíuleikunum í Suður-Kóreu. Beint símasamband verður tekið upp á ný milli ríkjanna en það hefur legið niðri í nær tvö ár.**

**N-OG S-KÓREA** Beint símasamband verður á ný milli Suður-Kóreu og Norður-Kóreu. Þetta hefur suðurkóreska fréttastofan Yonhap eftir heimildarmanni innan stjórnarinnar í Suður-Kóreu. Frá þessu var greint eftir að tilkynnt var að Norður-Kórea myndi senda íþróttamenn, hátt setta embættismenn og stuðningsmenn á vetrarólympíuleikana í Pyeongchang í Suður-Kóreu núna í febrúar.

Norður-Kórea lokaði símalínunni milli ríkjanna fyrir nær tveimur árum til að mótmæla því að þáverandi forseti Suður-Kóreu, Park Geun-hye, dró land sitt út úr sameiginlegum iðnaðarframkvæmdum í Kaesong í Norður-Kóreu. Það var vegna tilrauna Norður-Kóreu með kjarnorkuvopn.

Fréttastofan Yonhap fullyrðir jafnframt að opnun símalínunnar, sem áður var notuð til að ræma flutninga um landamærin til iðnaðarsvæðisins Kaesong, kunni að þýða að Norður-Kórea búi sig undir að senda fulltrúa sína á vetrarólympíuleikana landleiðina.


Kim Jong-un er mikill áhugamaður um íþróttir.

Fréttaskýrendur segja að samkomulagið um samvinnu í tengslum við Ólympíuleikana geti styrkt stjórnir beggja Kóreuríkjanna. Því fylgi hins vegar einnig áhætta á vettvangi stjórnmálanna.

Með samkomulaginu takist Suður-Kóreu að draga úr spennunni sem ríkir milli ríkjanna en samtímis reyni Suður-Kórea væntanlega að fá nágranna sinn í norðri til að ræða útrýmingu kjarnavopna.

Sérfræðingar í málefnum Norður-Kóreu segja það ekki koma á óvart að yfirvöld þar vilji taka þátt í vetrarólympíuleikunum. Búist hafi verið við því að málið yrði tekið upp rétt fyrir leikana þar sem leiðtogi landsins, Kim Jong-un sé mikill áhugamaður um íþróttir. Faðir Kim Jong-un er sagður hafa verið mikill kvikmyndaáhugamaður en sjálfur hefur hann lagt áherslu á að efla íþróttaáhuga landsmanna.

Frá því að hann komst til valda 2011 hefur hann varið meira fé í íþróttir en flest annað. Meðal annars þess vegna geta tveir Norður-Kóreumenn tekið þátt í vetrarólympíuleikunum, það er í listhlaupi á skautum.

Hlé á deilunum milli ríkjanna er jafnframt sagt koma sér vel fyrir Norður-Kóreu núna. Mikilvægt sé fyrir yfirvöld þar að finna leiðir til að mýkja viðhorf alþjóðasamfélagsins því að búast megi við að refsiaðgerðir Sameinuðu þjóðanna komi til með að bitna hart á Norður-Kóreu. ibs@frettabladid.is

# Prestur kennir kollegum að vopnast

**BANDARÍKIN** „Sjáið hvað ég geri. Ég skýt undir kirkjubekkina.“ Þetta hrópar baptistapresturinn Barry Young, sem ferðast vítt og breitt um Bandaríkin og heldur námskeið í öryggismálum um leið og hann boðar guðs orð.

Söfnuðurinn í litlili timburkirkju úti á landsbyggðinni í Suður-Dakóta hafði boðið Young að halda tveggja daga námskeið í því hvernig best er að verja kirkjur gegn árásum. Um 80 prestar komu til að hlýða á Young sem lét eins og hann héldi á byssu, að því er kom fram í heimildarþætti danska ríkisútvarpsins.

Vopnavæðing í bandarískum guðshúsum er ekki ný af nálinni. Eftir fjölda árása á bænahús gyðinga, moskur og hof veitti Barack Obama, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, skattfé til trúfélaga til að þau gætu varið sig. Síðastliðið haust tilkynnti stjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta að veita ætti enn meira fé í þessu skyni.

Haft er eftir Barry Young að í fyrstu hafi fjöldi presta verið mótfallinn því að vopnast. Nú horfist þeir hins vegar í augu við raunveruleikann.


Greg Abbott, ríkisstjóri í Texas, faðmar íbúa eftir skotárásina á kirkju í Sutherland Springs. NORDICPHOTOS/AFP

Í kjölfar skotárásarinnar í kirkju í Sutherland Springs í Texas í fyrra, þar sem á þriðja tug manns lét lífið, og í kjölfar annarra skotárása hafa starfsmenn baptistaprestsins verið önnum kafnir við námskeiðahald. Young kennir á milli 70 og 500 manns um hverja helgi og hann er bókaður langt fram á þetta ár. Önnur öryggisfyrirtæki hafa sömu sögu að segja. – ibs



„Það er mjög mikil eftirspurn eftir konum í upplýsingatækni á Íslandi og námið hjá Promennt gaf mér tækifæri til að skipta um starfsvettvang. Tenging Promennt við atvinnulífið skilaði mér þremur atvinnuviðtölum og starfi áður en ég kláraði námið.

**Linda Dögg Guðmundsdóttir,**
**Framabraut-Kerfisstjórnun.**

# GERÐU ÞIG AÐ **VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

– með tækninámi hjá Promennt

FRÆÐSLUSKÝIÐ • STAÐKENNSLA • FJARKENNSLA Í BEINNI • LÁNSHÆFT NÁM

GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR

## FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. **Mjög margir nemendur okkar hafa hafið störf á nýjum vettvangi eftir námið.**

**VIÐFANGSEFNI**

Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA • MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar*

**STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM**

Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

**ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR**

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

**ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU**

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

**STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ – STARFSNÁM**

Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Microsoft, Nýherja, Opin kerfi, Advania og Sensa. Nemendum gefst kostur á að fara í starfsnám tvisvar sinnum á námstímanum.

Hefst: **22. og 23. janúar 2018** • Lýkur: **Júní 2019**
*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

## NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

TÆKNINÁM
fimmtudaginn
**11. janúar kl. 17:30**

## AÐRAR LÁNSHÆFAR NÁMSBRAUTIR TÆKNINÁMS

Netstjórnun – CCNA
Hefst: **29. og 30. janúar**

Kerfisstjórnun: MCSA+O365
Hefst: **22. og 23. janúar**

**AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?**

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og óyfirséðar verðbreytingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 174994

# List við hæfi



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Hin árlegi listamannalaunaskjálfti gekk yfir síðastliðinn föstudag en virðist þó hafa verið öllu veikari en oft áður. Það er vonandi að meiri sátt ríki um það en áður að við sem samfélag fjárfestum í listum og menningu með því að greiða fólki laun fyrir að sinna sköpun. Auðvitað eru ekki allir sáttir við hver fékk eitthvað og hver ekkert en það getur ekki talist eftirsóknarvert að hlutast til um slíkt.

Margar listgreinar eru undir sem allar þurfa að leitast við að sinna breiðum hópi listunnenda, ekki síst með tilliti til aldurs og þroska, því ef þessi þjóð vill eiga snjallar og skapandi kynslóðir þurfa þær næringu. Yngri kynslóðir þurfa jafnvel öðrum fremur listræna næringu við hæfi, hvatningu og fyrirmyndir. svo upp vaxi skapandi og framsæknir einstaklingar. Það er því umhugsunarefni hvort ekki megi huga betur og með markvissari hætti að því að tryggja unga fólkinu íslenska listsköpun. List sem er sköpuð fyrir það og tekur mið af veruleika þess og lífi.

Ef horft er til þeirra ágætu listamanna sem fengu úthlutuð listamannalaun í ár, eða hafa notið launanna á síðustu árum, þá leynir sér ekki að framlög til þeirra sem skapa list handa börnum og unglingum eru ekki í samræmi við mannfjölda þeirra kynslóða. Á Íslandi í dag eru um 70.000 börn og unglingar á aldrinum 0 til 18 ára en engu að síður nýtur listsköpun handa þessum kynslóðum hlutfallslega margfalt minni stuðnings af hálfu hins opinbera. Það þýðir að þeir listamenn sem leggja í þá vegferð að skapa fyrir börn og unglinga eiga mun takmarkaðri afkomumöguleika, og að auki er alla jafna uppi sú krafa í samfélaginu að það sé ekki of dýrt að leyfa unga fólkinu að njóta lista.

Barna- og unglingabókmenntir eru oftar en ekki í forgrunni þessarar umræðu og það er vel skiljanlegt í ljósi margítrekaðs mikilvægis þeirra fyrir málfærni, menntunarmöguleika, siðferðislegan þroska og þannig mætti áfram telja. Hlutur höfunda sem skrifa fyrir þennan hóp er ekki í nokkru samræmi við þetta en bókmenntunum til varnar þá verður að segjast að staðan er síst betri í öðrum listgreinum. Lestur, eins góður og mikilvægur hann er, hentar nefnilega ekki öllum. Það er líka mikilvægt að sinna þeim ungmennum sem hentar betur að njóta, læra og þroskast með t.d. myndlist, leiklist, tónlist eða dans í forgrunni.

Það hefur margsinnis verið sýnt fram á mikilvægi listsköpunar fyrir samfélagið og þá verðmætasköpun sem hún leiðir af sér. Að auka við hlut listsköpunar fyrir börn og unglinga má því alls ekki gerast á kostnað þess sem þegar er sett í þennan málaflokk heldur þarf að hugsa þetta sem viðbót. Hugsa um það sem langtímafjárfestingu í þeim mannauði sem er að finna í yngstu kynslóðunum að bjóða þeim upp á list sem hæfir aldri þeirra, þroska og áhugasviði. Ef vel tekst til munum við njóta þess að hér vaxi úr grasi sem aldrei fyrr hæfileikafólk sem sigrað getur heiminn með sögum, söng, myndum og leik.

**Hugsa um það sem langtímafjárfestingu í þeim mannauði sem er að finna í yngstu kynslóðunum að bjóða þeim upp á list sem hæfir aldri þeirra, þroska og áhugasviði.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Nátthrafn gerist farfugl**

**Útvarpsmaðurinn ástsæli Guðni Már Henningsson, umsjónarmaður Næturvaktarinnar á Rás 2 í áraraðir, hefur ákveðið að flytja til Spánar. Hann ætlar því að selja innbú sitt og hefur boðað til bílskúrssölu að heimili sínu í Vogum á Vatnsleysuströnd um helgina. Þar ætlar hann að selja málverk eftir sjálfan sig, skrautmuni, eldhúsáhöld, bækur og síðast en ekki síst geisladiska. Og þar er ekki komið að tómum kofunum þar sem hann liggur á 5.000 diskum, mörgum hverjum ófáanlegum.**

**Hlustendur í uppnámi**

**Guðni Már hefur staðið vaktina á Rás 2 frá klukkan 22 til 02 eftir miðnætti. Hann hefur verið iðinn við að taka við símtölum hlustenda sem margir kveðja hann með tárum á Facebook þessa dagana. Trélistakonan Sólveig Vagna á Þingeyri er ákafasti aðdáandi hans en henni tókst að beygja RÚV 2014 og koma í veg fyrir að Næturvaktin yrði tekin af dagskrá. Hún segist munu sjá mikið eftir honum en telur sér þó ekki fært að setja hann í farbann þótt síðasta herferð hennar hafi lukkast. Hún treystir hins vegar á að hann muni ekki endast lengi á Spáni og muni snúa aftur heim.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Árangur af heilbrigðiskerfi



Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra

Hvernig á að meta árangur af heilbrigðiskerfi? Mér hefur orðið það ljóst á mínum fyrstu dögum í embætti að hugsanlegir mælikvarðar eru fjölmargir og enginn hafinn yfir vafa. Engu að síður er ljóst að mikilvægt er að við séum sem mest sammála um það hvaða mælikvarða skuli leggja til grundvallar í því mati.

Aukin útgjöld úr ríkissjóði til kerfisins duga ekki ein og sér sem mælikvarði heldur eru þeir miklu fleiri og margþættari. Í samanburði OECD-ríkja kemur fram að langmest fjármagn rennur til heilbrigðiskerfisins í Bandaríkjunum en þar ríkir jafnframt mikill ójöfnuður og stór hluti þjóðarinnar hefur tæpast aðgang að heilbrigðisþjónustu.

Mælikvarðar sem má líta til eru til að mynda mælikvarðar sem taka á gæðum þjónustunnar, árangri hennar, samsetningu starfsfólksins, aðstæðum þess, kjörum og möguleikum til starfsþróunar. Málefni sem lúta að mönnun heilbrigðiskerfisins á Íslandi eru kannski þau sem oftast eru nefnd þegar áskoranir eru ræddar til framtíðar. Einnig má nefna stöðuna að því er varðar aðgengi að þjónustu, þ.e. jafnræði að því er varðar búsetu.

Mér er þó efst í huga einmitt núna sú þróun í íslenska heilbrigðiskerfinu sem hefur aldrei verið tekin ein stór ákvörðun um. Það er sú staðreynd að það hefur orðið ákveðin gliðnun á milli opinbera kerfisins annars vegar og hins vegar eins og sjálfkrafa flæðis út úr ríkissjóði í tiltekna stóra þætti kerfisins án þess að um það hafi beinlínis verið tekin ákvörðun. Það eru tilteknar minni ákvarðanir á undanförnum árum og áratugum sem hafa leitt okkur í þær áttir.

Kjarni málsins er sá að nú stendur vilji stjórnvalda til þess að snúa vörn í sókn í þágu opinbera kerfisins. Við viljum styrkja innviði þess með jöfnuð að leiðarljósi. Það er mín von að við getum, í nýrri heilbrigðisstefnu, sett saman skýra framtíðarsýn í þessum mikilvæga málaflokki til lengri framtíðar og fengið slíka sýn rædda og samþykkta á Alþingi áður en langt um líður.

**Kjarni málsins er sá að nú stendur vilji stjórnvalda til þess að snúa vörn í sókn í þágu opinbera kerfisins.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Tilkynning frá vitamálastjóra, engin tilkynning frá vitamálastjóra í dag



Kári Stefánsson
forstjóri
Íslenskrar
erfðagreiningar

Opið bréf til forsætisráðherra

Katrín, ég er enn þeirrar skoðunar að útkoman úr alþingiskosningunum í haust hafi verið á þá lund að það væri í mestu samræmi við hugmyndir um lýðræði að úr yrði ríkisstjórn sem teygði sig jafnt til hægri sem vinstri. Slík ríkisstjórn er ekki endilega í miklu samræmi við stjórnmálaskoðanir mínar, né er það ríkisstjórn sem ég hefði valið ef mér væri sama um lýðræðið og hefði vald til valsins. Nú fengum við þess konar ríkisstjórn, sitjum uppi með Vinstri græna, Framsókn og Sjálfstæðisflokk í Stjórnarráðinu. Það hefði verið í meira samræmi við lýðræðisspekúlasjónirnar að forsætisráðherra hefði verið úr Framsóknarflokknum, en þú, Katrín Jakobsdóttir úr Vinstri grænum, ferð hins vegar fyrir hópnum sem staðsetur veruleikann nær draumsýn minni en lýðræðinu. Það sem er hættulegast við drauma er að stundum rætast þeir og þá endar maður gjarnan á því að spyrja sjálfan sig: Hvað í ósköpunum var ég að hugsa?

Ég hafði reiknað með því að þú yrðir málsvari þeirra sem minnst mega sín í íslensku samfélagi og þess vegna gladdist ég yfir því að þú varðst forsætisráðherra. Ég er líka viss um að þú vildir verða málsvari þeirra sem minnst mega sín. En nú er ég farinn að velta því fyrir mér hvort það sé komin ástæða fyrir mig til þess að spyrja hvers vegna, og kannski þú sért farin að velta því fyrir þér líka.

Það fyrsta sem heyrðist frá þér eftir að þú tókst við embætti var að það ætti að fella niður virðisaukaskatt af bókum og tónlist. Þeir sem minnst mega sín í íslensku samfélagi kaupa hvorki bækur né tónlist. Í þeirra augum lítur þetta sjálfsagt svipað út og þegar Dagur lét mála myndir eftir Erró á blokkir uppi í Efra-Breiðholti. Þetta er greiði við menn eins og mig. Þetta er greiði við mennta- og listaelítuna. Þetta er greiði við fólk sem er með annan smekk og aðrar þarfir en þeir sem minnst mega sín. Ég er persónulega feginn því að hlúð sé að bókmenntum og tónlist með því að fella niður virðisaukaskatt á afurðir þeirra og ég er hrifinn af Erró. En þetta hefur ekkert með þá að gera sem minnst mega sín í samfélaginu. Þeir hefðu fagnað niðurfellingu á virðisaukaskatti á mjólk og fiski þannig að þeir hefðu efni á því að fæða börn sín á öðru en pitsum og hamborgurum.

Það næsta sem heyrðist frá þér var af fundi um umhverfismál í París þar sem þú hést því að við Íslendingar myndum ná utan um kolefnisvandann löngu á undan nágrönnum okkar. Ég er montinn af því háleita markmiði sem þú setur okkur. Kolefnisvandinn vegur hins vegar að möguleikum mannsins til þess að lifa á þessum hnetti í framtíð sem er þó nokkuð í burtu frá okkur. Þeir sem minnst mega sín í okkar samfélagi eru að berjast við að framfleyta sér út mánuðinn.

Svo komu fjárlögin þar sem átta hundruð milljónum var bætt við Háskóla Íslands en engin vísbending um að það eigi að hlúa betur að leikskólum og grunnskólum landsins. Ég er býsna ánægður með að stuðningurinn við Háskólann sé aukinn en hann er sá skóli þar sem hlutfall afkvæma þeirra sem vel standa í íslensku samfélagi er hæst og þeirra sem verst standa er lægst. Leikskólar og grunnskólar eru þeir staðir í skólakerfinu þar sem hægt væri að leggja mikið af mörkum til þess að jafna þau tækifæri sem börn hafa án tillits til fjölskylduaðstæðna. Það búa í það minnsta 6.000 börn á Íslandi undir fátæktarmörkum og það væri gleðilegt ef við hefðum það á tilfinningunni að það væri efst á forgangslista formanns Vinstri grænna að vinna að því að þau fái betri tækifæri í lífinu en bíða þeirra núna.

Mér hafa alltaf fundist skrýtnar röksemdirnar fyrir því að ég, auðkýfingurinn, borgi miklu minni skatt af tekjum sem ég hef af eignum mínum en konurnar sem þrífa skrifstofuna mína borga af tekjum sem þær afla í sveita síns andlits. Með fjárlögunum var fjármagnstekjuskattur hækkaður úr 20% upp í 22%. Það eru góðar fréttir í mín eyru að fjármagnstekjuskattur sé hækkaður en tvö prósent eru einhvers staðar milli þess að vera skammarlega og hlægilega lítið. Þegar ég sá þetta var það fyrsta sem mér datt í hug að þarna hefðir þú, Katrín, látið í minni pokann fyrir félögum þínum í samsteypustjórn og það er í eðli samsteypustjórnar af þeirri gerð sem ég hafði vonast eftir og við höfum í dag að stundum láti menn í minni pokann þegar þeir berjast fyrir góðum málum. En svo kom nýársávarpið þitt sem var býsna gott fyrir utan þessa vesaldarlegu yfirlýsingu sem bendir til þess að þú hafir glatað einhverjum hluta af eðlilegri jarðtengingu:

„Þegar glímt er við ójöfnuð er mikilvægt að líta til þess hvar ójöfnuðurinn er mestur en á Íslandi er það í eignatekjum. Þess vegna er hækkun fjármagnstekjuskatts sem samþykkt var nú fyrir áramót leið til að gera skattbyrðina réttlátari og auka jöfnuð.“

Tvö prósentin eru langt innan skekkjumarka í áætlun tekna af fjármagnstekjuskatti og leggja því ekkert af mörkum til þess að gera byrðina réttlátari í áætlunum fyrir 2018. Ef þessi yfirlýsing hefði komið frá vitamálastjóra í stað forsætisráðherra hefði hún hljómað svona: Tilkynning frá vitamálstjóra, engin tilkynning frá vitamálastjóra í dag.

Það kórónaði svo klaufaskapinn í þér þegar þú settir á laggirnar í síðustu viku vinnuhóp til þess að stuðla að trausti í stjórnmálum. Það bendir til þess að þú hafir ekki bara glatað jarðtengingu heldur tengingu við Vetrarbrautina alla. Þjóðin kaus sér fyrir skömmu hóp sem hún vonast til þess að auki traust hennar á stjórnmálum. Sá hópur heitir Alþingi. Enginn annar hópur er þess umkominn að hafa áhrif á afstöðu þjóðarinnar til stjórnmálanna.

Það er greinilega erfitt starf og flókið að vera forsætisráðherra og enn erfiðara að vera forsætisráðherra og maður sjálfur á sama augnablikinu. Katrín, ég er einn af aðdáendum þínum og ef það var einhver vafi á því í mínum huga hvarf hann þegar þú rúllaðir mér upp á málþingi SÁÁ í sumar eins og notaðri, gólftusku, illa lyktandi. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að þú vilt vera málsvari lítilmagnans og vilt hlúa að honum, en á þessum fyrstu vikum þínum sem forsætisráðherra hefurðu hvorki verið né gert þetta.

Hvernig skyldi standa á því? Það reynist ykkur stjórnmálamönnum gjarnan auðveldara að þjóna þeim sem kjósa ykkur heldur en þeim sem þurfa raunverulega á ykkur að halda. Kjósendur Vinstri grænna eru menntaelítan í landinu og menntaelítan eins og peningaelítan er gráðug og tekur til sín það sem ætti að tilheyra öðrum. Það er ekki nóg að vera Vinstri grænn og segjast vilja hlúa að þeim sem minna mega sín og hlúa svo bara að öðrum sem segjast vilja hlúa að þeim sem minna mega sín en gera það ekki.

Ég sagði að það hlyti að vera erfitt að vera forsætisráðherra og maður sjálfur á sama augnablikinu. En allt er hægt. Á gamlárskvöld kom stór hópur afkomenda í heimsókn til okkar Völu og þar á meðal önnur Katrín, sonardóttir okkar þrettán ára. Hún þykir lágvaxin í okkar fjölskyldu og nett, undir fjörutíu kílóum að þyngd. Hún kom inn á skrifstofuna mína og sá þar fyrir tvær kúabjöllur, hvor um sig þrjátíu og tvö kíló og beygði sig niður og tók þær upp eins og þær væru helíumblöðrur. Ég hef aldrei orðið vitni að öðrum eins styrk í svo litlum líkama. Hún er fimleikakona og æfir mikið. Þar sem ég horfði á hana datt mér hug að kannski væri eina bótin sem vantaði í íslenska stjórnarskrá ákvæði um að sá sem vildi vera forsætisráðherra lýðveldisins yrði að æfa fimleika í Gróttu tuttugu og fjóra tíma í viku. Það ætti að duga.



TEIKNING: INGA MARÍA BRYNJARSDÓTTIR




Hraðatilboð Nova!
Ekki vera risaeðla, vertu á hraðasta farsímanetinu og með hraðasta ljósleiðarann
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is
Based on Ookla's analysis of Speedtest Intelligence data from Q3–Q4 2017. Ookla trademarks used under license and reprinted with permission.

SPEEDTEST® AWARDS
• • •
HRAÐASTA FARSÍMANETIÐ Á ÍSLANDI
• • •
Q3-Q4 2017

# Farsími
# 18 GB
# 2.990 kr.

**Ótakmörkuð símtöl og SMS fylgja!**

Tilboðið gildir sem mánaðarleg áfylling í frelsi.
**Áskrift: 3.990 kr.** og kæró og krakkatilboð fylgja.

Skráðu þig fyrir **18. janúar**

SPEEDTEST® AWARDS
• • •
HRAÐASTA INTERNETIÐ Á ÍSLANDI
• • •
Q3-Q4 2017

# Ljósleiðari
# 1800 GB
# 5.990 kr.

| | |
|---|---|
| Gagnaveitan | 2.999 kr. |
| Leiga á beini | 790 kr. |
| **Samtals** | **9.779 kr.** |

Skráðu þig fyrir **18. janúar**

Í tilefni af viðurkenningunni hraðasta farsímanetið og hraðasti ljósleiðarinn á Íslandi bjóðum við mögnuð hraðatilboð.

Þú færð tilboðin á Nova.is og í verslunum Nova.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

# Fótbrotnaði illla við að safna jólatrjám fyrir bæjarfélagið sitt

**Elvar Ásgeirsson, leikmaður Aftureldingar í handbolta, mun trúlega ekki spila meira í vetur en hann fótbrotnaði þegar hann rann í hálku við að safna jólatrjám fyrir Mosfellsbæ, sem er árleg fjáröflun handboltadeildarinnar. Hann heyrði löppina brotna þegar hann lenti. Fór í aðgerð á mánudag sem heppnaðist vel.**

**HANDBOLTI** „Ef maður horfir á stóru myndina þá eru 12 vikur ekki langur tími en akkúrat núna, þegar ég ligg uppi í sófa, þá er ég auðvitað hundfúll,“ segir Elvar Ásgeirsson, leikmaður Aftureldingar í handbolta, en hann varð fyrir því óláni að fótbrotna í árlegri fjáröflun deildarinnar, að safna saman jólatrjám Mosfellinga. Litlar líkur eru á því að Elvar nái að klína á sig harpixi það sem eftir er tímabilsins en hann er þó ekki alveg búinn að gefa upp alla von. „Eins og staðan er í dag er ég ekki að horfa á þetta tímabil en ef liðsfélagar mínir fara alla leið þá er Íslandsmótið að klárast um miðjan maí.“

Elvar fór í aðgerð á mánudag sem heppnaðist vel enda þótt brotið hafi verið ljótt var það hreint og ökklinn slapp. Þeir sem hafa séð um hann segja að ef hann passi sig eigi beinið að gróa vel og verða jafn sterkt á ný – sem hann segir að sé ákveðinn léttir.

„Það var flughált þegar við vorum að tína upp trén og ég var í smá halla og ætlaði að láta mig renna á báðum fótum að bílnum sem við vorum á og stoppa mig þannig af. Ég rann löturhægt áfram en missti skyndilega fótanna og fann að ég var að detta á hnakkann. Ég ætlaði eitthvað að reyna að bjarga mér og setja vinstri löppina undir mig en hún krumpast og beyglast og ég dett á hana þannig að ég heyri hana brotna.“

Meiðsli Elvars eru mikið áfall fyrir lið Aftureldingar en Elvar er algjör lykilleikmaður í liðinu og er næstmarkahæsti leikmaður liðsins á þessu tímabili með 69 mörk í 13 leikjum. „Ég var að spila vel í desember fannst mér. En þetta er eitthvað sem gerðist og nú þarf ég að vera sterkur andlega. Ég er ekkert kornungur en ég á langan feril fyrir höndum,“ segir hann.

Þótt áfallið sé stórt sér Elvar ljós í myrkrinu og horfir meðal annars til landsliðsmarkvarðarins í fótbolta, Hannesar Halldórssonar, sem meiddist skömmu fyrir Evrópumótið en kom til baka sterkari en áður. „Ég tek Hannes klárlega mér til fyrirmyndar og ætla að mæta bæði helskafinn og tilbúinn um leið og ég get.“

**benediktboas@365.is**



Elvar Ásgeirsson ber sig vel þrátt fyrir að tímabilinu sé að öllum líkindum lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Hannes Þór Halldórsson meiddist skömmu fyrir EM og lítur Elvar á hann sem fyrirmynd.**

**Tölur Elvars í vetur**

| | |
|---|---|
| Leikir | 13 |
| Mörk | 69 |
| Gul | 3 |
| 2 mín. | 11 |
| Rauð | 2 |

> Ég ætlaði eitthvað að reyna að bjarga mér og setja vinstri löppina undir mig en hún krumpast og beyglast og ég dett á hana þannig að ég heyri hana brotna.
>
> Elvar Ásgeirsson

# Finnst Holgate sleppa of auðveldlega frá sínum hlut

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Englands er enn að fara yfir málsatvik í máli Mason Holgate og Roberto Firmino í bikarslag Liverpool og Everton. Holgate henti þá Brassanum upp í stúku sem brást ókvæða við og sagði eitthvað sem Holgate mislíkaði. Breskir fjölmiðlar hafa bent á að ef Firmino var með kynþáttaníð þá muni hann fá átta leikja bann hið minnsta. Bobby Madley dómari var alveg ofan í atvikinu en lét það afskiptalaust. Liverpool fékk bara innkast, sem kom mörgum á óvart.

Martin Samuel, íþróttafréttaritari fyrir Daily Mail, veltir upp þeirri spurningu hvað hefði gerst ef Firmino hefði hálsbrotnað við hrindingu Holgates. Hvaða refsingu væri Holgate að fá þá?

Samuel bendir á í pistli sínum að enska knattspyrnusambandið sé af einhverjum ástæðum hrætt við að taka á ofbeldi leikmanna inni á vellinum. Bendir hann á að Roy Keane fékk á sínum tíma fimm leikja bann fyrir að viðurkenna í bók sinni að hafa ætlað að fótbrjóta Alf Inge Håland en aðeins þriggja leikja bann fyrir brotið sjálft. Samuel vill meina að þáttur Holgates sé mun stærri og eigi að hafa afleiðingar. Hann ýtti Firmino á fullri ferð yfir auglýsingaskiltin og hafði ekki hugmynd um hvað myndi gerast. Firmino hefði vel geta hálsbrotnað.

Þá bendir hann á að þótt Firmino muni fá langt bann, þá geti hann prísað sig sælan að hafa ekki stórslasast. – **bb**



**Mason Holgate varð mjög heitt í hamsi eftir að Firmino sagði eitthvað við hann. Enska knattspyrnusambandið skoðar enn málið.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Á leið í fangelsi fyrir að „daba“

Leikmaður Al Nojoom í Sádi-Arabíu gæti verið á leið í fangelsi þar í landi eftir að hafa fagnað marki með því að „daba“ (stinga nefinu í aðra olnbogabótina og teygja hinn handlegginn í gagnstæða átt). Hreyfingin, sem Paul Pogba leikmaður Manchester United, gerði svo vinsæla á sínum tíma er talin tengjast eiturlyfjum og gengjamenningu í Sádi-Arabíu og er því bönnuð.



Leikurinn var sýndur beint í Sádi-Arabíu og var leikmaðurinn á varamannabekknum þegar lið hans skoraði. Spratt hann sigurreifur upp af bekknum og hlóð í hreyfinguna við litla hrifningu lýsandans. Samfélagsmiðlar loguðu í kjölfarið og hafa margir málsmetandi menn í landinu kallað eftir fangelsisvist.



**Stuðningur Íslendinga við landsliðið í fótbolta vakti heimsathygli.**

## Tólfan vill stuðning frá KSÍ

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, kynnti stjórn sambandsins á síðasta fundi stjórnar KSÍ erindi frá Tólfunni vegna Heimsmeistarakeppninnar í Rússlandi í sumar.

Tólfan hefur óskað eftir fjárstuðningi frá KSÍ vegna mótsins en stuðningur almennings vakti heimsathygli á Evrópumótinu þar sem „húið“ margfræga sló í gegn. Stjórnin ákvað að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar sem var haldinn í gærkvöldi og var niðurstaða ekki komin þegar Fréttablaðið fór í prentun.

## Veigar heim í Garðabæ

Veigar Páll Gunnarsson hefur lagt knattspyrnuskóna á hilluna og er orðinn aðstoðarmaður Rúnars Páls Sigmundssonar ásamt Jóni Þór Haukssyni, sem stýrði áður ÍA eftir að Gunnlaugur Jónsson var látinn taka pokann sinn.

Á sama tíma hvarf Davíð Snorri Jónasson til starfa hjá KSÍ en hann tekur að sér þjálfun U-17 ára landsliðs Íslands. Rúnar þurfti því að fá sér nýja aðstoðarmenn en Brynjar Björn Gunnarsson var ráðinn þjálfari HK.

Veigar er uppalinn í Garðabæ og vakti snemma athygli fyrir fótafimi sína. Hann varð Íslandsmeistari með félaginu árið 2014 en áður hafði hann lyft Íslandsmeistarabikarnum með KR. Þá varð hann norskur meistari með Stabæk. Hann lék 34 landsleiki og skoraði sex mörk.



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. janúar 2018 | 1. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









## Arðsemi í sjávarútvegi tvöfalt meiri en í atvinnulífinu

Þótt arðsemi sjávarútvegsfyrirtækja hafi dregist verulega saman á undanförnum þremur árum er hún engu að síður ríflega tvöfalt meiri en arðsemi í atvinnulífinu. Arðgreiðslur í sjávarútvegi, sem hlutfall af hagnaði, eru hins vegar lægri en gengur og gerist almennt í atvinnulífinu. »6-7



»2

### Vilja meta fjárhagstjón lífeyrissjóðanna

Fagfjárfestasjóðurinn Arev NII krefst þess að dómkvaddir verði matsmenn til þess að meta fjárhagslegt tjón sem hluthafar telja sig hafa orðið fyrir. Lífeyrissjóðir töpuðu yfir hálfum milljarði.

»4

### Óskabein næststærsti hluthafi Korta með 10 prósenta hlut

Félagið Óskabein skráði sig fyrir 10 prósenta hlut þegar fjárfestar lögðu Kortaþjónustunni til nærri 1.500 milljónir í nýtt hlutafé. Hlutafjáraukningin var nauðsynleg til að „koma í veg fyrir að fyrirtækið yrði sett í slitameðferð eða lögþvingað gjaldþrot“.

»8

### Verðbólgan í fótbolta er rétt að byrja

„Í kjölfar félagsskipta Philippe Coutinho til Barcelona um helgina hefur mikið verið rætt um óðaverðbólgu í knattspyrnuheiminum og hvort einhver innistæða sé fyrir henni. Ég tel svo vera,“ segir Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri Íslandsbanka.




# Magnús Kristinsson kaupir í Kviku banka

Magnús Kristinsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, hefur fjárfest í Kviku banka en félagið Q44, sem er í eigu Magnúsar og fjölskyldu í gegnum Fjárfestingarfélagið Blik ehf., gekk nýlega frá kaupum á 1,25 prósenta hlut í fjárfestingabankanum. Eftir kaupin er félagið fimmtándi stærsti hluthafi Kviku.

Magnús var áður eigandi og framkvæmdastjóri útgerðarfélagsins Bergs-Hugins í Vestmannaeyjum. Allt hlutafé fyrirtækisins var selt til Síldarvinnslunnar árið 2012 og þá lét Magnús af störfum sem framkvæmdastjóri Bergs-Hugins í fyrra. Magnús var umsvifamikill í íslensku viðskiptalífi á árunum í aðdraganda falls fjármálakerfisins 2008 og var meðal annars eigandi Toyota-umboðsins og um tíma stór hluthafi í Kaupþingi, Landsbankanum og fjárfestingafélaginu FL Group.

Gríðarmikil viðskipti hafa verið með bréf í Kviku á síðustu mánuðum og misserum. Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa bréf í bankanum verið að ganga kaupum og sölum að undanförnu á genginu 6,3, til 6,6 krónur á hlut. Áætla má að félag Magnúsar hafi keypt hlutinn í Kviku banka í lok síðasta árs fyrir um 110 til 120 milljónir króna.

Á meðal þeirra sem hafa einnig komið inn í hluthafahóp Kviku á undanförnum mánuðum eru Hjörleifur Jakobsson, stór hluthafi í bílaumboðinu Öskju, Öryggismiðstöðinni og Samskipum, Lífsverk lífeyrissjóður, Sigurður Sigurgeirsson, fjárfestir og fyrrverandi byggingarverktaki, hjónin Bogi Þór Siguroddsson og Linda Björk Ólafsdóttir, eigendur Johans Rönning, Eiríkur Vignisson, framkvæmdastjóri Vignis G. Jónssonar, dótturfélags HB Granda, og Vilhjálmur Þorsteinsson, fjárfestir og fyrrverandi gjaldkeri Samfylkingarinnar. Fjárfestingafélögin Sigla, sem er í eigu Tómasar Kristjánssonar og hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur, og Varða Capital, sem er í meirihlutaeigu viðskiptafélaganna Jónasar Hagans Guðmundssonar og Gríms Garðarssonar, eru hins vegar í hópi þeirra sem hafa selt öll bréf sín í Kviku.

**115**

**milljónir má áætla að félag Magnúsar hafi greitt fyrir hlutinn í Kviku**

**» Unnið er að skráningu hlutabréfa Kviku banka á First North markaðinn í Kauphöllinni á næstunni.**

Í lok september í fyrra var greint frá því að stjórn Kviku hefði samþykkt að stefna að skráningu hlutabréfa bankans á First North markaðinn í Kauphöllinni. Gert er ráð fyrir að skráningin verði að veruleika fljótlega á þessu ári. Hagnaður bankans á fyrstu sex mánuðum síðasta árs nam 946 milljónum. Arðsemi eigin fjár var 26,2 prósent eigið fé Kviku var um 8.200 milljónir um mitt árið 2017.

Stærstu hluthafar Kviku í dag eru tryggingafélagið VÍS með 23,57 prósenta hlut, félag í meirihlutaeigu Sigurðar Bollasonar fjárfestis, sem á 9,32 prósenta hlut, og Lífeyrissjóður verslunarmanna með 8,96 prósent.

**hordur@frettabladid.is**



**Magnús Kristinsson, útgerðarmaður.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang visir.is

**6,47% hlutur í Jarðböðunum til sölu**

Skútustaðahreppur ásamt minni hluthöfum hafa ákveðið að bjóða hlut sinn í Jarðböðunum til sölu.

Jarðböðin hf. rekur baðhús í Mývatnssveit þar sem boðið er upp á náttúruleg gufuböð, baðlón með heitu hveravatni og heitan pott. Gestum Jarðbaðanna hefur fjölgað mikið síðastliðin ár en um 220 þúsund gestir heimsóttu Jarðböðin árið 2017. Mikil vaxtartækifæri eru til staðar sem áhugasömum fjárfestum býðst nú að taka þátt í.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur verið falið að annast söluferlið fyrir hönd seljenda. Áhugasamir aðilar geta óskað frekari upplýsinga með því að senda tölvupóst á netfangið jardbodin@islandsbanki.is fyrir 31. janúar 2018.

MYVATN NATURE BATHS Íslandsbanki



Ellefu lífeyrissjóðir töpuðu hundruðum milljóna vegna fjárfestingar í tískuversluninni Duchamp. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vilja meta fjárhagslegt tjón lífeyrissjóðanna

**Fagfjárfestasjóðurinn Arev NII krefst þess að dómkvaddir verði matsmenn til að meta fjárhagslegt tjón sem hluthafar telja sig hafa orðið fyrir. Lífeyrissjóðir töpuðu yfir hálfum milljarði króna á fjárfestingu sjóðsins í breskri tískuverslun.**

Fagfjárfestasjóðurinn Arev NII hefur lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur beiðni um að dómkvaddir verði matsmenn til þess að meta fjárhagslegt tjón sem sjóðurinn og hluthafar hans, einkum íslenskir lífeyrissjóðir, hafi orðið fyrir vegna vanhalda félaga í eigu Jóns Schevings Thorsteinssonar, framkvæmdastjóra Arev verðbréfafyrirtækis, á greiðslu hlutafjár í samræmi við hlutafjárloforð. Umrædd matsbeiðni beinist gegn Arev, Jóni Scheving og Sjóvá-Almennum líftryggingum.

Gunnar Sturluson hæstaréttarlögmaður, sem er stjórnarformaður sjóðsins, segir aðspurður ekki hafa verið ákveðið hvort sjóðurinn leiti frekari lagalegra úrræða vegna málsins. Jón Scheving vildi ekki tjá sig um málið á þessu stigi.

Þeir ellefu lífeyrissjóðir, auk fjögurra annarra fjárfesta, sem lögðu fé í Arev NII töpuðu yfir hálfum milljarði króna á fjárfestingu sjóðsins í Duchamp, tískuverslun í miðborg Lundúna, en verslunin fékk heimild til greiðslustöðvunar í júlí árið 2016. Sjóðurinn keypti verslunina í mars árið 2015 af Földungi, félagi í eigu slitabús Glitnis, og nam kaupverðið um tveimur milljónum punda. Tap sjóðsins af fjárfestingum nam 564 milljónum króna árið 2015 samkvæmt ársreikningi hans. Alls tapaði sjóðurinn 665 milljónum króna á árinu.

**564**

**milljónir króna var tap Arev NII af fjárfestingum árið 2015.**



**Jón Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri Arev.**

### 66 milljónir ógreiddar

Fagfjárfestasjóðnum, sem var ætlað að fjárfesta í smærri verslunarfyrirtækjum, var komið á fót árið 2014. Voru það einkum lífeyrissjóðir sem gerðust hluthafar í sjóðnum, sem starfsmenn Arev stýrðu, auk tryggingafélagsins Sjóvár og félaga í eigu Jóns Schevings. Hluthafar skuldbundu sig til þess að leggja sjóðnum til hlutafé í samræmi við þær fjárfestingar sem ráðist yrði í – en nafnverð hlutafjár átti að vera tæplega 660 milljónir króna í lok árs 2016 – og stóðu allir skil á sínum hlut fyrir utan félög tengd Jóni. Í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2016 kemur fram að eitt félag Jóns, Arev Brands, eigi enn ógreiddar um 66 milljónir króna.

Greint var frá því í Morgunblaðinu haustið 2016 að þegar ljóst var orðið að Arev NII þurfti að leggja Duchamp til lánsfé, til að tryggja rekstrargrundvöll verslunarinnar, hefði það sett strik í reikninginn að hlutafjárloforð félaga Jóns skilaði sér ekki. Þannig hefðu vanhöld á innborgun hlutafjárins valdið því að ekki reyndist unnt að inna af hendi þá lánafyrirgreiðslu sem til stóð og það hefði leitt til þess að Duchamp gat ekki staðið í skilum við lánardrottna sína.

Skipt var um stjórn í Arev NII og eignastýringarsamningi við Arev sagt upp á hluthafafundi í lok maí 2016. Var þá haft eftir nýjum stjórnarformanni, Gunnari Sturlusyni, að Fjármálaeftirlitinu hefði verið tilkynnt um alvarlegar misfellur í rekstri Arev NII.

### Kanna lagalega stöðu

Fjárfestingin í Duchamp, sem var eina fjárfesting sjóðsins, er talin að fullu töpuð. Sjóðurinn féll auk þess frá skuldbindandi tilboði í 65 prósenta hlut í Múrbúðinni sem lagt hafði verið fram í tíð fyrri stjórnar sjóðsins. Matsbeiðni sjóðsins, sem verður þingfest á föstudag, gefur til kynna að hann kanni nú lagalega stöðu sína með tilliti til mögulegra bótakrafna á hendur Arev.

Lífeyrissjóður verslunarmanna var stærsti hluthafi Arev NII í lok árs 2016 með 18,4 prósenta hlut, en þar á eftir komu lífeyrissjóðirnir Gildi og Stapi með 14,9 prósenta hlut.

**kristinningi@frettabladid.is**

# Eigendur Atlantsolíu setja félagið í formlegt söluferli

Eigendur olíufélagsins Atlantsolíu, sem rekur nítján sjálfsafgreiðslustöðvar á landinu öllu, hafa sett félagið í formlegt söluferli. Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa nokkrir fjárfestar sýnt félaginu áhuga.

Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, staðfestir í samtali við Markaðinn að félagið hafi verið sett í formlegt söluferli. Vonast hún til þess að málin skýrist frekar í næsta mánuði. Að öðru leyti segist hún ekki geta tjáð sig um söluferlið á þessari stundu. Ráðgjafarfyrirtækið Deloitte hefur umsjón með ferlinu.



**Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu.**

Eigendur Atlantsolíu, sem er minnsta olíufélagið á íslenska markaðinum, eru Guðmundur Kjærnested og Bandaríkjamaðurinn Brandon Charles Rose. Atlantsolía var stofnuð sumarið 2002 og var fyrsta bensínstöð félagsins opnuð ári síðar.

Greint var frá því í Markaðinum í október á síðasta ári að eigendurnir könnuðu mögulega sölu á öllu hlutafé félagsins. Það kæmi til vegna áhuga sem innlendir fjárfestar hefðu sýnt því.

Hagnaður Atlantsolíu árið 2016 nam rúmlega 203 milljónum króna borið saman við hagnað upp á 50 milljónir árið áður. Heildarvelta félagsins dróst hins vegar saman um 680 milljónir og var samtals 4.638 milljónir í fyrra. **– kij**

# MIKIÐ ÚRVAL NOTAÐRA VÉLA



**Bobcat 5600**
Árgerð: 2004 - 59 hö
Notkun: 2.043 vinnust.
Kr. ~~2.990.000,-~~ án vsk.


**Case 4240**
Árgerð: 1996
Notkun: 5.500 vinnust.
Kr. 1.590.000,- án vsk.



**Case MXU 110**
Árgerð: 2005/11 - 122 hö
Notkun: 5.700 vinnust.
Kr. ~~4.390.000,-~~ án vsk.



**Case MXM190**
Árgerð: 2005 - 190 hö
Notkun: 5.600 vinnust.
Kr. ~~6.390.000,-~~ án vsk.


**Claas Ares 577**
Árgerð: 2007 - 123 hö
Notkun: 7.153 vinnust.
Kr. 4.590.000,- án vsk.



**ClubCar Carryall 295**
Árgerð: 2015 - 20 hö
Notkun: 165 vinnust.
Kr. ~~1.990.000,-~~ án vsk.



**Deutz Fahr K110**
Árgerð: 2008 - 110 hö
Notkun: 4.190 vinnust.
Kr. ~~6.890.000,-~~ án vsk.



**Fendt 311**
Árgerð: 2008 - 115 hö
Notkun: 5.800 vinnust.
Kr. ~~7.170.000,-~~ án vsk.



**Fendt 411**
Árgerð: 2005 - 120 hö
Notkun: 5.190 vinnust.
Kr. ~~5.490.000,-~~ án vsk.



**Fendt 818**
Árgerð: 2005 - 186 hö
Notkun: 7.030 vinnust.
Kr. ~~9.500.000,-~~ án vsk.


**Fiat 80-90**
Árgerð: 1990 - 80 hö
Notkun: 1.468 vinnust.
Kr. 890.000,- án vsk.



**Landini Legend 145TD**
Árgerð: 2006 - 138 hö
Notkun: 5.475 vinnust.
Kr. ~~5.490.000,-~~ án vsk.



**McCormick MC115**
Árgerð: 2005 - 115 hö
Notkun: 7.350 vinnust.
Kr. ~~3.990.000,-~~ án vsk.



**McCormick 115**
Árgerð: 2007 - 115 hö
Notkun: 3.382 vinnust.
Kr. ~~3.990.000,-~~ án vsk.


**McCormick CX105**
Árgerð: 2006 - 105 hö
Notkun: 5.903 vinnust.
Kr. 2.690.000,- án vsk.


**Massey Ferguson 3645**
Árgerð: 2007 - 92 hö
Notkun: 3.700 vinnust.
Kr. 2.990.000,- án vsk.


**Massey Ferguson 5450**
Árgerð: 2012 - 105 hö
Notkun: 2.600 vinnust.
Kr. 4.990.000,- án vsk.


**Massey Ferguson 5610**
Árgerð: 2014 - 105 hö
Notkun: 2.060 vinnust.
Kr. 6.490.000,- án vsk.


**Massey Ferguson 5611**
Árgerð: 2015 - 110 hö
Notkun: 900 vinnust.
Kr. 7.690.000,- án vsk.


**Massey Ferguson 6465**
Árgerð: 2009 - 120 hö
Notkun: 5.100 vinnust.
Kr. 5.990.000,- án vsk.


**Massey Ferguson 6470**
Árgerð: 2005 - 125 hö
Notkun: 5.599 vinnust.
Kr. 4.990.000,- án vsk.


**Massey Ferguson 7495**
Árgerð: 2009 - 203 hö
Notkun: 6.700 vinnust.
Kr. 6.000.000,- án vsk.


**Valtra A85**
Árgerð: 2004 - 88 hö
Notkun: 2.500 vinnust.
Kr. 2.190.000,- án vsk.


**Valtra A85**
Árgerð: 2004 - 88 hö
Notkun: 5.700 vinnust.
Kr. 2.790.000,- án vsk.


**Valmet 900**
Árgerð: 2001 - 90 hö
Notkun: 6.890 vinnust.
Kr. 2.300.000,- án vsk.


**Valtra A95**
Árgerð: 2006 - 98 hö
Notkun: 3.900 vinnust.
Kr. 3.390.000,- án vsk.


**Valtra C120**
Árgerð: 2004 - 120 hö
Notkun: 8.850 vinnust.
Kr. 3.190.000,- án vsk.


**Valtra N111**
Árgerð: 2007 - 123 hö
Notkun: 8.000 vinnust.
Kr. 4.690.000,- án vsk.


**Valtra 6850**
Árgerð: 2005 - 125 hö
Notkun: 14.000 vinnust.
Kr. 3.290.000,- án vsk.


**Valtra T130**
Árgerð: 2003 - 135 hö
Notkun: 8.000 vinnust.
Kr. 3.590.000,- án vsk.


**Valtra T182 D**
Árgerð: 2010 - 180 hö
Notkun: 2.600 vinnust.
Kr. 7.990.000,- án vsk.


**Volvo BL71**
Árgerð: 2007 - 94 hö
Notkun: 6.600 vinnust.
Kr. 3.990.000,- án vsk.



**McHale Fusion I**
Árgerð: 2008
Notkun: 43.000 rúllur.
Kr. 3.590.000,- án vsk.



**McHale Fusion I**
Árgerð: 2005
Notkun: 25-30.000 rúllur
Kr. 2.990.000,- án vsk.



**McHale Fusion II**
Árgerð: 2008
Notkun: 23.000 rúllur
Kr. 3.990.000,- án vsk.



**Taarup Bio**
Árgerð: 2009
Notkun: 10-12.000 rúllur
Kr. ~~4.900.000,-~~ án vsk.


**Eigum til úrval notaðra pökkunarvéla**

## Fjármögnun notaðra véla

Fjölmargir valkostir bjóðast viðskiptavinum sem vilja nýta sér að fjármagna kaupverð notaðra véla og tækja að hluta með láni. Vextir eru í dag lágir á íslenskan mælikvarða og eru algengir óverðtryggðir vextir á vélakaupalánum í kringum 7,7%. Lánstími er breytilegur eftir aldri véla en ekki er óalgengt að mögulegt sé að fá 3-5 ára lán á ca. 10 ára gamlar vélar. Sölumenn vélasviðs veita frekari upplýsingar en í meðfylgjandi töflu má sjá gróflega hver greiðslubyrði lána er m.v mismunandi upphæðir og lánstíma.

| | 12 | 24 | 36 | 48 | 60 | 72 | 84 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.000.000 | 86.850 | 45.090 | 31.200 | 24.270 | 20.130 | 17.390 | 15.430 |
| 1.500.000 | 130.270 | 67.630 | 46.800 | 36.400 | 30.200 | 26.080 | 23.150 |
| 2.000.000 | 173.700 | 90.180 | 62.400 | 48.540 | 40.270 | 34.770 | 30.870 |
| 2.500.000 | 217.120 | 112.720 | 77.990 | 60.680 | 50.330 | 43.460 | 38.590 |
| 3.000.000 | 260.540 | 135.270 | 93.600 | 72.800 | 60.400 | 52.160 | 46.300 |
| 3.500.000 | 303.970 | 157.820 | 109.190 | 84.950 | 70.460 | 60.850 | 54.030 |
| 4.000.000 | 347.400 | 180.360 | 124.790 | 97.080 | 80.530 | 69.540 | 61.740 |
| 4.500.000 | 390.820 | 202.900 | 140.390 | 109.220 | 90.590 | 78.240 | 69.460 |
| 5.000.000 | 434.240 | 225.450 | 155.990 | 121.360 | 100.660 | 86.930 | 77.180 |


**Vicon 1601**
Árgerð: 2007
Kr. 1.690.000,- án vsk.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

# Óskabein næststærsti hluthafi Korta

**Fjárfestingafélagið Óskabein skráði sig fyrir 10 prósenta hlut þegar fjárfestar lögðu Kortaþjónustunni til nærri 1.500 milljónir króna í nýtt hlutafé. Bakkavararbræður eiga fimm prósent og Sigurður Bollason er með sex prósenta hlut. Í kaupsamningi segir að hlutafjáraukningin hafi verið nauðsynleg til að „koma í veg fyrir að fyrirtækið yrði sett í slitameðferð eða lögþvingað gjaldþrot“.**



Kortaþjónustan þurfti á hlutafjáraukningu að halda til að koma í veg fyrir að fyrirtækið yrði sett í slitameðferð eða færi í gjaldþrot. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjárfestingafélagið Óskabein, sem er meðal annars stór hluthafi í VÍS, er næststærsti einstaki eigandi Kortaþjónustunnar, á eftir Kviku banka, með tíu prósenta hlut en færsluhirðingarfyrirtækið var keypt af fjárfestingabankanum og hópi einkafjárfesta 1. nóvember í fyrra fyrir aðeins eina krónu. Hlutur Kviku í fyrirtækinu nemur um 41 prósenti en á meðal annarra hluthafa er félagið Res Limited, sem er í eigu Sigurðar Bollasonar fjárfestis, með tæplega sex prósenta hlut og þá eiga bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir, í gegnum eignarhaldsfélagið Frigus, liðlega fimm prósenta hlut.

Í kaupsamningi milli Kviku og Kortaþjónustunnar, sem Markaðurinn hefur undir höndum, kemur fram að með „hliðsjón af núverandi fjárhagsstöðu fyrirtækisins“ hafi verið ákveðið að seljendur fengju eina krónu fyrir hlut sinn í félaginu. Samtímis kaupunum lagði Kvika og fjárfestahópurinn Kortaþjónustunni einnig til nærri 1.500 milljónir í nýtt hlutafé, eins og Markaðurinn hefur áður upplýst um, en fyrirtækið stóð frammi fyrir alvarlegum fjárhagsvanda í kjölfar greiðslustöðvunar breska flugfélagsins Monarch í byrjun október á síðasta ári. Kortaþjónustan var á meðal átta fyrirtækja sem sáu um færsluhirðingu fyrir Monarch.

Í kaupsamningnum segir meðal annars að kaup og hlutafjáraukning fjárfestahópsins hafi verið nauðsynleg til að „koma í veg fyrir að fyrirtækið yrði sett í slitameðferð eða lögþvingað gjaldþrot“. Eftir greiðslustöðvun Monarch hafi Kortaþjónustan fengið á sig endurgreiðslukröfur (e. chargebacks) sem námu „verulegum fjárhæðum“ og valdið fyrirtækinu „alvarlegum fjárhagslegum erfiðleikum“. Svo Kortaþjónustan gæti haldið áfram rekstri var því þörf á hlutafjáraukningu og eins samkomulagi við alþjóðlegu kortafyrirtækin Mastercard og Visa um áframhaldandi aðild að uppgjörskerfum þeirra.

Kortaþjónustan hafði tekið á sig áhættu með viðskiptunum við Monarch vegna fjármuna sem viðskiptavinir flugfélagsins höfðu greitt fyrir flugferðir sem það gat síðar ekki staðið við. Var fyrirtækið í þeim tilfellum í ábyrgð fyrir greiðslum sem höfðu farið beint til Monarch við kaup á farmiðum. Með hlutafjáraukningu fjárfestahópsins var rekstrarhæfi Kortaþjónustunnar tryggt og þá voru engin útistandandi mál gagnvart innlendum eða erlendum viðskiptavinum fyrirtækisins.

Jóhannes Ingi Kolbeinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar og áður stærsti hluthafi félagsins, hafnaði því aðspurður í frétt Fréttablaðsins 4. nóvember síðastliðinn að sala á fyrirtækinu til Kviku og fjárfesta hafi komið til vegna þess að Kortaþjónustan var í alvarlegum lausafjárvanda eftir gjaldþrot Monarch. „Það voru ýmsir búnir að sýna félaginu áhuga en þetta var ágætis tækifæri til að styrkja félagið. Til að taka allan vafa af um að það yrðu nokkur lausafjárvandræði. En það var ekki að stefna í það og það var ekkert sem var fyrirséð. Það er ekki orðinn neinn lausafjárvandi að neinu leyti,“ sagði Jóhannes.

Hann hefur núna látið af störfum sem framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar og við starfi hans tekur Björgvin Skúli Sigurðsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar, en þetta var tilkynnt á starfsmannafundi hjá fyrirtækinu síðastliðinn föstudag, samkvæmt heimildum Markaðarins.

### Urðu af 10 milljarða sölu

Fjárfestingafélagið Óskabein, sem á sem fyrr segir tíu prósenta hlut í Kortaþjónustunni, er meðal annars í eigu Sigurðar Gísla Björnssonar, eiganda Sæmarks sjávarafurða, Gests Breiðfjörðs Gestssonar, eiganda Sparnaðar, og Andra Gunnarssonar, lögmanns og fjárfestis. Hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson, sem eru stórir hluthafar í Kviku og VÍS, eiga um 6,7 prósenta hlut í Kortaþjónustunni í gegnum félagið K2B fjárfestingar og eignarhaldsfélagið JÖKÁ, sem er í eigu Zimsen-systkinanna, fer með liðlega 6 prósenta hlut. Þá á breska félagið NO. 9 Investments Limited, sem er í eigu Dons McCarthy, fyrrverandi stjórnarmanns House of Fraser og áður stórs hluthafa í VÍS og Kviku, rúmlega fimm prósenta hlut í fyrirtækinu. Sigurður Valtýsson, fyrrverandi forstjóri Exista og samverkamaður Bakkavararbræðra, á fimm prósent í gegnum félagið Salt ehf. og fjárfestingafélagið Varða Capital, sem er í meirihlutaeigu Jónasar Hagans Guðmundssonar og Gríms Garðarssonar, á sömuleiðis fimm prósenta hlut. Félagið 520 ehf., sem er í eigu Garðars Vilhjálmssonar, eiganda bílaleigunnar Geysis, á rúmlega fjögurra prósenta hlut í Kortaþjónustunni.

Áfallið sem Kortaþjónustan varð fyrir við gjaldþrot Monarch, eins og greint hefur verið frá í Markaðnum, kom á sama tíma og þáverandi eigendur þess voru langt komnir í viðræðum um sölu á fyrirtækinu til ástralsks fjárfestingasjóðs fyrir um 80 milljónir evra, jafnvirði um tíu milljarða króna. Búið var að ljúka áreiðanleikakönnun vegna fyrirhugaðrar sölu á félaginu. Ekkert varð hins vegar af kaupum sjóðsins þegar ljóst varð að Kortaþjónustan yrði fyrir miklu fjárhagstjóni þegar breska flugfélagið óskaði eftir greiðslustöðvun.

Tekjur Kortaþjónustunnar námu 2,3 milljörðum á árinu 2016 og höfðu þá meira en tvöfaldast frá fyrra ári. Samkvæmt heimildum Markaðarins gerðu áætlanir stjórnenda ráð fyrir því að hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) yrði um 1.100 milljónir á árinu 2017. Ljóst er að það gekk ekki eftir vegna greiðslustöðvunar Monarch og áhrifa hennar á fjárhag og rekstur Kortaþjónustunnar. **hordur@frettabladid.is**

### Hluthafar Korta

| | |
|---|---|
| Kvika | 41% |
| Óskabein ehf. | 10% |
| K2B fjárfestingar | 6,7% |
| JÖKÁ | 6,1% |
| RES Limited | 5,9% |
| NO. 9 Investments Limited | 5,1% |
| Varða Capital | 5,1% |
| Svalt ehf. | 5% |
| Frigus ehf. | 5% |
| 520 ehf. | 4,1% |
| Premier eignarhaldsfélag | 2% |
| Akta HS1 | 1,8% |
| Gunnar Henrik B. Gunnarsson | 1% |
| Akta HL1 | 0,8% |

### Jónas Hagan í stjórn Kortaþjónustunnar



Á hluthafafundi Kortaþjónustunnar í lok nóvember í fyrra voru þau Jónas Hagan, einn eigenda Varða Capital, og Hildur Árnadóttir, sem var meðal annars í stjórnum Bakkavarar Group, Exista, Skipta og VÍS á árunum 2008 til 2010, kjörin í stjórn félagsins. Þá var Björgvin Skúli Sigurðsson kjörinn formaður stjórnar Kortaþjónustunnar en hann mun núna hætta í stjórninni eftir að hafa verið ráðinn framkvæmdastjóri félagsins.

Jónas Hagan var áður varaformaður stjórnar Kviku banka en hann hætti í stjórn bankans 23. desember síðastliðinn, um tveimur mánuðum eftir að Varða Capital hafði selt 7,7 prósenta hlut sinn í Kviku fyrir um 700 milljónir. Hildur starfaði síðast sem forstöðumaður fjárstýringar Íslandsbanka á árunum 2014 til 2015 og þá var hún framkvæmdastjóri fjármálasviðs Bakkavarar Group frá 2004 til 2008.

FRAMTÍÐARLAUSN Í BÓKHALDINU
FJÁRHAGUR
BIRGÐIR
LAUNABÓKHALD
VERKBÓKHALD
VIÐSKIPTAVINIR
LÁNADROTTNAR
UNICONTA
SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS
svar.)
ÞÍN STAFRÆNA FRAMTÍÐ

# Spá því að EBITDA Haga lækki um 39 prósent

Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir því að rekstrarhagnaður verslunarfélagsins Haga fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) hafi numið 850 milljónum króna á rekstrartímabilinu 1. september til 30. nóvember í fyrra og dregist þannig saman um 39 prósent frá fyrra ári. Er það svipaður samdráttur og á öðrum fjórðungi rekstrarárs félagsins.

Stjórnendur Haga munu birta uppgjör fyrir þriðja fjórðung rekstrarársins á morgun. Greinendur Landsbankans spá því að sala félagsins hafi verið ríflega 17 milljarðar króna á þriðja fjórðungi rekstrarársins en til samanburðar var hún tæpir 19 milljarðar á sama tímabili árið 2016. Gera þeir auk þess ráð fyrir að hagnaður Haga hafi verið 507 milljónir króna á þriðja fjórðungi yfirstandandi rekstrarárs, eða þrjú prósent af sölu, en hann var 874 milljónir, eða 4,6 prósent af sölu, á þriðja fjórðungi rekstrarársins 2016.




Finnur Árnason, forstjóri Haga.

Fram kemur í afkomuspá hagfræðideildarinnar að samkeppni á markaðinum sé enn hörð vegna umsvifa Costco og telja sérfræðingar bankans að ekki verði grundvallarbreyting þar á. Mesti samdrátturinn í sölu Haga er þó að mati sérfræðinganna yfirstaðinn. Engu að síður megi áfram búast við að salan dragist saman og verði um 10 prósentum lægri á þriðja fjórðungi rekstrarársins en á sama fjórðungi árið 2016. Greinendur bankans gera ráð fyrir að launakostnaður hafi haldið áfram að hækka á þriðja fjórðungi vegna kjarasamningsbundinna launahækkana og þenslu á vinnumarkaði. Á móti hafi annar rekstrarkostnaður dregist saman vegna lokana verslana. Líklegt sé að fermetrum fyrirtækisins haldi áfram að fækka á komandi misserum. **– kij**

# BETRIBILAKAUP.IS

# VILTU GERA BETRI BÍLAKAUP?

## Outlander Arctic PHEV




## Kia Optima Plug-In Hybrid




## BMW 330e




**HRINGDU NÚNA 511 2777!**

***Við finnum draumabílinn fyrir þig á frábæru verði!***

**GLÆSILEG HÖNNUN**

*Hlaðinn tækninýungum*

*40kWh rafhlaða*

*Uppg. drægni 378 km*

*Afhending í mars-apríl*

## FORPANTAÐU 2018 Nissan Leaf




# ÖRUGG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

Ármúla 4-6 - Reykjavík

511 2777 | sala@betribilakaup.is

www.facebook.com/betribilakaup.is



Útflutningsverðmæti sjávarafurða og þar með útflutningstekjur sjávarútvegsfyrirtækja hafa ekki verið minni í krónum talið en í fyrra síðan árið 2008. Samdráttinn má að mestu rekja til styrkingar á gengi krónunnar þó sjómannaverkfallið í byrjun ársins hafi vissulega haft sitt að segja. Skuldastaða atvinnugreinarinnar er þó áfram afar sterk og eiginfjárhlutfallið yfir 40 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tvöfalt meiri arðsemi í útvegi

**Arðsemi eigna í sjávarútvegi dróst saman um þriðjung 2009 til 2016 á sama tíma og arðsemi í atvinnulífinu jókst um nærri sjötíu prósent. Arðsemi sjávarútvegsfyrirtækja er engu að síður talsvert betri en almennt í atvinnulífinu. Yfirmaður sjávarútvegshóps Deloitte segir að rekstrarhagnaðurinn sé að lækka skarpt.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Þrátt fyrir að arðsemi sjávarútvegsfyrirtækja hafi dregist verulega saman á undanförnum þremur árum er hún engu að síður ríflega tvöfalt meiri en arðsemi í atvinnulífinu. Arðsemi eigna í sjávarútvegi var hvað mest 25 prósent árið 2012, en árið 2016 var hún komin niður í 13 prósent, samhliða versnandi rekstrarskilyrðum í atvinnugreininni. Til samanburðar var arðsemi eigna í viðskiptahagkerfinu, sem Hagstofa Íslands skilgreinir sem allan fyrirtækjarekstur hér á landi fyrir utan lyfjaframleiðslu, fjármála- og vátryggingastarfsemi og opinbera starfsemi, rúmlega 6 prósent árið 2016.

Jónas Gestur Jónasson, yfirmaður sjávarútvegshóps Deloitte, segir að almennt sé EBITDA – rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – í sjávarútvegi að lækka mjög skarpt.

Vísbendingar séu um að veiðigjöldin séu farin að íþyngja mörgum litlum og meðalstórum sjávarútvegsfyrirtækjum. „Þau fyrirtæki sem hafa verið fjárhagslega veikari virðast hafa verið að heltast úr lestinni undanfarin þrjú til fjögur ár og þau verið keypt eða tekin yfir af stærri fyrirtækjum. Það hefur orðið töluverð samþjöppun í greininni. Þróunin er öll í þá áttina.“

Daði Már Kristófersson, auðlindahagfræðingur við Háskóla Íslands, segir að því hærri sem veiðigjöldin séu, þeim mun meira hraði þau hagræðingu í greininni, enda leiði þau til þess að fyrirtæki sem geti ekki skapað verðmæti til þess að standa undir gjaldtökunni dragist aftur úr.

### Veiðigjöldin endurskoðuð

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Framsóknarflokksins hyggst taka veiðigjöldin til endurskoðunar á árinu með það að markmiði að lækka gjöldin á lítil og meðalstór fyrirtæki. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hefur sagt að ekki sé útilokað að gjöldin verði hækkuð á stóru útgerðirnar. „Minnstu fyrirtækin eiga erfiðara með að bregðast við meðaltalssveiflunni því afkoman miðast við meðaltalið,“ sagði hún í samtali við Ríkisútvarpið í síðustu viku.

Ýmis nýleg dæmi eru um þá samþjöppun sem á sér nú stað í sjávarútvegi. Þannig greindi ViðskiptaMogginn frá því í síðustu viku að útgerðarfélagið Skinney – Þinganes ynni að því að kaupa 1.400 tonna aflaheimildir Storms Seafood, en eigendur síðarnefnda félagsins hyggjast selja allt sitt í sjávarútvegi. Þá kom nýverið fram í Fiskifréttum að sala stæði yfir á útgerðarfélaginu Sjávarmáli, með öllum aflaheimildum, til Nesfisks.

Gert er ráð fyrir að veiðigjöldin skili tíu til tólf milljörðum króna í ríkissjóð á yfirstandandi fiskveiðiári, sem hófst þann 1. september síðastliðinn, en til samanburðar voru þau um 4,6 milljarðar á síðasta fiskveiðiári.

Reikniregla veiðigjaldanna í ár tekur mið af afkomu greinarinnar fyrir skatta fyrir tveimur árum, á árinu 2015. Það gerir það að verkum að gjaldið endurspeglar ekki núverandi rekstrarskilyrði greinarinnar, en sérfræðingar sem Markaðurinn ræddi við eru á einu máli um að þau hafi stórversnað á umliðnum tveimur árum.

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi eru horfur á því að tekjuskattur að viðbættu veiðigjaldi muni verða um 58 til 60 prósent af hagnaði atvinnugreinarinnar á þessu ári. Til samanburðar var hlutfallið 37 prósent í fyrra en það hefur hæst farið í 56 prósent árið 2012. Viðmælendur Markaðarins benda á að veiðigjöld séu orðin næststærsti kostnaðarliður á eftir launakostnaði hjá mörgum fyrirtækjum í greininni.

### Gengið étur upp hagnað

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, bendir á að hækkandi gengi krónunnar á undanförnum árum sé á góðri leið með að „éta upp“ hagnað margra sjávarútvegsfyrirtækja.

Jónas Gestur segir gengisstyrkingu krónunnar hafa litað hvað mest afkomu útgerðarinnar undanfarin eitt til tvö ár. „Þó svo að verð sjávarafurða í erlendri mynt hafi hækkað á móti, þá hefur gengisstyrkingin verið það mikil að verð í íslenskum krónum hefur lækkað meira. Til viðbótar hefur innlendur kostnaður, eins og aðföng og laun, hækkað. Eins hefur olíuverð farið hækkandi undanfarna mánuði. Ytri skilyrði í sjávarútvegi hafa almennt farið versnandi. Á sama tíma eru veiðigjöldin, sem taka nú mið af afkomu greinarinnar fyrir tveimur árum, sem var mjög gott ár í sjávarútvegi, að nær tvöfaldast á milli fiskveiðiára og verða þau um 10 til 12

## Arðsemi eigna í atvinnulífinu

EBIT að frádregnum söluhagnaði sem hlutfall af eignum að frádregnum óefnislegum eignum og eignarhlutum í öðrum fyrirtækjum




Heimild: Hagstofa Íslands

**Sem betur fer er íslenskur sjávarútvegur vel rekin grein sem getur greitt milljarða til ríkisins en fjárhæðin er ekki af þeirri stærðargráðu að það skipti sköpum fyrir ríkissjóð.**

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands



**22%**

**eru meðalarðgreiðslur sem hlutfall af hagnaði sjávarútvegsins árin 2010 til 2016.**

**31%**

**eru meðalarðgreiðslur sem hlutfall af hagnaði viðskiptahagkerfisins árin 2010 til 2016.**

Fólk
Heimili
MIÐVIKUDAGUR 10. JANÚAR 2018



Halldór Ingi Stefánsson sölustjóri tekur á móti viðskiptavinum Hirzlunnar með bros á vör. MYND/EYÞÓR

# Hirzlan býður þægilega heilsustóla

Verslunin Hirzlan leggur áherslu á vönduð og góð skrifstofuhúsgögn. Boðið er upp á heilsuskrifborðsstóla frá Wagner sem eru með hinni einstæðu 360°Dondola veltitækni. Þeir hafa hlotið mikið lof kírópraktora, sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara. Stólarnir fást á 30% afslætti út þennan mánuð. →2

ENZYMEDICA.
Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum



Það lífgar upp á vinnuumhverfið að hafa liti í húsgögnum. Hirzlan sérhæfir sig í öllu sem þarf fyrir skrifstofuna.


Falleg skrifstofa með öllum þægindum.


Í Hirzlunni í Síðumúla er margt sniðugt fyrir hvers kyns atvinnustarfsemi.


Wagner heilsustólar eru viðurkenndir af sjúkraþjálfurum og fleiri fagaðilum.

**Framhald af forsíðu ➪**

Leifur Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Hirzlunnar, segir að skrifborðsstólarnir frá Wagner séu einstaklega góðir og þægilegir. Þeir eru sérhannaðir til að fólki líði vel í baki og öxlum í vinnunni. „Það sem skiptir öllu máli fyrir fólk í dag er að hafa Dondola tækni í stólunum sínum. Dondola þýðir að að fólk fær hreyfingu á hryggsúluna og blóðrásina. Hreyfingin miðar að því að létta álag á bakið og styrkja það.

Wagner stólarnir eru þýskir og framleiðendur fullyrða að 56% af þeim sem þjást af bakverkjum vegna kyrrsetu fái bata ef þeir nýta sér Dondola tæknina. Þetta er eins og að fá nudd á kroppinn. Tæknin er innbyggð í skrifborðsstólinn og hjálpar þeim sem situr í honum að hreyfa sig meira. Stóllinn hreyfist í allar áttir með manni,“ útskýrir Leifur.



## Nútímaþægindi

Hirzlan hefur selt Wagner Dondola stóla frá árinu 2016 og hafa þeir náð miklum vinsældum hér á landi. „Ef keyptur hefur verið einn stóll fyrir starfsmann með bakverk er fljótlega farið að bæta við slíkum stólum fyrir aðra starfsmenn. Það er mikill munur að vinna við svona þægindi. Við höfum heyrt frá viðskiptavini að stóllinn hafi bjargað lífi hans. Sá keypti annan til að hafa heima líka,“ segir Leifur.

Til eru tvær útfærslur af Dondola stólnum. Það eru svokallaðir ErgoMedic annars vegar og síðan AluMedic. Stólarnir fást síðan í nokkrum útfærslum með eða án höfuðpúða. „Það er fjöldinn allur af stillingum á þessum stólum, bæði fyrir bak og setu. Við kennum fólki að stilla stólinn og nýta hann sem best.“

Hirzlan hefur verið að taka miklum breytingum undanfarin tvö ár. „Við höfum fært okkur nær eingöngu í skrifstofuhúsgögn sem lagervöru að stóru leyti. Auk þess erum við komin með stóra birgja sem geta útvegað nánast hvað sem er fyrir skrifstofuna, ráðstefnusali, kvikmyndasali, óperuhús, kaffihús eða hvað annað. Við erum í sambandi við einn stærsta stólaframleiðanda í Evrópu. Fólk þarf því ekki að leita neitt lengra en til okkar,“ segir Leifur og bendir á heilsukolla sem nefnast Sitness og eru svipuðum eiginleikum gæddir og Dondola. Þeir hreyfast með líkamanum. Stólarnir henta meðal annars einstaklega vel fyrir kennara eða þá sem vinna við hátt borð og vilja tylla sér.

## Vaxandi fyrirtæki

Húsgagnaverslunin Hirzlan hefur verið starfrækt frá árinu 1993. „Við höfum lagt áherslu og metnað í því að veita heildarlausnir fyrir skrifstofuna hvort sem viðskiptin eru stór eða smá. „Sumir vilja breyta og bæta smám saman á meðan aðrir skipta út öllu til að endurnýja eða eru að opna nýja skrifstofu. Við veitum persónulega ráðgjöf fyrir hvern og einn og bjóðum sanngjörn verð,“ segir Leifur og bætir við: „Lykilatriðið er að notandinn sé ánægður, það er starfsfólkið sem notar húsgögnin. Það má alltaf bæta við húsgögnum eftir því sem þarfir aukast. Við bjóðum ávallt sömu grunnhúsgögnin þannig að það er einfalt að bæta við í sömu línu þótt árin líði,“ segir hann. „Hirzlan leggur áherslu á gæðahúsgögn þar sem fallegt útlit og vandaður frágangur fara saman.“

Hirzlan er til húsa að Síðumúla 37 og er opið mánudaga til fimmtudaga frá 9 til 18, föstudaga frá 9 til 17 og laugardaga frá 12-16. Hirzlan er einnig með Facebook-síðu þar sem ýmsar upplýsingar eru settar inn fyrir viðskiptavini.



Wagner Dondola stólarnir eru til í nokkrum útfærslum.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@365.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@365.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@365.is, s. 512 5095,

# Skrifstofan

MIÐVIKUDAGUR 10. JANÚAR 2018

Kynningar: Penninn, Boðleið, A4, Múlalundur



Guðni Jónsson, framkvæmdastjóri húsgagnasviðs Pennans (t.h.), og Inga Jónsdóttir viðskiptastjóri. MYND/EYÞÓR

# Hafa þjónað viðskiptalífinu í áratugi með góðum árangri

Penninn hefur séð íslensku viðskiptalífi fyrir skrifstofuhúsgögnum og skrifborðsstólum á tæplega 40 ár. Penninn býður upp á gott úrval skrifstofuhúsgagna frá heimsþekktum birgjum og yfir 20 tegundum skrifborðsstóla beint af lager á mjög samkeppnishæfu verði.



Aeron skrifborðsstóllinn er á tilboði í janúar á 229.900 kr.

Penninn hóf að að selja skrifstofuhúsgögn og skrifborðsstóla á níunda áratug síðustu aldar og hefur því þjónað þörfum íslenskra fyrirtækja og stofnana á því sviði í nær 40 ár.

Mikil söluaukning og hröð þróun hefur einkennt allt þetta tímabil að sögn Guðna Jónssonar, framkvæmdastjóra húsgagnasviðs Pennans, ef frá eru talin hrunárin, þ.e. árið 2009 og næstu ár þar á eftir. „Frá árinu 2000 hefur Penninn verið leiðandi seljandi húsgagna fyrir fyrirtæki og stofnanir á Íslandi með mesta markaðshlutdeild. Stærstur hluti veltunnar í húsgögnunum eru skrifstofuhúsgögn, skrifborðsstólar og ýmis stofnanahúsgögn, en það sem upp á vantar eru heimilishúsgögn sem einkum eru seld í verslun okkar í Skeifunni 10, á Akureyri og í netverslun okkar. Penninn hefur í áraraðir boðið upp á langmesta úrval húsgagna fyrir fyrirtæki og stofnanir á Íslandi en ekkert íslenskt húsgagnafyrirtæki hefur þjónað jafn mörgum stórum fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi og Penninn.“

## Heimsþekktir birgjar

Hann segir Pennann bjóða gott úrval skrifstofuhúsgagna frá heimsþekktum birgjum og eina íslenska skrifstofuhúsgagnalínu, Fansa, sem hönnuð er af Valdimari Harðarsyni arkitekt. „Frá Kinnarps í Svíþjóð, sem er eitt stærsta skrif-

Framhald á síðu 2



Íslensk Fansa skrifstofuhúsgögn og Mirra2 skrifborðsstólar hjá viðskiptavini Pennans.

Framhald af forsíðu ➪

stofuhúsgagnafyrirtækið í Evrópu, bjóðum við fyrst og fremst Oberon skrifstofuhúsgögn. Delta skrifstofuhúsgögnin frá Dencon í Danmörku eru að koma mjög sterk inn og fást í mjög mörgum útfærslum og litum. Skrifborðin þeirra með linoleumdúk eru t.d. á ótrúlega hagstæðu verði. Einnig bjóðum við skrifstofuhúsgögn frá B8 og Jensen Plus frá Danmörku og svo auðvitað skrifstofuhúsgagnalausnir frá Vitra og Herman Miller.“

## Mun betra verð

Penninn er auk þess stærsti seljandi skrifborðsstóla til fyrirtækja og stofnana á Íslandi að sögn Guðna. „Við teljum það vera vegna þess að við bjóðum samkeppnishæfasta verðið á skrifstofustólunum. Við eigum yfir 20 tegundir skrifborðsstóla á lager og flytjum inn í miklu magni. Það gefur okkur betra verð frá birgjum og stærri sendingar koma í gámum svo að flutningsgjald verður í lágmarki. Þetta þýðir tugum prósenta lægra verð en smærri aðilar geta boðið. Við seljum ekkert nema gæðastóla með 5-12 ára ábyrgð.“

Guðni ítrekar að Penninn bjóði upp á langmesta úrvalið af skrifstofuhúsgögnum og skrifborðsstólum á Íslandi. „Við seljum eingöngu gæðavottaða stóla sem mælt er með og hafa verið þróaðir í samvinnu við sjúkraþjálfara, lækna og aðrar heilbrigðisstéttir. Þess vegna koma sömu viðskiptavinirnir aftur og aftur til okkar. Fyrir utan frábært vöruúrval erum við að sjálfsögðu alltaf að kappkosta að veita eins persónulega þjónustu og hægt er.“

**” Ekkert íslenskt húsgagnafyrirtæki hefur þjónað jafn mörgum stórum fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi og Penninn.**



Ventilo skrifborðsstóll. Tilboðsverð í janúar frá 39.900 kr.

## Fyrirmynd á markaði

Penninn hóf nýlega sölu á endurhannaða Aeron skrifborðsstólnum sem var fyrst kynntur til sögunnar árið 1994. „Hann vakti þá heimsathygli og hefur verið stærsta fyrirmynd skrifstofustólaframleiðenda allar götur síðan og helsta gæðaviðmiðið á markaðinum. Þessi endurhannaði stóll hefur verið endurbættur töluvert, sérstaklega að því sem snýr að heilbrigðisþættinum og þægindunum. Útlitið breyttist ekki mikið enda frábært og klassískt fyrir. Það er alltaf verið að bæta hönnun og framleiðslu skrifstofuhúsgagna til hins betra en helstu breytingarnar í skrifstofuhúsgögnum okkar á síðasta ári voru verulegar verðlækkanir, sérstaklega á rafhækkanlegum skrifborðum.“

Nánari upplýsingar má finna á penninn.is.



Oberon rafhækkanleg skrifborð kosta frá kr. 89.900 með spónlagðri eða plastlagðri plötu.



Oberon skrifstofuhúsgögn.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is



Sveigjanlegt samstarf
NÝTT
SKÅDIS hirslutöflur
2.950,-/stk.
B76×H56cm
Aukahlutir seldir sér
1.290,-/stk.
TERTIAL vinnulampar
53.900,-/stk.
BEKANT rafknúin skrifborð
B160×D80, H65-125cm
ÚTSALA
19.450,-/stk.
VOLMAR skrifborðsstólar 27.450,-
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - IKEA.is
IKEA®
© Inter IKEA Systems B.V. 2018




Þorvaldur segir að Boðleið geti séð um næstum öll samskipti fyrirtækja með einu kerfi. MYNDIR/ERNIR

# Áhersla á heiðarleika og einfaldleika

**Boðleið sérhæfir sig í samskiptalausnum fyrir fyrirtæki. Þeir geta séð fyrir næstum öllu í einu kerfi og leggja áherslu á vera heiðarlegir og bjóða einfalda og góða þjónustu.**

Fyrirtækið Boðleið hefur starfað síðan árið 2001 og sinnir alhliða samskiptalausnum fyrir stór og smá fyrirtæki.

„Við byggjum á einfaldri hugmynd,“ segir Þorvaldur Harðarson, einn eigandi Boðleiðar. „Ef við getum ekki boðið lausnirnar þá segjum við það strax og ofseljum aldrei neitt. Ef þú leitar til okkar og færð tilboð þá verður verðið aldrei hærra.

Fólk getur komið til okkar og fengið okkur til að útvega næstum allt, en við bendum fólki á hvar er best að finna það sem við getum ekki boðið upp á sjálfir,“ segir Þorvaldur. „Við viljum vera þekkt fyrir heiðarleika og einfalda og góða þjónustu. Þjónustan skiptir okkur mjög miklu máli, enda höldum við viðskiptavinum yfirleitt mjög lengi.

Stærsti kosturinn fyrir viðskiptavini sem leigja þjónustu hjá okkur er að geta skipt um símafélag ef þeir fá betri kjör hvenær sem þeir vilja, án þess að þurfa að skipta um símkerfi eða breyta virkni,“ segir Þorvaldur. „Notendur verða því ekki varir við breytinguna. Að okkar mati á viðskiptavinur að geta fært sig hvenær sem er, ef hann upplifir ekki þjónustuna eins og hann sá fyrir sér.“

## Sérhæfð þjónusta fyrir hótel

„Við sérhæfum okkur í símkerfum, netbúnaði, þráðlausum lausnum og tengdum búnaði fyrir hótel,“ segir Þorvaldur. „Við sjáum um mörg af stærstu hótelum landsins og fullt af minni hótelum um allt land,“ segir Þorvaldur. „Fyrir Bláa lónið erum við með sér kerfi, svokallaðar snjalltöflur. Við erum eina fyrirtækið sem selur þessa lausn hér á landi og Bláa lónið er eina fyrirtækið sem er með þetta hér.

Þetta eru spjaldtölvur sem eru sérhannaðar fyrir hótelið og eru í dokku á hverju herbergi,“ segir Þorvaldur. „Þar er hægt að fá upplýsingar um alla þjónustu sem er í boði á hótelinu og panta afþreyingu eða vörur sem eru í boði. Á Silica hótel jukust pantanir á alls kyns þjónustu eftir að þetta kerfi var sett upp.“

## Allt í einu kerfi

„Fyrirtæki geta leitað til okkar og fengið alla þjónustu,“ segir Þorvaldur. „Í raun eru farsímar það eina sem við höfum ekki, en við aðstoðum fyrirtæki við að finna hvar er best og ódýrast að hafa þá.

Það er líka allt innbyggt í kerfið sem við bjóðum, til dæmis skilaboðakerfi, myndfundakerfi, upptökubúnaður og þjónustuvershugbúnaður sem gefur upplýsingar um notkun og skilar skýrslum,“ segir Þorvaldur. „Það gerir alla vinnu mjög einfalda og í flestum öðrum kerfum kostar þetta allt aukalega.

3CX hugbúnaðarsímkerfið okkar virkar líka þannig að ólíkt samkeppnisaðilum okkar rukkum við ekki fyrir fjölda notenda, heldur fyrir hversu margir eiga að geta talað á sama tíma,“ segir Þorvaldur. „Hundrað manna fyrirtæki þarf þannig ekki að borga fyrir hundrað notendaleyfi, heldur geta þrjátíu dugað. Þetta er ein af ástæðunum fyrir að þjónusta okkar hentar hótelum svo vel, hótelgestir nota símann lítið og hótelin geta því sparað mikið á að skipta við okkur í stað þess að kaupa leyfi fyrir hvert herbergi.



Boðleið aðstoðar með alls kyns tölvubúnað og aukahluti.

> **„Fólk sem hefur áhuga eða er forvitið getur kíkt á okkur eða bókað tíma hjá sölumanni, sem kemur þá til viðkomandi. Það kostar ekki neitt og það er engin skuldbinding.**
>
> Þorvaldur Harðarson

Við getum líka aðstoðað með tölvubúnað, þráðlausar lausnir, internettengingar, myndbandseftirlitskerfi og Office 365 pakkann, en í honum er Outlook tölvupósturinn, Word, Excel, PowerPoint , Access, OneNote og Publisher,“ segir Þorvaldur. „Svo aðstoðum við líka þá sem vantar bókhaldskerfi eða CRM sölukerfi og getum tengt það allt við símkerfið okkar.“

## Ólíkar þjónustuleiðir

„Við erum með marga stóra viðskiptavini, meðal annars ríkisskattstjóra, tollstjóra, Vegagerðina, Strætó, mörg hótel, Hafnarfjarðarbæ og kerfi fyrir 5.000 notendur í Noregi,“ segir Þorvaldur. „Þannig að við erum vanir að sinna stórum verkefnum, en sinnum líka smærri fyrirtækjum. Engin verkefni eru of stór eða lítil.

Við bjóðum okkar kerfi bæði til sölu eða leigu, en það eru sömu möguleikar í boði sama hvort er valið,“ segir Þorvaldur. „Svo bjóðum við líka þjónustusamninga gegn föstu gjaldi sem kemur í veg fyrir óvæntan kostnað og gefur betra aðgengi að tæknimönnum, sem tryggir aukið rekstraröryggi.“

## Ókeypis kynning í boði

„Þeir sem hafa áhuga á þjónustu Boðleiðar geta skoðað vefsíðuna, en auk þess bjóðum við upp á fría kynningarfundi,“ segir Þorvaldur. „Þannig að fólk sem hefur áhuga eða er forvitið getur kíkt á okkur eða bókað tíma hjá sölumanni, sem kemur þá til viðkomandi. Það kostar ekki neitt og það er engin skuldbinding.

Við höfum oft hjálpað fyrirtækjum að finna leiðir til að lækka kostnaðinn hjá sér,“ segir Þorvaldur. „Fólk verslar oft hjá mörgum mismunandi aðilum og borgar of mikið. Í flestum tilfellum endar fólk með að koma í viðskipti við okkur en sumir nota þessar upplýsingar einfaldlega til að fá lægri verð hjá þeim sem þeir eru þegar að skipta við. Ef fólk er óánægt með eitthvað er hægt að hafa samband við okkur og við getum bent á hluti sem er hægt að lagfæra, sýnt því betri leiðir eða boðið því betri lausnir.“

# 30% afsláttur af rafdrifnum skrifborðum







Hæðarstillanleg rafdrifin borð stuðla að betri líkamsstöðu og bættri líðan í vinnunni.

Verð frá 68.947 kr.

Á. GUÐMUNDSSON EHF.
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur
sími 510 7300

www.ag.is
ag@ag.is

# Falleg og skilvirk hönnun

A4 býður fjölbreytt úrval vandaðra skrifstofuhúsgagna sem uppfylla kröfur nútímavinnustaða. Margar lausnir á skiptingu vinnurýmis og hljóðvist.

A4 er meðal annars í samstarfi við sænska framleiðandann EFG, rótgróið fyrirtæki sem hefur verið leiðandi í framleiðslu á skrifstofuhúsgögnum allt frá árinu 1885. Fjölbreytileiki og gæði er undirstaða hönnunarinnar,“ segir Sigurveig Ágústsdóttir, viðskiptastjóri fyrirtækjaþjónustu A4.

„Nútíma skrifstofurými eru gjarnan opin svo huga þarf að hljóðvist og aðstöðu hvers starfsmanns. Frá EFG bjóðum við mikið úrval húsgagna og lausna varðandi hljóðdempun og skilrúm til þess að skipta upp rými.“

## Mætir nútímaþörfum

„Tab S línan frá EFG er hönnuð til að mæta nútíma þörfum skrifstofunnar. Línan samanstendur af borð- og gólfskilrúmum og veggrömmum í fjölbreyttum stærðum. Fjölbreytt úrval áklæða er einnig í boði en skilrúmin eru fóðruð með polyesteráklæði og polyether.“

## Kite dregur úr hávaða

EFG Kite veggrammar eru sérstaklega hannaðir til að draga úr hljóðvistarvanda. Rammarnir eru fóðraðir með polyesteráklæði og endurunnu polyester að innan og bólstraðir með áklæði að utan. Áklæðið má velja í fjölda lita og einnig fást rammarnir í mörgum stærðum og í ólíkri lögun og eru fáanlegir í skemmtilegu mynstri sem lífgar upp á rýmið. Þá er einfalt að festa rammana upp.

## Herbergi í herberginu

EFG MySpace sófinn frá EFG er sérlega fallegur, léttur og þægilegur. Einstök hönnun sem býr til „herbergi í herberginu“ en hljóðdempandi svampurinn dregur úr umhverfishljóðum.

Sófann er hægt að sérpanta í hvaða lit sem er, með tauáklæði eða leðri. Bold pullurnar geta sett skemmtilegan svip á uppröðunina,“ segir Sigurveig.

## Ótal samsetningar

EFG Mingle sófinn er hannaður með hámarksþægindi og lágmarks fyrirferð í huga. Látlaus og falleg lína sem hægt er að setja saman á ótal vegu. EFG Mingle er hægt að sérpanta í hvaða lit sem er, með tau- eða leðuráklæði.“

## Gæðavottun

„Allar vörurnar frá EFG eru gæðaprófaðar og vottaðar,“ segir Sigurveig. „Í verslun okkar í Skeifunni erum við með sýningarsal þar sem skoða má úrvalið. Söluráðagjafar eru á staðnum og aðstoða viðskiptavini.“



Skrifstofulausnir EFG uppfylla kröfur nútímavinnustaða.



Úrval skilrúma og hljóðdempandi ramma með þykkri bólstrun fæst í A4.



Húsgögnin fást í ólíkum stærðum með mismunandi áklæði og lit.



Margir möguleikar í skiptingu rýmisins bjóðast frá EFG.



EFG Mingle er hægt að setja saman á ótal vegu



Kite veggrammarnir draga úr hávaða. Rammarnir fást í skemmtilegu mynstri sem lífgar upp á rýmið.



Sérpanta má húsgögn í þeim litum sem hæfa fyrirtækinu.



Bréfabindi
Tilboðsverð 469 kr.
Verð áður 689 kr.



Faber Castell áherslupennar
Tilboðsverð 599 kr.
Verð áður 999 kr.



Blýantur
Tilboðsverð 49 kr.
Verð áður 88 kr.

# Allt fyrir skrifstofuna



Fánablöð
5 lita:
Tilboðsverð 239 kr.
Verð áður 349 kr.

10 lita:
Tilboðsverð 349 kr.
Verð áður 499 kr.



Teygjumappa
Tilboðsverð 249 kr.
Verð áður 369 kr.



Kúlutússpenni
Tilboðsverð 269 kr.
Verð áður 499 kr.



Heftari
Tilboðsverð 2.589 kr.
Verð áður 3.699 kr.



L-möppur, 10 í pakka
Tilboðsverð 399 kr.
Verð áður 599 kr.



Gatari
Tilboðsverð 2.999 kr.
Verð áður 4.299 kr.



Fánamiðar
Tilboðsverð 239 kr.
Verð áður 399 kr.






Gelmotta
Tilboðsverð 11.992 kr.
Verð áður 14.990 kr.



Heyrnartól
Tilboðsverð 6.399 kr.
Verð áður 7.999 kr.

Gríptu með þér eintak af nýjasta tilboðsblaðinu okkar í næstu A4 verslun eða skoðaðu á www.a4.is

Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4 Kringlunni** / **A4 Skeifunni** / **A4 Smáralind** / **A4 Hafnarfirði** / **A4 Akureyri** / **A4 Egilsstöðum** / **A4 Selfossi**

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**



Í stað þess að vera í stóru opnu rými eru núna sjö til átta starfsmenn í hverju rými. MYND/EYÞÓR

# Starfsfólk með í breytingum

Opin vinnurými eru ekki alltaf til bóta og mikilvægt að skilgreina þau vel. Það urðu stjórnendur Landsnets varir við þegar ákveðið var að gera breytingar á húsnæðinu fyrir þremur árum.


Elín Albertsdóttir
elin@365.is




Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri á fjármálasviði Landsnets, segir að starfsfólkið sé mjög ánægt með þær breytingar sem gerðar voru. „Við höfum verið að taka húsið í gegn , hér var opið rými sem var ekki að virka nógu vel. Breytingarnar voru gerðar meðfram nýju skipuriti í fyrirtækinu, nýr forstjóri var að koma inn og nokkrar skipulagsbreytingar urðu í framhaldinu,“ útskýrir hún.

„Fólk var mjög óánægt með þetta opna vinnurými. Það var mikill erill og áreiti í umhverfinu og erfitt að einbeita sér. Við vorum svo heppin að fá Birgi Teitsson arkitekt og Lísu Kjartansdóttur innanhússarkitekt hjá Arkís í lið með okkur. Verkið var unnið innan frá, við stofnuðum hóp starfsmanna sem fékk það verkefni að skilgreina hvað betur mætti fara. Það skipti sköpum að fá starfsfólkið með okkur í þessar breytingar,“ segir Guðlaug.

Hús Landsnets er á þremur hæðum og L-laga. „Við vorum með kaffihorn á öllum hæðum og fólk var svolítið mikið í sínum hópi án þess að vera í tengslum við starfsfólk á öðrum hæðum. Við ákváðum að leggja þessar litlu kaffistofur niður og setja upp eina á annarri hæð í miðju húsi. Þar var innréttað smekklegt kaffihús með básum þar sem fólk úr öllum deildum gat hist og rabbað saman. Þetta hefur gengið vonum framar og við erum hvað stoltust af þessari breytingu. Ýmis mál innan fyrirtækisins eru leyst þarna. Öll hönnun tókst einstaklega vel. Við vorum með nafnasamkeppni innan fyrirtækisins og úr varð að kaffistofan fékk nafnið Kofinn. Núna hittumst við í Kofanum,“ segir hún. „Þarna geta verið litlir fundir þar sem málin eru rædd. Við höfum verið að gera ýmsar breytingar samhliða og erum enn að. Vörumerkinu var til dæmis breytt og við leggjum mikla áherslu á gildin okkar og að starfsfólkinu líði vel í vinnunni.“

Guðlaug segir að hinu stóra opna rými hafi verið að hluta skipt niður þannig að í hverju rými eru sjö til átta starfsmenn. „Húsnæðið var hugsað út frá hljóði, birtu og loftgæðum sem heppnaðist mjög vel. Fundarherbergi voru endurskipulögð og sett upp sérstök símaherbergi þar sem fólk getur farið afsíðis og talað í síma. Það hefur sömuleiðis komið mjög vel út. Það eru allir ánægðir með breytingarnar og við erum að nýta rýmið mun betur en áður.“




Skemmtilegt athvarf í miðju húsi. Þarna getur fólk sest niður og fengið sér kaffi og spjallað við vinnufélagana. MYND/EYÞÓR




Starfsfólkið er mjög ánægt með kaffiaðstöðuna.

> Fólk var mjög óánægt með þetta opna vinnurými. Það var mikill erill og áreiti í umhverfinu og erfitt að einbeita sér.



Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Landsneti

# Loksins færðu stuðning í vinnunni

sedus

Knoll

epal

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

**Quarterback frá Sedus**
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

**Epalverð:**
**64.900.-**





**Chadwick frá Knoll**
sameinar falleg form
og hámarksþægindi

**Epalverð:**
**89.800.-**

**HÖNNUÐUR: DON CHADWICK**



# -20% AF A7 RAFMAGNSBORÐUM

Með tveim mótorum, minnisstýringu og 5 ára ábyrgð.
Fjöldi stærða og lita í boði.

**Tilboðsverð frá: 81.360 kr.**

Þið finnið okkur á Facebook

# Hirzlan

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

## TENTO SKÁPAR OG HIRZLUR

1 **MÖPPUHILLA**
80 X 154,5
Verð áður: 51.900 kr.
**Nú: 41.520 kr.**

2 **TVÍSKIPTUR SKÁPUR**
80 X 189,5
Verð áður: 88.900 kr.
**Nú: 71.120 kr.**

3 **SKÁPUR** 80 X 222,5
Verð áður: 96.900 kr.
**Nú: 77.520 kr.**

4 **RENNIHURÐA SKÁPUR**
120 X 82,5
Verð áður: 72.900 kr.
**Nú: 58.320 kr.**

5 **FLETTIHURÐA SKÁPUR**
120 X 115,5
Verð áður: 104.900 kr.
**Nú: 83.920 kr.**

6 **SKÁPUR** 80 X 115,5
Verð áður: 62.900 kr.
**Nú: 50.320 kr.**



# KOMUM OKKUR ÚR KYRRSETU

## SITJUM Á HREYFINGU

**Það skiptir ekki bara máli að hann hreyfist, heldur hvernig hann hreyfist**

Dondola®

**WAGNER ERGOMEDIC 100-3**

VERÐ ÁÐUR 169.900 KR.

**VERÐ NÚ 118.930 KR.**

Fagaðilar mæla eindregið með Wagner

SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS

Elís Þór Rafnsson sjúkraþjálfari

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

*5 ára ábyrgð á neti, pumpu, armpúðum og Dondola



wagner

Einu stólarnir með 360° Dondola veltitækninni.

10 ára ábyrgð*

360° VELTITÆKNI

-30% AF ÖLLUM STÓLUM

# ÚTSALA

## PRIMA RAFMAGNSBORÐ



**TILBOÐSVERÐ:**

120X80 **56.000 kr.**

150X80 **58.600 kr.**

180X90 **67.800 kr.**

LITIR Í BOÐI: beyki, svart, hvítt, eik, grá eik, hlynur, kirsuberja og coffe.

## PRIMA SKÁPAR OG HIRZLUR



**SKÚFFUSKÁPUR (4 SKÚFFUR)**

Áður: 96.900 kr.

**Nú: 77.520 kr.**



**PRIMA MÖPPUSKÁPUR**

Áður: 96.900 kr.

**Nú: 77.520 kr.**



**PRIMA MÖPPUSKÁPUR**

Áður: 96.900 kr.

**Nú: 77.520 kr.**



**PRIMA MÖPPUSKÁPUR**

Áður: 96.900 kr.

**Nú: 77.520 kr.**

-30% AF PRIMA SKÁPUM OG HIRZLUM

MYNDFORM GRAFÍK



Starfsfólk Múlalundar vinnur verk sín af stakri vinnugleði og natni. Verkefnin eru fjölbreytt, bæði við eigin framleiðsluvörur sem og verkefni fyrir stærri og minni fyrirtæki og stofnanir í samfélaginu. MYNDIR/STEFÁN



Vandað handverk er aðalsmerki starfsfólks Múlalundar.



Það fæst allt fyrir skrifstofuna í verslun Múlalundar.



Það er öllu fólki nauðsynlegt að hafa vinnu og góða vinnufélaga.

# Góðvild og gæði á skrifstofuna

Múlalundur vinnustofa SÍBS býður fyrirtækjum og einstaklingum allt fyrir skrifstofuna, og skapar tækifæri fyrir fólk með skerta starfsorku til að leggja sitt af mörkum til atvinnulífsins. Úrval og verð kemur þægilega á óvart.

Á Múlalundi fást allar almennar skrifstofuvörur á einum stað, pappír og ritföng. Við segjum stundum að þetta sé einfaldasta samfélagsverkefnið, bara að panta og fá vörurnar sendar daginn eftir,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS.

Þar starfa dugmiklir einstaklingar sem þurft hafa að takast á við fötlun og veikindi, bæði andleg og líkamleg, í kjölfar slyss eða heilsubrests.

Sigurður segir ánægjulegt að sjá starfsfólk Múlalundar byggja upp sjálfstraust og þrótt með þátttöku á vinnumarkaði. „Fólki er mjög mikilvægt að fá að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu.“



Sigurður Viktor Úlfarsson er framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS

## Allt fyrir skrifstofuna

Múlalundur selur allt sem hugsast getur fyrir skrifstofuna og verðin eru vel samkeppnishæf.

„Oftar en ekki erum við ódýrari en aðrir,“ segir Sigurður sem á Múlalundi selur til dæmis gatapoka, plastvasa og klemmubækur framleiddar á Múlalundi auk viðbótarþjónustu eins og gyllingar merkis eða nafns á vörur. Þá má fá allar almennar skrifstofuvörur á einum stað.

„Máltækið „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ á vel við. Múlalundur stendur og fellur með stuðningi samfélagsins og því að einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir kaupi vörur af okkur,“ segir Sigurður og eiga viðskiptavinir ekki að þurfa að fara annað eftir almennum skrifstofuvörum.

„Að kaupa skrifstofuvörur af Múlalundi er einföld leið til að flétta saman samfélagslega ábyrgð og daglega starfsemi. Hver einasta króna skiptir Múlalund máli, ávinningurinn er samfélagsins í heild og við hjálpum fleirum sem glíma við fötlun eða veikindi að komast á vinnumarkað,“ segir Sigurður.

## Vefverslunin vinsæl

Á heimasíðunni mulalundur.is, er rekin stór vefverslun.

„Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali og bæði verð og úrval kemur flestum á óvart. Það er einfalt að versla á netinu og við sendum vörurnar strax daginn eftir,“ útskýrir Sigurður, en fari pöntun yfir 16 þúsund krónur er frí heimsending um allt land. Fyrir lægri pantanir er sendingargjald 2.150 krónur.

Á Múlalundi er sífellt leitað nýrra verkefna svo skjóta megi fleiri og styrkari stoðum undir reksturinn.

„Langtímaverkefni eru þýðingarmikil fyrir starfsemi Múlalundar og dæmi um slíkt er að setja saman fylgigögn með greiðslukortum, að líma strikamerki og leiðbeiningar á umbúðir fyrir innflytjendur, ávaxtapökkun fyrir Ávaxtabílinn og fleiri verkefni sem starfsfólk Múlalundar hefur sinnt um langt skeið,“ upplýsir Sigurður.

„Við erum opin fyrir því að taka að okkur hluta úr framleiðslu fyrirtækja, jafnt rótgróinna sem sprotafyrirtækja sem eru að stíga sín fyrstu skref, og allt sem kallar á mikla handavinnu. Með því tökum við að okkur fjölbreytt verkefni til lengri og skemmri tíma,“ upplýsir Sigurður og nefnir ýmis dæmi úr framleiðslu Múlalundar.

„Við framleiðum fallegar kápur utan um prófskírteini útskriftarnema framhalds- og háskólanna, sem gera útskriftargögnin eigulegri og útskriftina að meiri viðburði. Þá hefur ferðaþjónustan komið sterk inn með framleiðslu á upplýsingamöppum fyrir hótelherbergi og flottum kápum utan um matseðla, þar sem merki veitingastaðarins er gjarnan letrað á eða þrykkt í kápuna. Við framleiðum einnig plastkápur utan um ferðabækur og landakort bókaforlaganna, plöstum bækur og tímarit og öllum þessum verkefnum, pökkun, merkingum, gyllingum og meiru til, er sinnt af nákvæmni og natni af starfsfólki Múlalundar.“

## Öllum er mikilvægt að vinna

Frá árinu 1959 hefur Múlalundur verið rekinn af SÍBS, með stuðningi Happdrættis SÍBS. Þar hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri og blómstrað á ný.

„Árið 2017 greiddi Múlalundur yfir 100 milljónir í laun og skapaði varanleg störf fyrir meira en fjórutíu manns með skerta starfsorku. Að auki fengu aðrir fjórutíu tækifæri til að spreyta sig í fjögurra vikna vinnuprufum sem hjálpar fólki að komast af stað eftir langvarandi fjarveru frá vinnumarkaði,“ upplýsir Sigurður.

Múlalundur stendur sjálfur undir stærstum hluta tekna sinna, sem er allt að því einsdæmi á vinnustofum fólks með skerta starfsorku.

„Starfsemin stendur því og fellur með viðskiptavinum okkar og í dag eru mörg fyrirtæki að standa sig vel á sviði samfélagslegrar ábyrgðar,“ segir Sigurður.

## Virkir á vinnumarkaði

Góð samvinna er á milli Múlalundar og Reykjalundar, sem er einnig rekinn af SÍBS. „Múlalundur er einnig í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun og ræður fólk til vinnu af biðlistum, en umsækjendur geta þurft að bíða lengi á biðlista áður en þeir komast að,“ útskýrir Sigurður.

Sigurður kallar eftir aukinni meðvitund fyrirtækja um samfélagsmál fólks með skerta starfsorku. „Markmiðið er að sem flestir séu virkir á vinnumarkaði. Hjá Vinnumálastofnun eru til hvetjandi úrræði sem styðja fyrirtæki í að taka við fólki með fötlun eftir starfsendurhæfingu hjá Múlalundi og víðar. Störf á Múlalundi gefa þeim, sem annars sætu heima aðgerðarlausir, tækifæri til að spreyta sig og taka þátt í verðmætasköpun samfélagsins.“

Á Múlalundi er aðstaða til að taka á móti mun fleira starfsfólki en forsenda fjölgunar er aukin viðskipti og verkefni. „Þetta er hörkuduglegt fólk og það þarf að hafa nóg að gera, þótt vinnudagurinn sé lagaður að getu hvers og eins.“



**Múlalundur er opinn fyrir því að taka að sér hluta úr framleiðslu stórra sem smærri fyrirtækja og allt sem kallar á mikla handavinnu.**

Múlalundur vinnustofa SÍBS er við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500. Sjá nánar á mulalundur.is.

## Bílaþjónusta

Finndu okkur á Facebook
20%
Höfðabón

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**NULL**
Smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 832-1515

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Til sölu

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www. humarsalan.is Pöntunarsímí: 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

# Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7-13 og annan hvern lau. 8-14. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@ sveinsbakari.is**

**ÍBÚÐAHÓTEL Í 101 REYKJAVÍK**
óskar eftir þernum í hlutastarf, tilvalið fyrir skólafólk. Umsóknir sendist á jobs@apartmentk.is

Apartment Hotel in 101 Reykjavík seeks part time housekeepers. Please send applications to jobs@apartmentk.is

**ÍBÚÐAHÓTEL Í 101 REYKJAVÍK**
óskar eftir starfskrafti í móttöku, um er að ræða næturvaktir. Góð enskukunnátta og rík þjónustulund skilyrði. Umsóknir sendist á jobs@apartmentk.is

Apartment Hotel in 101 Reykjavik is looking for a Night Receptionist. Fluent english and good customer service skills are required. Please send applications to jobs@apartmentk.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR OG AÐRIR VERKAMENN**
Höfum og getum útvegað smiði og aðra verkamenn sem geta hafið störf innan skamms.

Nánari upplýsingar í síma 551 5000 og proventus@proventus.is


# HÚSBÍLAÆÐI !



**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll**
árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum öxli aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.990.000**
**Verð nú 4.250.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast.
**Verð 4.990.000.-**
**Verð nú 3.650.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur.
**Verð 4.990.000,**
**Verð nú 3.650.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll**
árg 2008, ekinn 117 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 4.990.000**
**Verð nú 3.650.000.**



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.590.000**
**Verð nú 4.750.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 110 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 til 3 tvöfalt rúm aftast sólarsella **Verð 5.990.000**
**Verð nú 4.650.000.**



SELDUR

**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **Verð 4.990.000**
**Verð nú 2.200.000.**
Bíllinn er bílaður líklegast með ónýta vél.



**Dacia Dokker 1.5 diesel árg 2016,**
ekinn 28 þ. km, 5 gíra, svefnpláss fyrir 2, sólarsella og öndun á topp, klár í notkun.
**Verð 1.990.000.-**



Range Rover Vogue diesel 3.6 vél, ekinn 205 þ. km, sjálfskiptur, bíllinn er nánast með öllu.
**Verð 3.990.000**
**Verð nú 3.490.000**

**Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600**

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

TOURINGCARS

## Aukin gjaldtaka hraðar samþjöppun

„Það hefur orðið mikil samþjöppun í útgerð á Íslandi og það er þróun sem við sjáum í sjálfu sér ekki fyrir endann á,“ segir Daði Már Kristófersson, auðlindahagfræðingur við Háskóla Íslands.

„Því hærra gjald sem er tekið, þeim mun hraðari verður þessi þróun. Við sjáum mjög glögglega hagkvæmni stærðar í sjávarútvegi. Það standa ákveðnar líkur til þess að stífari gjaldtaka leiði til þess að minnstu fyrirtækin heltist hraðar úr lestinni og meðalfyrirtækin stækki hraðar. En það er hins vegar pólitísk spurning hverju sinni hvort það sé ákjósanlegt eða ekki,“ nefnir hann.

Hann bendir á að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi meðal annars hvatt til þess að stuðst sé í meiri mæli við græna skatta og auðlindagjöld, enda valdi slíkir skattar ekki allratapi í sama umfangi og til dæmis tekju- og neysluskattar. Með hærri veiðigjöldum væri til dæmis hægt að lækka aðra skatta á móti og draga þannig úr allratapi. Hins vegar komi önnur sjónarmið, líkt og sanngirnis- og byggðasjónarmið, jafnframt til skoðunar.



**Daði Már Kristófersson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.**

Daði Már segir að ef litið sé til hlutfalls veiðigjalda af heildarrentu sé ljóst að veiðigjöldin séu ekki mjög íþyngjandi, í það minnsta ekki í samburði við nágrannaþjóðir okkar. Bæði Færeyingar og Grænlendingar taki hærri veiðigjöld af útgerðum en Íslendingar. Gjaldtakan sé ekki heldur í neinni líkingu við þau gjöld sem nágrannaþjóðir okkar taki af öðrum auðlindum. Þannig geri norska ríkið ráð fyrir að taka tæplega 90 prósent af rentunni í olíuframleiðslu í Norðursjónum. „Við komumst ekki nálægt því með veiðigjöldunum.“

milljarðar af yfirstandandi fiskveiðiári,“ útskýrir hann.

Auk þess sé afsláttur af veiðigjaldi, sem reiknaðist út frá skuldastöðu fyrirtækja árið 2011, fallinn úr gildi. Fleiri fyrirtæki greiði nú hærri gjöld en áður.

### Versnandi arðsemi

Samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands drógust rekstrartekjur í sjávarútvegi saman um 42 milljarða eða 11 prósent árið 2016. EBIT – rekstrarhagnaður fyrir skatta og fjármagnsliði – minnkaði enn fremur um 17 milljarða eða 26 prósent á milli ára. Hefur EBIT í atvinnugreininni dregist saman um ríflega 30 prósent á síðustu átta árum á sama tíma og rekstrarhagnaður hefur aukist um 65 prósent í viðskiptahagkerfinu.

Helstu afkomutölur sjávarútvegsfyrirtækja hafa þróast til verri vegar á síðustu árum í samanburði við aðrar atvinnugreinar. Á það sérstaklega við um arðsemi eigna, þ.e. EBIT sem hlutfall af eignum, en samtímis og hún dróst saman um 48 prósent í sjávarútvegi á árunum 2012 til 2016 jókst hún um þrjú prósent í viðskiptahagkerfinu og 22 prósent í ferðaþjónustu, svo fáein dæmi séu tekin.

Útlit er fyrir að árið 2017 hafi verið lakara ár í sjávarútvegi en árið 2016, að sögn Jónasar Gests, enda hafi verkfall sjómanna í byrjun ársins og lækkað verð sjávarafurða í íslenskum krónum sett sinn svip á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja. Hann segir þetta ár, 2018, geta orðið svipað og síðasta ár en það fari þó eftir þróun gengis og annarra óvissuþátta.

Þrátt fyrir verri framlegð sjávarútvegsfyrirtækja hefur skuldastaða þeirra þróast með jákvæðum hætti undanfarið að því leyti að heildarskuldir greinarinnar hafa farið lækkandi og eiginfjárhlutfall hækkandi, en það var ríflega 44 prósent árið 2016. Greinin hefur jafnframt hagnast um 50 milljarða króna að meðaltali á ári síðustu ár.

Verri arðsemi sjávarútvegsfyrirtækja hefur jafnframt leitt af sér minni arðgreiðslur. Útreikningar Markaðarins leiða í ljós að útgreiðsla arðs nam um 23 prósentum af hagnaði í atvinnugreininni árið 2016 samanborið við 44 prósent árið 2014.

Arðgreiðslur fyrirtækja í sjávarútvegi fóru vaxandi á árunum 2009 til 2014 samhliða bættri skuldastöðu eftir að hafa dregist verulega saman í kjölfar fjármálahrunsins. Þær hafa hins vegar dregist að nýju saman á allra síðustu árum og hefur samdrátturinn að jafnaði verið meiri en í öðrum atvinnugreinum. Arðgreiðslur sem hlutfall af hagnaði á árunum 2010 til 2016 voru 21,5 prósent í sjávarútvegi en 30,8 prósent í viðskiptahagkerfinu.

### Öfugsnúin umræða

Ásgeir segir það almennt ofmetið í umræðunni hvað ríkið geti sótt mikið fjármagn með því að skattleggja sjávarútvegsfyrirtæki. Ekki sé um neinar verulegar fjárhæðir að ræða sem skipti sköpum fyrir rekstur ríkissjóðs. Hann bendir jafnframt á að bankar og sjávarútvegsfyrirtæki greiði stærstan hluta af þeim tekjuskatti sem lagður er á fyrirtæki.

„Umræðan er oft á tíðum öfugsnúin. Í stað þess að ræða hvernig við getum nýtt skattpeningana betur snýst umræðan iðulega um að láta sjávarútveginn fjármagna heilbrigðiskerfið, menntakerfið og allt sem okkur dettur í hug með hærra auðlindagjaldi. Það er bara ekki hægt. Sem betur fer er íslenskur sjávarútvegur vel rekin grein sem getur greitt milljarða til ríkisins en fjárhæðin er ekki af þeirri stærðargráðu að það skipti sköpum fyrir ríkissjóð,“ segir Ásgeir og bætir við:

„Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Ef sjávarútvegurinn á að borga hátt auðlindagjald verður hann að fá að vera í takt við tímann og standast erlenda samkeppni. Það er ekki samtímis mögulegt að hindra hagræðingu með því að þvinga upp á atvinnugreinina einhverjum pólitískum markmiðum. Mikil hagræðing hefur átt sér stað í greininni undanfarna áratugi. Hagkvæmari fyrirtæki hafa keypt út þau lakari og samhliða hafa fyrirtækin stækkað en jafnframt hefur litlum og sérhæfðum fyrirtækjum fjölgað. Við hljótum að vilja leyfa greininni að þróast áfram í friði.“

Jónas Gestur segir að veiðigjöldin hafi vissulega áhrif á rekstur stærri fyrirtækja en þau hafi meiri möguleika en þau minni á því að hagræða og mæta auknum gjöldum með kostnaðarsparnaði, fjárfestingum og vélvæðingu.

„Fyrirtæki í sjávarútvegi greiða 20 prósenta tekjuskatt af hagnaði sínum en ef veiðigjöldunum er bætt við má halda því fram að þau greiði allt að tvöfaldan þann tekjuskatt sem fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum þurfa að greiða og jafnvel rúmlega það. Það eru flestir sammála um að sjávarútvegsfyrirtæki eigi að greiða fyrir aðgang að auðlindinni en sé skattlagningin of há mun hún eðlilega leiða til gríðarlegrar fækkunar í greininni og til þess að menn þurfa að grípa til hagræðingaraðgerða, eins og við höfum séð síðustu ár.“ Hann tekur sem dæmi að veiðigjöld af þorski geti farið í 8 til 14 prósent af hráefnisverði. Slík skattheimta sé augljóslega íþyngjandi fyrir mörg fyrirtæki.

### Álögð veiðigjöld




Heimild: Fiskistofa

**Fyrirtæki í sjávarútvegi greiða 20 prósenta tekjuskatt af hagnaði sínum en ef veiðigjöldunum er bætt við má halda því fram að þau greiði allt að tvöfaldan þann tekjuskatt sem fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum þurfa að greiða.**

Jónas Gestur Jónasson, sviðsstjóri ráðgjafarsviðs Deloitte







ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# Verðbólgan í fótbolta er rétt að byrja



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

**Hið neikvæða er að þetta mun að öllum líkindum hafa í för með sér enn meiri ójöfnuð í fjárhagslegum styrk þekktustu liðanna og hinna**

Hvernig gat hann kostað 20 milljarða? Eru þessar upphæðir í fótboltanum ekki komnar út í bölvaða vitleysu? Í kjölfar félagsskipta Philippes Coutinho til Barcelona um helgina hefur mikið verið rætt um óðaverðbólgu í knattspyrnuheiminum og hvort einhver innistæða sé fyrir henni. Ég tel svo vera og ekki bara vegna aukins fjölda ofurríkra eigenda.

Bráðlega hefjast viðræður um næsta útsendingarrétt frá enska boltanum. Sá samningur sem nú er í gildi var um 70% hærri en sá fyrri og þrefalt dýrari en árin 2010-2013. Fréttir herma að nú muni sjónvarpsstöðvarnar fá samkeppni frá aðilum á borð við Amazon, Google og Facebook og verðið gæti hækkað enn frekar. Það skiptir samt fleira máli en sjónvarpið og þó ef til vill sé minna rætt um markaðssetningu knattspyrnuliða en leikmannasölur og sjónvarpsútsendingar hefur vöxturinn einnig verið gríðarlegur á þeirri hlið rekstursins. Nýr samningur Barcelona við Nike tekur gildi á næsta tímabili, en hann mun skila liðinu 140 milljónum punda (20 milljörðum króna) á ári. Ný auglýsing á treyjunum bætir 44 milljónum punda (6 milljörðum) við.

Hvert sem litið er virðast upphæðirnar hækka, einkum þó hjá þekktustu félagsliðum Evrópu og í ensku úrvalsdeildinni. Allt er þetta afleiðing sömu þróunar, vaxtar alþjóðlegu millistéttarinnar. Sá vöxtur er vonandi bara rétt að byrja. Raunar spáir bandaríska hugveitan Brookings 30% vexti milli áranna 2016 og 2022, en það er milljarður manna. Reiknað er með að 88% þess vaxtar verði í Asíu, þar sem markaðssetning fótboltans hefur verið á fleygiferð. Vexti millistéttar fylgir að fleiri hafa einhverja aura á milli handanna til að kaupa sér áskrift að áhugamálinu, varning eða horfa á leikinn með félögunum á hverfisbarnum. Meiri neyslu fylgja enn fremur meiri tekjur fyrir stærstu auglýsendur heims, sem eru einmitt Facebook og Google. Áhugi þeirra á að festa þennan spennandi markhóp á miðlum sínum ætti því ekki að koma á óvart.

Hið neikvæða er að þetta mun að öllum líkindum hafa í för með sér enn meiri ójöfnuð í fjárhagslegum styrk þekktustu liðanna og allra hinna. Sjónvarpstekjum er vissulega dreift með merkilega jöfnum hætti í ensku úrvalsdeildinni en á meðan General Motors greiðir Manchester United 53 milljónir punda fyrir auglýsinguna fær Burnley 2,5 milljónir frá Dafabet. Það heldur enginn með Burnley í Asíu. Kannski var það ekki svo vitlaust þegar breyta átti nafni Hull í Hull City Tigers og merki Cardiff city var breytt í rauðan dreka.

# Markþjálfun fyrir betri árangur hjá fyrirtækjum



**Finnur G. Gunnþórsson**
meðstjórnandi IFC Iceland, félags markþjálfa



**Markþjálfun snýst um að hjálpa fólki að draga fram þau verkfæri sem búa innra með því til að sinna starfi sínu sem best**

Nútímafyrirtæki standa frammi fyrir stöðugum breytingum í rekstrarumhverfi og leita nýrra leiða til að ná árangri fyrir sjálfbærni til langframa. Mestu verðmæti hvers fyrirtækis eru mannauðurinn, sem skapar virði fyrir það og er lykill að viðvarandi árangri. Færa þarf starfsfólki verkfæri til að það geti eflst í starfi og unnið verkefni sín þannig að hæfileikar þess fái að njóta sín. Hvernig fólk nálgast verkefni sín skiptir miklu máli fyrir árangur. Þess vegna hafa æ fleiri fyrirtæki leitað til markþjálfunar sem miðar að því að hjálpa hverjum og einum að tengja drifkraft og þekkingu sína við framkvæmdir heildarinnar.

Þegar munur er á valdsviði fólks og hlutverkum, skiptir máli fyrir stjórnendur að auðvelt sé fyrir starfsmenn að bera undir þá álitamál og verkefni. Notkun samtalstækni, sem snýr beint að verkefnum og árangri og veitir þeim sem hana hafa lært sérstaka athygli í hlustun, getur aukið sköpunarmátt og ekki síður eflt traust á milli aðila. Margir bera með sér samskiptamynstur frá uppeldi sínu yfir á vinnustað hvort sem það er til góðs eða ills. Mikilvægur hluti af faglegum stjórnunarháttum felst þar af leiðandi í því að rýna í samskipti og hvernig er hægt að stuðla að faglegum og uppbyggilegum samskiptum. Þannig ýta stjórnendur sem læra sjálfir og beita markþjálfun undir beina og opna tjáningu við starfsfólk.

Sýnt hefur verið fram á að markþjálfun fyrir starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja eykur árangur og arðsemi. Mörg fremstu fyrirtæki heims nota markþjálfun nú þegar sem mikilvægan hluta af sínum stjórnunarháttum, sem dæmi má nefna Microsoft, Apple og Shopify. Þau hafa uppgötvað að samtal við starfsfólk, að fá endurgjöf frá því og geta hlustað af athygli ber meiri árangur en stjórnun í fyrirskipunarstíl. Með því að skapa umhverfi þar sem samskipti eru af heiðarleika, umhyggju og skilvirkni styður fyrirtækið við starfsfólk sitt og heldur sig frekar að stefnumiðum. Markþjálfun snýst um að hjálpa fólki að draga fram þau verkfæri sem búa innra með því til að sinna starfi sínu sem best.

Í krefjandi starfsumhverfi er mikilvægt að kveikja neista hjá fólki í samskiptum svo að heildin nái því besta fram þegar kemur að mikilvægum verkefnum. Starfsfólk, sem gengur vel, á öflugri samskipti og líður betur í starfi, skapar meiri verðmæti. Markþjálfun getur bætt stjórnunarhætti, byggt upp markvissari einstaklings- og hópavinnu og hvatt til betri og uppbyggilegri samskipta sem leiða til meiri verðmætasköpunar.

Nýtt öflugt
**bókhaldskerfi** í skýinu
*frá manninum sem færði okkur Dynamics Ax*

Prófaðu frítt í 30 daga



*Erik Damgaard*
*Stofnandi Uniconta*

Frá aðeins 1.999 á mánuði *(án vsk)*

UNICONTA
www.uniconta.is




# Öruggir. Skilvirkir. Í lit.

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýja HP fjölnotaprentaranum sem gjörbyltir prentiðnaðinum með lágum kostnaði per prentaða blaðsíðu. Nýju HP fjölnotaprentararnir státa af framúrskarandi öryggi, hámarka notkunartíma og tryggja sem besta framleiðni.

### Öryggi

Vertu tilbúinn í ný lög á sviði persónuverndar með prentlausn sem er á verði allan sólahringinn. Sjálfvirkt eftirlit og öryggi í rauntíma (WIP).

### Skilvirkni

Meiri afköst, hraðvirkari útprentun, ódýrari rekstur og umhverfisvænni prentun með betri nýtingu.

### Í lit

Björt og skýr lita- eða svart/hvít útprentun með lægri kostnaði á blaðsíðu.

## Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/prentrekstur**

*Blaðsíðuverð fer eftir samsetningu samnings og tekur breytingum eftir lengd samnings og hvaða búnað hann inniheldur.

Opin Kerfi – allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

VERT.IS

# Skotsilfur

## Situr enn í stjórn



Samninganefnd ríkisins stendur um þessar mundir í ströngu, enda eru kjarasamningar fjölmargra opinberra starfsmanna lausir Athygli hefur vakið að **Ólafía B. Rafnsdóttir**, sem var pólitískur aðstoðarmaður Benedikts Jóhannessonar, fyrrverandi fjármálaráðherra, situr enn í stjórn samninganefndarinnar þrátt fyrir að ný ríkisstjórn hafi tekið við völdum. Ólafía var pólitískt skipuð í samninganefndina af ráðherra Viðreisnar og telja því margir eðlilegt að nýr fjármálaráðherra skipi sinn fulltrúa áður en kjaraviðræðurnar komast í hámæli.

## Umrótatímar



Ekki er ofmælt að umtalsverðar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi og skipulagi Icelandair Group síðustu vikur og mánuði. Í liðinni viku kynnti félagið nýtt skipulag, sem felur í sér að starfseminni verður skipt í annars vegar alþjóðaflugstarfsemi og hins vegar fjárfestingar. Leituðu stjórnendur Icelandair, en **Björgólfur Jóhannsson** er forstjóri félagsins, til ráðgjafarfyrirtækisins Boston Consulting Group sem var þeim innan handar við breytingarnar. Þá búast margir við að tíðinda verði að vænta síðar í mánuðinum hvað varðar frekari hagræðingaraðgerðir hjá félaginu.

## Benedikt í stjórn



**Benedikt Ólafsson**, fjármálastjóri Skeljungs, mun taka sæti í stjórn Heimkaupa eftir að olíufélagið keypti þriðjungshlut í Wedo, sem á vefverslanirnar Heimkaup, Hópkaup og Bland.is. Benedikt hefur stýrt fjármálasviði Skeljungs frá því í febrúar árið 2016, en áður starfaði hann sem forstöðumaður teymis sérhæfðra fjárfestinga hjá Stefni. Tilkynnt var um kaup Skeljungs á þriðjungshlut í Wedo í síðasta mánuði. Um var að ræða 280 milljóna hlutafjáraukningu. .

## Nikkei 225 ekki hærri í 26 ár




Áfram halda hlutabréfavísitölur að hækka í Asíu við mikinn fögnuð fjárfesta. Japanska vísitalan Nikkei 225 hækkaði um 0,5 prósent í kauphöllinni í Tókýó í gær og hefur ekki verið hærri í ríflega 26 ár. Hækkanirnar síðustu daga má einkum rekja til fregna af viðræðum Kóreuríkjanna en margir vona að þær muni skila sér í bættum samskiptum á milli ríkjanna. Um er að ræða fyrstu beinu viðræður ríkjanna í tvö ár. NORDICPHOTOS/GETTY

# Einkaframkvæmd: Við höfum göngin til góðs



**Halldór Benjamín Þorbergsson**
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Hvalfjarðargöng eru mjög vel heppnuð einkaframkvæmd. Lærdómurinn er sá að það á að nýta markaðslausnir við uppbyggingu og rekstur vegakerfisins. Nýlegar fréttir herma að Spölur muni hætta að innheimta veggjald í Hvalfjarðargöng í sumar. Um svipað leyti mun fyrirtækið afhenda ríkinu göngin til eignar. Þá verða liðin 20 ár frá opnun þeirra. Rekstur ganganna gekk vonum framar og allt stóðst sem að var stefnt. Brýn uppbygging vegakerfisins mun hins vegar ekki verða að veruleika á næstu árum nema til komi ný hugsun og nýjar fjármögnunarleiðir. Sporin heilla í þeim efnum. Því ber að nýta kosti markaðsaflanna við uppbyggingu og reksturs vegakerfisins eins og gert var með Hvalfjarðargöngum.

### Meiri einkaframkvæmd

Gerð og rekstur Hvalfjarðarganga er dæmi um velheppnaða einkaframkvæmd í samgöngum. Samið var við einkafyrirtækið Spöl um gerð, rekstur og fjármögnun ganganna á grundvelli verkáætlunar þar sem gert var ráð fyrir að veggjöld myndu greiða framkvæmda- og rekstrarkostnað á 20 árum. Umferðin hefur verið mun meiri heldur en gert var ráð fyrir en á móti hefur veggjaldið lækkað jafnt og þétt samanborið við verðlag.

Í upphafi var gert ráð fyrir að hluti ökumanna kysi að fara fyrir Hvalfjörð. Sú hefur ekki verið raunin. Þeir sem fara fyrir Hvalfjörð gera það sér til yndisauka en ekki af sparnaðarástæðum. Um 7.000 bílar aka á degi hverjum um Hvalfjarðargöng á ári að meðaltali og sú tala fer yfir sumartímann í hátt í 10 þúsund bíla.

### Rétt forgangsröðun

Fátt bendir til annars en að umferð á höfuðvegum aukist umtalsvert á næstu árum. Einungis hluti tekna ríkissjóðs af ökutækjum rennur til Vegagerðarinnar sem annast rekstur og uppbyggingu vegakerfisins. Í tilviki Hvalfjarðarganga hafa hins vegar allir fjármunir sem notendur ganganna hafa innt af hendi runnið í fjármögnun ganganna. Til þess var leikurinn gerður. Framkvæmdir í vegakerfinu eru hins vegar fjármagnaðar af almennum skatttekjum ólíkt því sem áður var.

Við ríkisvæðum okkur ekki út úr áskorunum framtíðar. Margar brýnar og kostnaðarsamar framkvæmdir verða ekki fjármagnaðar af almennu ríkisfé á næstu árum. Innviðir munu áfram gjalda fyrir hræðslu stjórnmálamanna við að nýta markaðsöflin og allir tapa. Mikilvæg verkefni á sviði heilbrigðis, menntunar og félagsþjónustu, svo dæmi sé tekið, munu knýja á um hlutdeild í hugsanlegum auknum tekjum ríkissjóðs á komandi árum. Kröfur á ríkissjóð til góðra verka vaxa frá ári til árs.

Grunnhugsunin við einkaframkvæmd er að skapa aukinn hvata fyrir framkvæmdaaðila til að skila af sér fullbúnu verki, með lágmarkstilkostnaði og með tilliti til þess að viðhaldskostnaði sé haldið í lágmarki á rekstrartímanum. Hagræði næst fram með því að tvinna saman hagsmuni framkvæmda- og rekstraraðilans. Kostnaður við rekstur vegarins fellur á rekstraraðilana á samningstímanum öfugt við hefðbundnar vegaframkvæmdir, þar sem framkvæmdaaðili er jafnan laus flestra mála við afhendingu.

### Gerum kröfur

Heppilegt fyrirkomulag við einkaframkvæmdir er að útgjöldum vegna framkvæmdar er jafnað yfir líftíma eignarinnar í stað þess að allur kostnaður sé gjaldfærður í upphafi eins og annars er gert. Einkaaðilar geta að jafnaði tryggt sér hagstæðari lánakjör í gegnum einkaframkvæmd en ella, þar sem lánveitandi er í raun að lána einkaaðila út á veð í fyrirfram ákveðnu fjárstreymi. Þannig fjármagnaði Spölur Hvalfjarðargöng án ríkisábyrgðar, öfugt við það sem oft er haldið fram í almennri umræðu. Betur má ef duga skal, einkaframkvæmd er kall og svar tímans.

# Gleðilegt stafrænt byltingarár!



**Guðrún Ragnarsdóttir**
ráðgjafi hjá Strategíu og FKA-félagskona

Ein af þeim byltingum sem mikið hefur verið fjallað um undanfarna mánuði er stafræna byltingin eða 4. iðnbyltingin eins og sumir vilja kalla hana. Áherslan hefur aðallega verið á tækniþátt byltingarinnar en minna verið rætt um það hvaða eða hvers konar breytingar hún er að kalla á hjá fyrirtækjum og stofnunum. Hraði er stærsti einstaki þátturinn sem hefur gjörbreytt viðskiptaumhverfi okkar sem kallar á hugfarsbreytingu hjá þeim kynslóðum sem stýra fyrirtækjum og stofnunum landsins í dag. Árið 2000 kostaði það um 5.000.000 dollara að stofna fyrirtæki í Bandaríkjunum en árið 2012 var sú tala komin niður í 50.000 dollara. Þessi breyting ein og sér hefur gert það að verkum að áhættan við að stofna nýtt fyrirtæki er það lítil að einstaklingar eru mun viljugri að stökkva út í djúpu laugina og láta á það reyna hvort draumar þeirra geti ræst.

En hvað þýðir þetta fyrir fyrirtæki og stofnanir sem starfa á markaðnum í dag? Jú, fleiri og fleiri fyrirtæki koma ný inn á markaðinn með nýjar lausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem voru jafnvel óhugsandi fyrir ekki svo löngu síðan. Nýjasta dæmið hér á landi er nýtt kreditkort og lánveitingar á vegum Nova í gegnum AUR-appið. Það er talvert síðan að sprotafyrirtæki fóru að bjóða ýmsar lausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki á sviði fjármála þó svo mín kynslóð hafi alist upp við að slík þjónusta sé alfarið í höndum fjármálafyrirtækja.

Nýjar áskoranir kalla á nýjar nálganir. Þetta snýst ekki lengur um að segja viðskiptavininum hvað þú getur gert fyrir hann heldur að spyrja viðskiptavininn hvað þú getur gert fyrir hann og þannig reynt að finna lausn á hans þörf, hvort sem um er að ræða einstakling eða fyrirtæki.

Okkur hefur verið kennt að í stefnumótunarvinnu eigi að verja góðum tíma við að greina annars vegar innri styrkleika og veikleika fyrirtækja og stofnana og hins vegar ógnanir og tækifæri í ytra umhverfinu. Margt bendir til að í dag dugi sú aðferðafræði skammt þar sem hraðinn er það mikill að þær forsendur sem unnið var með í upphafi greiningarvinnunnar eru jafnvel úreltar þegar stefnumótuninni lýkur. Það sem skiptir mestu máli er að vita hvert fyrirtækið er að fara og hvaða gildi verða höfð að leiðarljósi á þeirri vegferð. Hvernig fyrirtækið ætlar að komast þangað og á hvaða forsendum. Með öðrum orðum, hvaða lausnir fyrirtækið ætlar að bjóða upp á þarf að vera stöðug og lifandi umræða sem er innbyggð í genamengi fyrirtækisins. Mörg fyrirtæki eru þegar farin að huga að þessum málum enda ekki seinna vænna. Er þitt fyrirtæki eitt af þeim eða er það enn þá að velta fyrir sér hvernig það geti „brugðist við" stafrænu byltingunni?


K
ristján Rúnar Egilsson
Áður sundlaugarvörður.
Nú starfandi prentsmiður.
MEÐ TROMP Á HENDI FRÁ VIRK
Þegar einstaklingur missir starfsgetu vegna slyss eða veikinda snýr VIRK spilinu við með markvissri uppbyggingu og sérfræðistuðningi. Fjölbreyttur hópur fagaðila um allt land vinnur að árangursríkri starfsendurhæfingu sem skilar sterkum einstaklingum aftur út á vinnumarkaðinn.
VIRK
Starfsendurhæfingarsjóður
Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík, sími 535 5700
www.virk.is
K
ristján Rúnar Egilsson
Kristján var í óskastarfi sem sundlaugarvörður þegar hann slasaðist illa. Hann sökk ítrekað í þunglyndi, kvíða og félagsfælni. Sérhæfð ráðgjöf VIRK gaf honum kjark til að takast á við líf og störf á ný.

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 10. janúar 2018

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Skoða sölu á verslunarfyrirtækjum

Eigendur verslananna Egils Árnasonar og Harðviðarvals skoða nú mögulega sölu á fyrirtækjunum. Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa þeir leitað til verðbréfafyrirtækisins Arctica Finance til þess að kanna áhuga fjárfesta á kaupum á fyrirtækjunum.

Egill Árnason og Harðviðarval eru í eigu feðganna Ásgeirs Einarssonar og Einars Gottskálkssonar. Ásgeir segir í samtali við Markaðinn að ekkert formlegt söluferli sé í gangi eins og staðan sé í dag. Engin ákvörðun hafi verið tekin um slíkt.



**Ásgeir Einarsson framkvæmdastjóri**

Egill Árnason hagnaðist um ríflega 89 milljónir króna árið 2016 borið saman við 19 milljóna króna hagnað árið áður. Voru rekstrartekjur verslunarinnar 751 milljón króna árið 2016. Átti félagið eignir upp á 315 milljónir króna í lok ársins. Hagnaður Harðviðarvals nam 45 milljónum króna árið 2016 og dróst saman um 11 milljónir króna á milli ára. Rekstrartekjur verslunarinnar voru 407 milljónir og jukust um 136 milljónir frá árinu 2015. Eignirnar voru um 114 milljónir í lok árs 2016. **– kij**

**07.01.2018**

**Auðvitað efast maður stundum en fyrir mér var það í raun aldrei í boði að gefast upp.**



Sigurður Kjartan Hilmarsson, forstjóri Siggi's skyr

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Breyttur heimur

**Athyglisvert** er að fylgjast með viðbrögðum fyrirtækja við breyttum markaðsaðstæðum. Það á ekki síður við á okkar litla markaði en erlendis. Þannig keypti Disney á dögunum alla hluti í Twentieth Century Fox og fékk breska sjónvarpsrisann Sky með í kaupbæti. Þar er vitaskuld verið að bregðast við breyttri heimsmynd. Efnisveitur á borð við Netflix, Apple og Google vinna þvert á landamæri og hafa þvingað hefðbundnu sjónvarpsfyrirtækin til að breyta um kúrs.

**Runninn er upp** tími stórra alþjóðlegra afþreyingarrisa sem gera allt í senn, framleiða efni og koma því til skila gegnum eigin miðla. Nú er meira að segja sagt að Apple renni hýru auga til Netflix, og samkvæmt því útlit fyrir enn frekari samþjöppun.

**Í breskri** smásölu eru sömuleiðis uppi áhugaverðir tímar. Þar er netið stærsti áhrifavaldurinn. Mörg gamalgróin verslunarfyrirtæki eiga því undir högg að sækja. Þau standa einfaldlega uppi með allt of langa leigusamninga og fermetra sem nýtast ekki í nýrri og breyttri heimsmynd. Gömlu bresku stórverslanirnar eiga margar hverjar afar erfitt uppdráttar. Bæði Debenhams og House of Fraser virðast hafa átt afleita jólavertíð. Engir augljósir kostir eru í stöðunni fyrir þessi félög önnur en að fækka fermetrum, skera niður kostnað og leggja aukna áherslu á netið. Slíkt tekur hins vegar tíma og þolinmæði sem er af skornum skammti.

**Íslensk** matvöruverslun er annar geiri sem nú gengur í gegnum breytingar. Tilkoma Costco breytti að ákveðnu leyti stöðunni. Samkeppniseftirlitið fjallar nú um væntanlegan samruna Haga og Olís annars vegar, og N1 og Festar hins vegar. Þreifingar hafa sömuleiðis verið milli Skeljungs og 10-11, en síðarnefnda félagið virðist vera að kaupa Eldum rétt í ofanálag. Þá hafa smærri félög eins og Kostur lagt upp laupana, og Víðir er í söluferli.

**Þá eru** ónefndar aðrar breytingar á matvörumarkaði. Netverslun og heimsendingar eru að ryðja sér til rúms. Alls óvíst er hverjum tekst best upp á þeim vettvangi. Hvað sem því líður er ljóst að viðskiptaumhverfið er kvikt sem aldrei fyrr. Enginn getur gengið að neinu vísu í breyttum heimi.


ÁSTRÍÐA

GuðjónÓ

VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is



www.pwc.is



**Er bókhaldið ekki þín sterkasta hlið?**

Bókhald | Laun | Uppgjör | Skattur

*Við leysum málið!*

pwc

**PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is**

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

**Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur**






**Frakkastígsreitur** | Frakkastígur 8E , Hverfisgata 58 A og B

# NÝJAR ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR

Á Frakkastígsreit eru í byggingu 67 litlar og meðalstórar íbúðir sem munu tengjast skjólgóðum, lokuðum garði.

Á götuhæðum bygginganna sem snúa að Laugavegi, Frakkastíg og Hverfisgötu verða verslanir, veitingahús og fjölbreytt þjónusta.

Um er að ræða 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir. Auk þess eru tvær stórar penthouse íbúðir. Stæði í bílageymslu fylgir með hluta af íbúðunum. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.

**Stærð frá 56,5 fm - 178 fm.**
**Verð frá 40,9 millj.**

Velkomin í
**OPIÐ HÚS**
**MIÐVIKUDAGINN**
10. janúar
**Kl. 16 – 17**

**GENGIÐ INN UM BÍLAGEYMSLU HVERFIS-GÖTUMEGIN**





**EIGNAMIÐLUN**
588 90 90 · **eignamidlun.is**

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



**Sveinn Eyland**
**Löggiltur fasteignasali**
**Sími 690 0820**

**LANDMARK SMÁRINN**
Sameinumst og eflum liðsheild með aukinni reynslu og þekkingu

**HLÍÐASMÁRA 2 // KÓPAVOGUR // SÍMI 512 4900**
**LANDMARK@LANDMARK.IS // WWW.LANDMARK.IS**

**Þórarinn Thorarensen**
**Sölustjóri**
**Sími 770 0309**






**14 SELDAR**







- Bjartar og vel skipulagðar 2ja – 4ra herb. íbúðir á góðum stað.
- Íbúðirnar eru 68.8 – 128.4 fm, stæði í bílgeymslu með meirihluta íbúða.
- Íbúðir eru afhentar fullbúnar án aðalgólfefna í apríl / júlí 2018
- Sérinngangur og sérafnotareitur með íbúðum á jarðhæð.
- Rúmgóðar suður-svalir með íbúðum á hæðum.
- Húseignir eru klæddar að utan og því viðhaldslitlar, lyfta er í stærra húsi.
- Vaxandi hverfi í Mosfellsbæ.

**Verð kr. 33.5 – 49.9. millj.**

**Byggingaraðili NÝ-HÚS byggingarverktakar**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ásgeir Lárusson**
Hlíðargötu 4, Tungu,
Neskaupstað,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað fimmtudaginn 4. janúar. Útförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 12. janúar klukkan 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.

**Unnur Bjarnadóttir**
**Heimir Ásgeirsson** **Freyja Theresa Ásgeirsson**
**Sveinn Ásgeirsson** **Hólmfríður Th. Brynjólfsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Yndislegi eiginmaður minn og
besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir,
afi og sonur,

**Haraldur Ragnarsson**
húsasmíðameistari,
Gauksási 49, Hafnarfirði,

sem varð bráðkvaddur á heimili sínu miðvikudaginn 3. janúar, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju föstudaginn 12. janúar kl. 13.00.

**Kristín Þóra Sigurðardóttir**
**Árni Mar Haraldsson** **Ágústa Sigurlaug Guðjónsdóttir**
**Ívar Örn Haraldsson** **Lára Björk Bragadóttir**
**Sigurður Ragnar Haraldsson** **Margrét Eva Einarsdóttir**
**Arnór Gauti Haraldsson** **Vífill Harðarson**
**Salóme Kristín Haraldsdóttir**
**barnabörn**
**Bjarney Gréta Sigurðardóttir**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð,
hlýhug og stuðning vegna andláts
ástkærrar móður okkar, tengdamóður,
ömmu, langömmu
og langalangömmu,

**Bergþóru Jóhannsdóttur**
Eiðismýri 30,

sem jarðsungin var 08.01.2018.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á kirkjunefnd kvenna Dómkirkjunnar í Reykjavík, líknarsjóð.

**Jóhann Kristjánsson** **Agnethe Kristjánsson**
**Nína V. Kristjánsdóttir**
**Sigurður H. Kristjánsson**
**Guðmundur Kr. Kristjánsson**
**Kjartan O. Kristjánsson** **Júlíana F. Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma
og langamma,

**Gyða Gunnarsdóttir**
Snælandi 2, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 20. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum góða aðhlynningu á Landspítala við Hringbraut.

**Snæbjörn Kristjánsson**
**Matthildur Kristjánsdóttir**
**Gunnar Kristjánsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir mín, amma, langamma
og tengdamóðir,

**Guðrún Jóhannsdóttir**
Vesturtúni, Álftanesi,

lést á Landspítalanum 1. janúar. Útförin fer fram frá Garðakirkju 18. janúar kl. 15.00.

**Þorbjörg Jóhannsdóttir**
**Ingibjarni Viðarsson**
**Stefán Geir Tryggvason**
**Rannar Carl Tryggvason**
**barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



Elsku hjartans pabbi okkar,
tengdapabbi, afi og langafi,

**Þorvaldur Ragnarsson**
fyrrverandi forsetabílstjóri,
fæddur 19. nóvember 1933,

lést í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn 8. janúar á hjúkrunarheimilinu Ísafold. Útför hans fer fram í Áskirkju þriðjudaginn 16. janúar kl. 13.00.

**Ásthildur Þorvaldsdóttir**
**Jóna Þorvaldsdóttir**
**Anna María Þorvaldsdóttir**
**tengdasynir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Knútur Guðmundsson**
Kríulandi 21,
Garði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 7. janúar. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðmundur Jens Knútsson** **Anna Marý Pétursdóttir**
**Unnur Guðrún Knútsdóttir** **Jón Jóel Ögmundsson**
**Bryndís Knútsdóttir** **Örn Sævar Holm**
**Vilborg Knútsdóttir** **Þórður Þorkelsson**
**Jenný Kamilla Knútsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu
sem sýndu okkur samúð og hlýhug
við andlát okkar ástkæru móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Jakobínu G. Finnbogadóttur**
Bíbí
Aragötu 4, Reykjavík.

**Nanna D. Björnsdóttir** **Andy Hunter-Arundell**
**Ólöf G. Björnsdóttir** **Magnús Árnason**
**Sveinbjörn Egill Björnsson** **Kolbrún S. Benediktsdóttir**
**Helga Lilja Björnsdóttir**
**Guðrún Þ. Björnsdóttir** **Þorsteinn Barðason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri sonur,
bróðir og barnabarn,

**Davíð Örn Ívarsson**

lést á heimili sínu sunnudaginn 24. desember.
Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju í dag, 10. janúar, klukkan 13.00.

**Ester Jónsdóttir**
**Sigrún Anna Ragnarsdóttir**
**Jón Matthíasson** **Sigrún Magnúsdóttir**

**Ívar Harðarson** **Valgerður Jónsdóttir**
**Ívar Örn Ívarsson**
**Karen Ívarsdóttir**
**Hörður Adolphsson** **Halldóra Pálsdóttir**

---



Elskulegur eiginmaður minn,
sonur, pabbi, tengdapabbi,
afi, bróðir og mágur,

**Sigurður Kristján Lárusson**
Kjarnagötu 41, Akureyri,

lést 3. janúar.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 15. janúar kl. 13.30.

**Valdís Ármann Þorvaldsdóttir**
**Sigrún Guðný Gústafsdóttir**
**Lárus Orri Sigurðsson** **S. Sveindís Benediktsdóttir**
**Sigurlína Dögg Sigurðardóttir**
**Kristján Örn Sigurðsson** **Elsa Sif Björnsdóttir**
**Aldís Marta Sigurðardóttir** **Guðni Rúnar Kristinsson**
**Sigurður Marteinn, Aron Kristófer, Sveinn Ármann,**
**Helena Dögg, Hildur Jana, Alís, Heba Katrín,**
**Kristjana Valdís**
**Ragnheiður Lárusdóttir** **Stefán Ívar Hansen**

---



Elskulegur eiginmaður minn,

**Aage Valtýr Michelsen**
Hraunbæ B, Hveragerði,

lést að morgni sunnudagsins 7. janúar á sjúkrahúsinu Selfossi.
Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir mína hönd og annarra aðstandenda,**
**Kristín Björg Jóhannesdóttir**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Gíslína Garðarsdóttir**
Boðaþingi 24,

lést þann 7. janúar á Hrafnistu í Kópavogi. Útförin verður auglýst síðar.

**Henry Þór Henrysson**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**

---



Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigurveig Inga Hauksdóttir**

lést þriðjudaginn 26. desember og fer útför hennar fram frá Hallgrímskirkju í Reykjavík fimmtudaginn 11. janúar klukkan 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Björgunarsveitina Erni.

**Ásta Ingibjörg Pétursdóttir** **Helgi Hjálmtýsson**
**Svanhildur Helgadóttir**
**Sigurveig Þórhallsdóttir** **Sigurjón Ólafsson**
**Pétur Sigurjónsson**

---



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Ásta Sigurðardóttir**
verslunarkona,
Borgarnesi,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 2. janúar.

**Sigurður Halldórsson** **Ásta Kristín Guðmundsdóttir**
**Brynjúlfur Halldórsson** **Vigdís Hallgrímsdóttir**
**Hlynur Snær, Sigurlaug, Bryndís,**
**Brynjar Tumi og Elín Ásta**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Áslaug Brynjólfsdóttir**
fyrrverandi fræðslustjóri
í Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 12. janúar klukkan 13.

**Ragnheiður Guðmundsdóttir** **Daniel Friedan**
**Birgir Guðmundsson** **Ingibjörg Elíasdóttir**
**Gunnar B. Guðmundsson** **Ulla Uhrskov**
**Guðrún B. Guðmundsdóttir** **Kristján Matthíasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur Kjartansson**
Hólavallagötu 11,

lést á Landspítalanum Fossvogi 1. janúar. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 11. janúar kl. 11.

**Villa María Einarsdóttir**
**Kjartan Ólafsson** **Anna Guðmundsdóttir**
**Einar Ólafsson** **Þorgerður Ester Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 88%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup júl.-sept. 2017.




Allt sem þú þarft ...

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Fremur hæg suðlæg átt víðast hvar í dag, dálítlar skúrir og síðan él, en rigning með köflum um tíma norðaustanlands. Hiti 0 til 5 en frystir víða til landsins norðaustan til um kvöldið.




## Fimmtudagur

Reykjavík 4° 12
Ísafjörður -2° 5
Akureyri -2° 5
Egilsstaðir -1° 5
Kirkjubæjarkl. 3° 7
Hveravellir -2° 16

## Föstudagur

Reykjavík 6° 11
Ísafjörður 2° 17
Akureyri 5° 15
Egilsstaðir 4° 19
Kirkjubæjarkl. 6° 13
Hveravellir 1° 18

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 1 | 6 | 3 | |
| | 2 | 1 | | | 5 | 4 | | |
| 3 | 8 | 9 | 2 | | | 1 | | |
| 9 | | | | | 7 | | | 5 |
| | 6 | | | | | 7 | 4 | |
| | 5 | | 3 | 6 | | 8 | 1 | |
| 8 | 7 | | 6 | | | | 2 | |
| 2 | | | | | 3 | | | 4 |
| | 1 | | | | 9 | | 7 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 4 | 2 | | | | 6 |
| | | | 5 | 1 | | 3 | | |
| 1 | 3 | | | 7 | 9 | 2 | | |
| 5 | 2 | | | | 1 | | | |
| 3 | | | 8 | | | 1 | | 7 |
| | | 1 | | | 4 | | 3 | |
| | | 3 | 9 | | | | | |
| 7 | | | | | 5 | 6 | | |
| | | | | | 2 | | 5 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 6 | | | |
| | 8 | 3 | | 9 | | | 2 | 7 |
| | 5 | | 7 | | | 1 | 9 | |
| 6 | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | 5 | | | | |
| 3 | | | | | | 8 | | |
| | | | 9 | | | | | |
| | | | 8 | | 1 | 9 | 6 | |
| 8 | 1 | | | 6 | | | 7 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. þíða
5. umrót
6. titill
8. krota
10. hljóm
11. tækifæri
12. fita
13. ógætinn
15. kroppur
17. mælieining

**LÓÐRÉTT**
1. vínandi
2. mót
3. klaka
4. afhending
7. gunga
9. slæpist
12. stela
14. bót
16. skóli

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | | ■ |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. afísa, 5. los, 6. fr, 8. krassa, 10. óm, 11. lag, 12. tólg, 13. óvar, 15. líkami, 17. karat.
**LÓÐRÉTT:** 1. alkóhól, 2. form, 3. ísa, 4. afsal, 7. raggeit, 9. slórar, 12. taka, 14. vík, 16. ma.

## Skák Gunnar Björnsson

Mokry átti leik gegn Urbaneja í Novi Sad árið 1990.
**Hvítur á leik**
**1. Dc4! 1-0.** Svartur gaf því riddarinn fellur. Skákþing Reykjavíkur hefst á morgun.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 5 | 7 | 9 | 2 | 4 |
| 6 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 4 | 9 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 | 7 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 |
| 1 | 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 1 | 7 | 3 | 2 | 9 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 6 | 4 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 6 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 1 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 1 | 3 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 2 | 3 | 1 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




LAGERHREINSUN
AÐEINS Í KRINGLUNNI 2.HÆÐ
30-70%
AFSLÁTTUR



hrím
www.hrim.is
Kringlunni 2. hæð / 553-3003







# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 10. JANÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Wang Wen (CN) & For a Minor Reflection
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Kínverska rokksveitin Wang Wen spilar á Húrra ásamt For a Minor Reflection.

### Viðburðir

**Hvað?** Merkasta ár Íslandssögunnar? Fræðslufundur Vitafélagsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húsnæði Sjóstangaveiðifélags Íslands, Grandagarði
Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur mun fjalla um hag íslensku þjóðarinnar árið 1918, áföll sem dundu á þjóðinni (frostavetur, Kötlugos, spænsku veikina), áhrif heimsstyrjaldarinnar fyrri, fullveldið og siglingar (millilandasiglingar, strandsiglingar).

**Hvað?** Kjallarauppistand / Open Mic Night
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Um „Open Mic Night“ er að ræða þar sem reyndir og óreyndir grínistar geta æft sig fyrir framan fullum sal. Hver grínisti fær um 5 mínútur til að koma sínu efni til skila. Atvinnugrínistar í hóp Goldengang Comedy loka svo kvöldunum.

**Hvað?** Sögustund fyrir yngstu börnin
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Lesin verður sagan Þú átt gott Einar Áskell.

**Hvað?** Ljóðakvöld til heiðurs Rod og Raspútín
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Miðvikudagskvöldið 10. janúar kl. 20.00 standa Samtök ungra skálda (SUS) fyrir ljóðakvöldi til heiðurs afmælisstrákunum Rod Stewart og Grígorí Jefemóvíts Raspútín. Deilt er um hvort Raspútín hafi verið holdgun alls þess sem heilagt er eða líkamningur hins illa en vinsældir Rods Stewart eru hins vegar með öllu óumdeildar.

### Sýningar

**Hvað?** Undir – Steingrímur Gauti Ingólfsson
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Bókasafn Mosfellsbæjar
Steingrímur Gauti er fæddur árið 1986 og hefur verið virkur í sýningarhaldi síðan hann útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2015. Í Listasalnum eru sýnd ný verk, en Steingrímur Gauti málar aðallega tilraunakennd abstraktmálverk.

**Hvað?** Ange Leccia – Hafið
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafn Íslands



For a Minor Reflection spilar með kínversku rokkurunum í Wang Wen.

Franski myndlistarmaðurinn Ange Leccia (f. 1952) er fæddur á Korsíku og sérstaða eyjunnar hefur ætíð heillað hann sem skapandi myndhverfing á mörkum tíma og rúms. Hann tók að vinna með kvikmyndatæknina sem listform snemma á níunda áratug liðinnar aldar og hafa tilraunir hans sett mark sitt á vöxt vídeómiðilsins í franskri samtímalist.

**Hvað?** Stór-Ísland
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Á sýningunni Stór-Ísland eru sýnd verk sjö listamanna, það eru Anna Hallin, Claudia Hausfeld, Jeannette Castioni, Joris Rademaker, Rebecca Erin Moran, Sari Cedergren og Theresa Himmer. Listamennirnir eru frá Svíþjóð, Þýskalandi, Ítalíu, Hollandi, Bandaríkjunum, Finnlandi og Danmörku en hafa búið og starfað á Íslandi um lengri eða skemmri tíma.

**Hvað?** Tveir samherjar
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Sigurjón Ólafsson (1908-1982) og Asger Jorn (1914-1973) voru báðir áhrifavaldar í framúrstefnulistinni í Danmörku á fjórða og fimmta áratug liðinnar aldar og voru í nánum tengslum þar til Sigurjón hvarf til Íslands að stríði loknu. Báðir tóku þeir þátt í tímamótasýningunum Linien 1937, Skandinaverne 1939 og Teltudstillingen 1941.

**Hvað?** Jack Latham – Mál 214
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Sýning um Guðmundar- og Geirfinnsmálið, eitt stærsta og umdeildasta sakamál Íslandssögunnar.

**Hvað?** D31 Anna Rún Tryggvadóttir: Garður
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Náttúrunni í garði Önnu Rúnar hefur verið umbreytt. Hún tekur á sig ófyrirséðar myndir þegar ólík efni mætast og finna sér sinn eigin farveg innan rammans sem sýningin býður upp á. Umbreytingarferlið verður áhorfendum ljóst og verkin verða síbreytileg í efnislegum gjörningi.

**Hvað?** Orka
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá því að Steina (Steinunn Briem Bjarnadóttir Vasulka) varð fyrst íslenskra myndlistarkvenna fulltrúi þjóðarinnar á Feneyjatvíæringnum, efnir Vasulka-stofa til sýningar á vídeóinnsetningu hennar, Orka, sem Steina sýndi í íslenska skálanum í Feneyjum árið 1997.






## Nú er lag, Lotta

**LEIKHÚS**

**Galdrakarlinn í Oz**

★★★☆☆

**Tjarnarbíó**

**Leikhópurinn Lotta**

**Leikskáld:** Ármann Guðmundsson
**Leikstjóri:** Ágústa Skúladóttir
**Leikarar:** Rósa Ásgeirsdóttir, Baldur Ragnarsson, Sigsteinn Sigurbergsson, Anna Bergljót Thorarensen og Huld Óskarsdóttir
**Tónlist:** Ármann Guðmundsson, Baldur Ragnarsson, Eggert Hilmarsson, Rósa Ásgeirsdóttir og Snæbjörn Ragnarsson
**Söngtextar:** Anna Bergljót Thorarensen, Ármann Guðmundsson, Baldur Ragnarsson og Snæbjörn Ragnarsson
**Leikmynd:** Móeiður Helgadóttir og Sigsteinn Sigurbergsson
**Búningar:** Rósa Ásgeirsdóttir og Sigsteinn Sigurbergsson
**Hljóðmynd:** Baldur Ragnarsson
**Ljós:** Kjartan Darri Kristjánsson
**Hljóð:** Þórður Gunnar Þorvaldsson

Leikhópurinn Lotta á mikið hrós skilið fyrir að sinna yngstu áhorfendunum um land allt eins vel og hann hefur gert síðastliðinn áratug. Nú fagnar hann tíu ára afmælinu með því að flytja sig tímabundið inn fyrir dyr og frumsýndi endurunna útgáfu af Galdrakarlinum í Oz í Tjarnarbíói. En ekki skal örvænta um að hópurinn sé hættur að ferðast, því er lofað í leikskránni að leikferðunum verði haldið áfram.

Upphaflegur höfundur sögunnar af Dórótheu er hinn bandaríski L. Frank Baum sem skrifaði heilan sagnabálk um töfralandið Oz og fyrsta bókin er fyrir löngu orðin klassík, þá ekki síst vegna bíómyndarinnar. Leikhöfundur nú er Ármann Guðmundsson sem heldur þéttingsfast á skærunum og styttir verkið niður í rúmlega klukkutímalanga sýningu sem er duglega krydduð með frumsömdum lögum. Áhorfendur fara í ferðalag með heilalausu fuglahræðunni, hjartalausa pjáturmanninum, huglausa ljóninu og auðvitað Dórótheu í leit að galdrakarlinum ógurlega í smaragðsborginni Oz.

Rósa Ásgeirsdóttir fer fyrir leikhópnum í hlutverki Dórótheu og leiðir hann af krafti. Baldur Ragnarsson á góða spretti sem fuglahræðan, þá sérstaklega í fyrri hluta sýningar. Anna Bergljót Thorarensen líður svolítið fyrir frekar óspennandi ljón en nær samt að vekja lukku. Huld Óskarsdóttir hefur það ærna verkefni að leika heilan hóp af galdrafólki og á sterka kafla sem vonda vestannornin. En það er Sigsteinn Sigurbergsson í hlutverki pjáturmannsins hjartalausa sem stelur senunni með liprum leik og bráðskemmtilegri innkomu sem er bæði vel skrifuð og útfærð.

Stórt teymi stendur að baki tónlistinni og orkumiklum lögum er sáldrað duglega í framvinduna. Textavinnan er ansi góð á sumum stöðum en þess væri óskandi að tónlistin væri meira spennandi og spyrja má hvort svona stórt tónlistarteymi aftri því að skýrara þema og breiðara tónsvið er ekki að finna í hljóðheiminum. En nýjum íslenskum söngleikjum skal taka fagnandi, því skal ekki gleyma.

Ágústa Skúladóttir hefur gífurlega reynslu af leikstjórn barnasýninga en að þessu sinni springa dramatísku uppgjörin ekki nægilega vel út þó að undirbyggingin sé hin fínasta. Þetta skrifast bæði á handritið og leikstjórnina: endalok vondu nornarinnar eru snubbótt, hinn ógurlegi galdrakarl í Oz er ekki nægilega vel útfærður og þegar Dóróthea smellir hælunum þrisvar vantar upp á töfrana.

Leikmyndin er hugvitsamlega leyst eins og Móeiði Helgadóttur er einni lagið en nú skipa hún og Sigsteinn sviðsmyndateymið. Færanlegir flekar á hjólum eru notaðir til að búa til litríkan sviðsheim og heppnast að mörgu leyti vel þó að tilfærslurnar eigi eftir að smyrjast aðeins betur. Aftur á móti var ákveðið að skrifa gula tígulsteinsveginn með öllu út úr sýningunni sem er miður því hann er eitt þekktasta tákn sögunnar. Búningarnir, sem Rósa og Sigsteinn sáu um, voru sömuleiðis vel heppnaðir og þar stendur klæðnaður hinna svokölluðu maulara algjörlega upp úr.

Galdrakarlinn í Oz, í leikgerð Leikhópsins Lottu, hrasar stundum en valhoppar á öðrum stundum skemmtilega með urmul af ágætum lögum sér til aðstoðar. Nú er lag fyrir þennan metnaðarfulla leikhóp að nýta tíu ára afmælið og smella saman enn þá betri sýningu næst byggðri á þeirri gífurlegu reynslu sem hópurinn hefur.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Fjörugur söngleikur þó að herslumuninn vanti þegar á heildina er litið.




# Á sérstakan sess í huga þjóðarinnar

**Árið er 1918. Frostavetur, Kötlugos, spænska veikin, fullveldi Íslands og áhrif heimsstyrjaldar. Þetta allt og ætlar Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur að tala um á fræðslufundi Vitafélagsins í kvöld vestur á Grandagarði 18.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Gunnar Þór segir að árið 1918 hafi verið viðburðaríkt. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

Ég skrifaði bók um fyrri heimsstyrjöldina og er núna að vinna að bók um fullveldið svo ég er búinn að fara í gegnum margar heimildir frá þessum tíma,“ segir Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur sem fjallar um hag íslensku þjóðarinnar árið 1918 á fræðslufundi Vitafélagsins í kvöld og byrjar klukkan 20 í húsnæði Sjóstangaveiðifélags Íslands að Grandagarði 18. „Það urðu svo dramatískir atburðir þetta ár, frostaveturinn upp úr áramótunum og Kötlugosið og spænska veikin um haustið. Svo kemur fullveldið ofan á í lokin.“

Fyrri heimsstyrjöldinni lauk líka þetta ár, er fimmta atriðið sem Gunnar Þór ætlar að nefna. „Árin 1917 og 18 voru erfið hér á Íslandi vegna stríðsins og siglingateppu, skorts á vörum og skömmtunar á matvælum. Allt hafði það áhrif en frostið, gosið og spænska veikin eru samt enn dramatískari. Ég er búinn að fara í gegnum blöð og ótal greinar, minningar fólks sem eru þessir atburðir ofarlega í huga og þar er líka áberandi hvernig fólk þessu slær öllu saman.“

Frostaveturinn náði til allra byggða landsins en var enn harðari fyrir norðan en sunnan, að sögn Gunnars Þórs. „Fyrir norðan fór frostið niður í 37-8 gráður en í um 25 hér sunnanlands. Svo vorum við að kvarta og kveina um daginn í 5-6 stiga frosti! En þessi fimbulkuldi stóð bara í þrjár vikur. Það var kominn hiti á mæli hér í Reykjavík í lok janúar en í minningum fólks var hér eilífðarkuldi.“

Svo kom Kötlugosið um haustið og spænska veikin um svipað leyti. „Kötlugosið hafði fyrst og fremst áhrif í Skaftafellssýslum og þegar maður les lýsingar fólks á myrkrinu, öskufallinu og vatnsflaumnum skynjar maður hvers konar hamfarir það voru. Alger mildi að enginn skyldi deyja. Það er skiljanlegt að þessir atburðir hafi orðið þeim sem upplifðu þá eftirminnilegir. Fólk sá gosið frá Reykjavík, það fór upp á Skólavörðuholt og sá strókinn þaðan.“

> **SVOKEMUR KAFFIPÁSA OG EFTIR ÞAÐ VERÐUR SPJALLAÐ. ÉG VONA AÐ ÞAR KOMI EINHVERJAR FRÁSAGNIR FRAM LÍKA OG ÞETTA VERÐI DÁLÍTIÐ SKEMMTILEGT**

Gunnar Þór kveðst reikna með þriggja kortéra erindi. „Mér skilst að það sé venjan,“ segir hann. „Svo kemur kaffipása og eftir það verður spjallað. Ég vona að þar komi einhverjar frásagnir fram líka og þetta verði dálítið skemmtilegt þó auðvitað séu umræðuefnin af alvarlegum toga.“

Í hvaða blöð skyldi Gunnar Þór helst ná sér í heimildir um ofangreinda atburði? „Það var gefinn út fjöldi blaða á Íslandi á þessum tíma, líklega hátt í tuttugu, með vikublöðunum. Morgunblaðið, Vísir og Fréttir voru dagblöðin þrjú á tímabili, svo var Lögrétta, Ísafold og Landið svo eitthvað sé nefnt.

### Mannskæð farsótt

**Spænska veikin var inflúensufaraldur sem gekk yfir heiminn árin 1918-19, Talið er að 50 milljónir manna hafi dáið af völdum hennar, enda mannskæðasta farsótt sem sögur fara af.**

**Veikin er talin hafa borist til Íslands með skipunum Botníu frá Kaupmannahöfn og Willemoes frá Bandaríkjunum 19. október 1918, sama dag og fullveldi Íslands var samþykkt. Í byrjun nóvember er fyrsta dauðsfallið skráð og 11. nóvember eru tveir þriðju Reykvíkinga rúmfastir. Talið er að 484 Íslendingar hafi látist úr spænsku veikinni, þar af 258 í Reykjavík.**
***Af Wikipedíu***

Meira að segja Vestmannaeyingar gáfu út blað á þessum tíma, það hét Skeggi. Þetta var gullöld blaðaútgáfu.“

Í lokin minnir Gunnar Þór á að tvær merkilegar, íslenskar skáldsögur hafi haustið 1918 og atburði þess í bakgrunni, Sælir eru einfaldir eftir Gunnar Gunnarsson og Mánasteinn eftir Sjón.

# Miklu meira en bara ódýrt

Hjólbörur
100 kg burðargeta
4.895

Frábært úrval af VIAIR loftdælum

8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L

1.895
Avo fjölsviðmælir

2T Tjakkur í tösku
3.795

2T Búkkar
2.995

Jeppatjakkur 2.25T 52cm
17.995

Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
29.999

Háþrýstidæla 1650W
9.999

frá 2.995
Bílaþvottakústar

9.895
Vélastandur 1000lb

WD40 - 400ml (20% afsláttur ef keyptur er kassi)
985

Vélagálgi 2T
44.999

7.495
Viðgerðarkollur, hækkanlegur

BERNAL Bílskúrshurðaopnarar
24.985

4.995
Ljósabretti f/kerrur

Álskóflur
frá 1.999

495
Hitamælir mikið úrval

Vinnuvetlingar PU Flex
295

Sekkjatrillur í miklu úrvali

Fötur/Balar/Tunnur/Stampar, mikið úrval

Ruslapokar 90L/120L/140L/190L 10/25/50stk
Einnig glærir
frá 385

Strekkibönd og teygjur við allra hæfi

Tröppur og stigar í frábæru úrvali

Mikið úrval af dekkjum og flutningspöllum

Strákústar
frá 585

# Allt fyrir listamanninn

kolibri

## Kolibri trönur
í miklu úrvali, gæðavara á góðu verði

## Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar í hæsta gæðaflokki á afar hagstæðu verði

Frábært úrval af strigum

Ný sending af strigum frá Sara&Alma

REMBRANDT

AMSTERDAM

Amsterdam akrýllitir

Van Gogh vatnslitir

Ný sending frá Talens, Rembrant, Van Gogh, Amsterdam

Van Gogh olíulitir

Perfectpro Lunchbox vinnuútvörp, ryk og vatnsvarinn, margar gerðir

Scantool Hverfisteinarnir komnir aftur

9.999
Silverline Hleðsluborvél 18V Li-Ion

16.999
METABO KS 216M Lasercut bútsög

29.985
METABO KGS216M Lasercut bútsög m/framdragi

9.999
Silverline Sverðsög 800W

Loftpressa 8Bör 180L 24L
19.995

7.995
Sjálfvirkur suðuhjálmur m/photosellu

19.995
Silverline súluborvél

# Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur




### HOUDINI
KL. 21:55

Mögnuð mynd í tveimur hlutum, byggð á sögu sjónhverfingamannsins heimsfræga Harry Houdini. Aðalhlutverk leika Adrien Brody og Kristen Connolly.

Magnað **Miðvikudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

### JAMIE´S 15 MINUTE MEALS
KL. 19:30




Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.

### BLACK WIDOWS
KL. 20:20




Svörtu ekkjurnar hafa ráð undir rifi hverju til þess að viðhalda lífsstíl sem þeim líkar. Skandinavískur spennuþáttur af bestu gerð.

### LIAR
KL. 21:05



Hörkuspennandi breskir spennuþættir um Lauru sem er nýfráskilin. Hún kynnist hinum fullkomna manni og í kjölfarið flækist líf þeirra til muna og það verður ekki aftur snúið.

### NASHVILLE
KL. 23:20




Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.

### FAR FROM THE MADDING CROWD
KL. 22:00



Sagan gerist á Viktoríutímanum í Englandi, en þar eru þrír biðlar á eftir hinni ákveðnu og sjálfstæðu Bathshebu Everdene.

### LEGENDS OF TOMORROW
KL. 21:15



Frábærir þættir um tímaflakkarann Rip Hunter sem er að reyna að koma í veg fyrir endalok heimsins eins og við þekkjum hann.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

### STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Blíða og Blær
**07.45** The Middle
**08.10** Mindy Project
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** My Dream Home
**11.05** Save With Jamie
**11.50** Logi
**12.35** Nágrannar
**13.00** Fósturbörn
**13.25** Grantchester
**14.15** Major Crimes
**14.55** The Night Shift
**15.40** The Path
**16.35** Anger Management
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Jamie's 15 Minute Meals
**19.55** The Middle
**20.20** Black Widows Önnur syrpa þessara frábæru skandinavísku spennuþátta. Þættirnir fjalla um þrjár vinkonur sem allar eiga það sameiginlegt að hafa fjarlægst eiginmenn sína og í raun fengið nóg af þeim. Þær grípa því til örþrifaráða og ákveða að koma þeim fyrir kattarnef og sjá með því fyrir sér áhyggjulaust ævikvöld.
**21.05** Liar
**21.50** Houdini
**23.15** Nashville
**00.45** Snatch
**01.30** Room 104
**01.55** The Third Eye Hörkuspennandi norskir þættir um rannsóknarlögreglumann sem verður fyrir því áfalli að dóttir hans hverfur sporlaust í hans umsjá. Hann á erfitt með að sætta sig við veruleikann og neitar að trúa því að hún komi ekki í leitirnar og reynir að hafa uppi á henni ásamt því að leysa önnur glæpamál.
**02.45** The Third Eye
**03.35** Meet the Blacks
**05.10** Outsiders

### STÖÐ 2 SPORT

**08.05** Ensku bikarmörkin 2017
**08.35** Manchester City - Bristol City
**10.15** Tottenham - West Ham
**11.55** Arsenal - Chelsea
**13.35** Snæfell - Keflavík
**15.00** Njarðvík - Þór Þ.
**16.30** Domino's-körfuboltakvöld 2017/2018
**18.10** Manchester City - Bristol City
**19.50** Chelsea - Arsenal
**21.55** FA Cup 2017/2018
**23.40** FA Cup 2017/2018

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Everton - Manchester United
**08.40** Brighton - Bournemouth
**10.25** Leicester - Huddersfield
**12.05** Messan
**13.45** Leeds United - Nottingham Forest
**15.30** Manchester City - Bristol City
**17.10** Southampton - Crystal Palace
**18.55** Manchester City - Watford
**20.40** Domino's-körfuboltakvöld 2017/2018
**22.20** Boston Celtics - Minnesota Timberwolves

### STÖÐ 3

**18.00** Fresh Off the Boat
**18.25** Pretty Little Liars
**19.10** New Girl
**19.35** Modern Family
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Stelpurnar
**21.15** Legend of Tomorrow 3
**22.00** Vice Principals
**22.35** Big Little Lies
**23.25** Man vs. Wild
**00.40** Supergirl
**01.25** Arrow
**02.10** Modern Family
**02.35** Seinfeld
**03.00** Friends
**03.25** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og Litli
**09.13** Víkingurinn Viggó
**09.27** K3
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Tindur
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** Víkingurinn Viggó
**13.27** K3
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Tindur
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** Víkingurinn Viggó
**17.27** K3
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Tindur
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Kubo and the Two Strings

**Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24**



### GOLFSTÖÐIN

**14.00** WGC. Dell Match Play
**22.25** PGA Highlights 2018
**23.20** 2017 PGA Tour Year in Review

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00** Ingenious
**12.30** Snowden Spennandi mynd frá 2016 byggð á sönnum atburðum með leikaranum Joseph Gordon-Levitt. Hann fer með hlutverk bandaríska uppljóstrarans Edwards Snowden, sem var starfsmaður NSA eða Öryggisstofnunar Bandaríkjanna, en hann lak þúsundum trúnaðarskjala á netið sem varðaði Prism-verkefnið. Það gengur út á njósnir bandarískra stjórnvalda um eigin ríkisborgara og fólk um heim allan í heimildarleysi þar sem þau nýta sér upplýsingar frá helstu samfélagsmiðlum og skrá einnig símanotkun fólks.
**14.40** Trip to Italy
**16.25** Ingenious
**17.55** Snowden
**20.10** Trip to Italy
**22.00** Far from the Madding Crowd
**01.50** Search Party
**03.20** Far from the Madding Crowd

### RÚV

**16.05** Hljómskálinn
**16.35** Táknmálsfréttir
**16.45** KR - Breiðablik
**18.54** Vikinglotto
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós og Menningin
**20.00** Kaupmannahöfn - Höfuðborg Íslands
**20.25** Hæpið
**21.00** Hyggjur og hugtök - Femínismi
**21.15** Castle
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Á sama báti
**23.00** Stjörnustílistar Danmerkur - Nadia Meyer
**23.30** Stúlkurnar í hljómsveitinni
**00.35** Kastljós og Menningin
**00.55** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** The Great Indoors
**14.15** Crazy Ex-Girlfriend
**15.00** The Mick
**15.25** Man With a Plan
**15.50** Ghosted
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** 9JKL
**20.10** Wisdom of the Crowd
**21.00** Chicago Med
**21.50** Bull
**22.35** Queen of the South
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** Deadwood
**01.30** How to Get Away with Murder
**02.15** Scandal
**03.05** Scandal
**03.50** Fargo
**04.40** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

ORMSSON

# janúar dagar

15-50% afsláttur
af gæðavörum ORMSSON

**AEG** þvottavélar



15% afsláttur

**AEG** þurrkarar



15% afsláttur

**AEG** uppþvottavélar



15% afsláttur

**AEG** ofnar



20% afsláttur

**AEG** ryksugur



20% afsláttur

**AEG** helluborð



20% afsláttur

Airforce eyjuháfar · vegghháfar



20-50% afsláttur

Gott úrval af Airforce vegghháfum og eyjuháfum, sem eru annálaðir fyrir glæsilega hönnun og mikil gæði.

SAMSUNG

# JANÚAR STORMUR

SAMSUNG
MU6175



49" KR. 99.900,-

55" KR. 129.900,-

Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 49" eða 123cm • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1300 PQI (Picture Quality Index)

MU6455



UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
55" kr. 164.900.-

MU6655



UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1700 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
49" kr. 149.900.- / 55" kr. 169.900.- / 65" kr. 269.900.-

FULL BÚÐ AF TILBOÐSVÖRUM
Uppþvottavélar - Þvottavélar - Þurrkarar - Kæliskápar - Frystiskápar - Sjónvörp - Hljómtæki

samsungsetrid.is

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ

# Klæðist gjarnan litríkum kápum og jökkum í hermannastíl



Rauða kápan vakti mikla athygli fjölmiðla í Kína og þótti viðeigandi klæðnaður fyrir heimsóknina. Hjónin eru hér í kínversku borginni Xian. NORDICPHOTOS/AFP

Brigitte Macron, forsetafrú Frakklands, þykir einstaklega smekkleg og er alltaf klædd í takt við tilefnið.



Brigitte þykir einstaklega smekkleg í klæðaburði og ber skæra liti vel.

Klæðnaður frönsku forsetafrúarinnar, Brigitte Macron, vekur gjarnan eftirtekt. Hún þykir með eindæmum smekkleg í klæðaburði og hefur sérstakt lag á að blanda saman sígildum og nútímalegum fatnaði en á sama tíma er hún sportleg og gefur yngri konum ekkert eftir í stíl.

Brigitte klæðist gjarnan litríkum ullarkápum og jökkum skreyttum með hnöppum beggja vegna sem minna helst á einkennisfatnað hermanna. Brigitte er verðugur fulltrúi franskrar fatatísku og hún sýnir hversu einfalt það er að vera bæði glæsilega til fara og á sama tíma að vera í þægilegum fatnaði. Brigitte á það til að klæða sig í einfalda kjóla, leðurbuxur og blússur og dressar sig upp og niður með mismunandi kápum yfir. Þessa dagana er hún í opinberri heimsókn í Kína ásamt eiginmanni sínum, Emmanuel Macron Frakklandsforseta, og fá þau mikla athygli þarlendra fjölmiðla.

asta@frettabladid.is



Forsetahjónin eru nú í opinberri heimsókn í Kína.




Macron-hjónin á leið á tónleika í vor. Brigitte klæðist hvítum jakka með tvöfaldri hnapparöð, en það er einkennandi fyrir stíl hennar.



Frönsku forsetahjónin við opinbera athöfn í París í sumar. Brigitte er í eldrauðum blaserjakka með gylltum hnöppum.

## 90.000 króna skórnir fengu falleinkunn hjá netverjum

Fyrirsætan Bella Hadid spókaði sig um í Beverly Hills í vikunni í nýjum strigaskóm frá tískuhúsi Balenciaga. Skórnir vöktu mikla athygli þegar þeir voru kynntir til leiks á tískusýningu Balenciaga á seinasta ári en þeir þykja afar ljótir. Hadid er greinilega ósammála. Skórnir kosta 850 Bandaríkjadali sem gerir um 90.000 íslenskar krónur en eru uppseldir. Það er því ljóst að skórnir eru eftirsóttir þó þeir hafi vakið athygli fyrir að vera frekar ljótir. Eins og gengur og gerist voru netverjar óhræddir við að segja skoðun sína á skónum þegar myndir af Hadid birtust á ýmsum vefmiðlum vestanhafs í strigaskónum umdeildu. Flestir gáfu skónum algjöra falleinkunn. „Er þetta djók?“ skrifaði einn netverjinn undir mynd af Hadid í skónum sem birtist á vef TMZ. „Ég myndi ekki klæðast þessum skóm þó ég fengi borgað fyrir það,“ sagði annar. „Þetta lítur út eins og eitthvað sem þú færð í Goodwill,“ skrifaði sá þriðji en þess má geta að Goodwill er sambærilegur nytjamarkaður og Góði hirðirinn á Íslandi. – gha



Stigaskórnir frá Balenciaga hafa stundum verið kallaðir „pabbaskór“. NORDICPHOTOS/GETTY

**STRIGASKÓRNIR SEM BELLA HADID KLÆDDIST Í VIKUNNI KOMA FRÁ TÍSKUHÚSI BALENCHIAGA OG KOSTA UM 90.000 KRÓNUR. ÞEIR ERU UPPSELDIR.**



Fyrirsætan Bella Hadid spókaði sig um í umdeildum strigaskóm frá Balenciaga á mánudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY


Volkswagen á vistvænu tilboði!
Byrjaðu árið á nýjum Volkswagen rafbíl.
Volkswagen er með breiddina í rafmagns- og tengiltvinnbílum; nettur e-up!, flaggskipið e-Golf, sportlegur Golf GTE og rúmgóður Passat GTE fyrir alla fjölskylduna. Nú bjóðast þeir á vistvænu tilboði og verða á Bílasýningunni í HEKLU á morgun. Gríptu tækifærið og keyrðu inn í nýja árið á rafbíl sem gengur fyrir íslenskri orku. Við bíðum spennt eftir að sjá þig!
Komdu á Bílasýninguna í HEKLU á morgun milli kl. 12 og 16.
BílaSýningin í HEKLU 2018
e-up!
Rafmagnsbíll
Sá ódýrasti. Dregur allt að 160 km*
Verðlistaverð
3.350.000 kr.
Vistvænt tilboð
2.890.000 kr.
e-Golf
Rafmagnsbíll
Dregur allt að 300 km*
Verðlistaverð
4.250.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.950.000 kr.
Golf GTE
Tengiltvinnbíll
Sportlegur og umhverfisvænn.
Verðlistaverð
4.190.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.850.000 kr.
Passat GTE
Tengiltvinnbíll
Frábær fjölskyldubíll.
Verðlistaverð
4.690.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.990.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5
*Skv. NEDC staðlinum.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ
















Jakob ætlar sér meðal annars að læra að súrsa grænmeti og taka lýsi á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Tekur áramótaheitið á næsta stig

**Jakob Ómarsson** hefur tekið hugtakið áramótaheit yfir á næsta stig og hefur síðustu þrjú ár sett sér heil 52 markmið fyrir árið. Sum markmiðanna taka nokkrar mínútur í framkvæmd á meðan önnur eru meira krefjandi. Hann segir þetta hafa breytt lífi sínu.

Þetta er í þriðja sinn sem ég geri þetta. Þetta hefur gengið framar björtustu vonum ef svo má að orðum komast. Eins og má sjá á bloggsíðunni minni tókst mér að klára 33 markmið í fyrra og 39 í hittifyrra. Ég tel það nokkuð gott,“ segir Jakob Ómarsson, en hann hefur síðustu þrjú ár sett upp 52 atriða lista yfir markmið sín á árinu og bloggað um hvernig hann hefur svo fylgt þeim eftir.

„Hugmyndin bak við þetta er sú að í staðinn fyrir að setja sér eitt markmið eða tvö, og klúðra þeim. Þá set ég mér markmið um að klára 52 hluti á árinu með von um að ná að klára einhverja af þeim. Mikla vinnu þarf til að ná sumum markmiðunum á meðan önnur tekur kannski nokkrar mínútur að klára.

Viljastyrkur er ekki eining heldur vöðvi; með því að taka til í einum hlut byrja ég sjálfkrafa að vinna í þeim næsta. Sem dæmi að ef manneskja byrjar að mæta reglulega í ræktina þá bætist svefninn sjálfkrafa við og mataræðið oft líka. Það er ein ástæða þess að ég geri þetta með þessu fyrirkomulagi en svo kemur maður auðvitað fullt af hlutum í verk og upplifir ótrúlega skemmtilega hluti í leiðinni.“

*Finnurðu mun á þér eftir að þú byrjaðir?* „Allan daginn – og ekki bara mun á mér, heldur, og nú tek ég mikið upp í mig, hefur þessi listi bara haft gífurleg áhrif á líf mitt. Ég tók ákvarðanir þar sem hefði verið rosalega auðvelt að vera bara á sófanum heima en í staðinn fór ég út fyrir þægindarammann og gerði eitthvað sem mig hefur alltaf langað til að gera. Hugsaði svo bara „ég ætla að gera þetta, í versta falli verður þetta góð saga“.

Til að mynda þá byrjaði ég aftur að leika mér í leiklist og ofan á það þá fór ég í MBA-nám. Listinn er ástæðan fyrir því að ég tók af skarið.

Ég tók líka heilsuna í gegn en það væri allt of vítt til að fara á listann og því braut ég það niður í minni markmið eins og hlaupa 200 kílómetra á árinu. Einnig hef ég gert ótal margt skemmtilegt eins og að fara út að borða á Dill, samskiptamiðlalaus vika, hrósa ókunnugum, stofna bókaklúbb, taka mynd af árunni minni, vera vegan í viku og margt fleira.“

> **ÉG TÓK ÁKVARÐANIR ÞAR SEM HEFÐI VERIÐ ROSALEGA AUÐVELT AÐ VERA BARA Á SÓFANUM HEIMA EN Í STAÐINN FÓR ÉG ÚT FYRIR ÞÆGINDARAMMANN OG GERÐI EITTHVAÐ SEM MIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ TIL AÐ GERA.**

*Er planið að halda þessu áfram?* „Algjörlega. Að því sögðu þá er hugmyndin á bak við þetta sú að ef ég hef ekki gaman af þessu lengur þá ætla ég bara að hætta. Ef þetta er ekki að skila sér í góðu eða einhverju sem ég hef gaman af – þá er ég hættur. Akkúrat núna hef ég ótrúlega gaman af þessu.“

Dæmi um hluti sem eru á listanum hans Jakobs fyrir árið í ár er t.d. að klára MBA-nám, byggja upp „six-pack“, taka sykurlausan mánuð, fara í sumarbústað, fasta, taka til skjölin í tölvunni og fleira. Einnig eru þarna óvenjulegri og eilítið persónulegri hlutir eins og að setja filmu í forstofugluggann svo að allir í heiminum geti ekki séð hann beran, þakka gömlum umsjónarkennara fyrir að hafa trú á sér og hjálpa sér við að halda sér við efnið í menntó, laga úlpuna sína og fara í DNA-próf til að komast að uppruna sínum.

Fylgjast má með ævintýrum Jakobs á bloggsíðunni hans jakobomars.blogspot.is.og á Snapchat (jakobomars).

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Máté Dalmay *mate@365.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

RANGE ROVER EVOQUE SE TECH

# TRYGGÐU ÞÉR EVOQUE SE TECH Á EINSTÖKU VERÐI

landrover.is

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




RANGE ROVER SE TECH
VERÐ: 7.390.000 kr.

Búnaður SE TECH útgáfu: 19" álfelgur, Terrain Response drifkerfi, leðursæti, glerþak, leiðsögukerfi, upphitað stýrishjól, sæti og framrúða, rafdrifin framsæti, lykillaust aðgengi, rafdrifinn afturhleri með snertilausri opnun, skyggðar afturrúður, Xenon aðalljós, þokuljós og bakkmyndavél.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Jónu Hrannar Bolladóttur




# Embættisbústaðir

Í síðasta mánuði horfði ég á áhugavert viðtal í sjónvarpinu við Sigurð Pálsson skáld. Þar komst ég að því að Sigurður var prestsbarn norðan úr landi eins og ég og hann lýsir því hvernig það hitti hann í hjartað þegar hann uppgötvaði að fjölskylda hans ætti hvorki landið né bæinn að Skinnastöðum eins og önnur börn í sveitinni heldur væri það ríkis- eða þjóðareign. Heyra mátti að þetta hefði valdið honum hugarangri í æsku.

Þá rifjaðist upp fyrir mér hliðstæð bernskuminning þar sem ég stóð á hlaðinu í Laufási og horfði á fjölskyldu ryðjast út úr jeppabifreið með fötur og berjatínur og strunsa upp í ásinn áleiðis í berjamó. Ég fór inn og lét pabba vita að þarna væri aðkomufólk mætt og byrjað að tína ber á landinu okkar. Þá horfði hann á mig og sagði: Þau eiga þetta land jafn mikið og við. Svo útskýrði hann fyrir mér að við byggjum í húsi sem við ættum ekki heldur ríkið eða þjóðin og Laufásjörðina ættu allir landsmenn. Ég man að mér þótti þetta heldur skítt og hlustaði með gremju á hlátrasköllin ofan úr Laufásnum. Ég stóð mig að því árum síðar þegar ægilega sætur strákur í MA fór að dásama ríkidæmi okkar í Laufási eigandi allt þetta land! – að ég leiðrétti það EKKI því ég taldi mig betri kvenkost með höfuðból undir fótum.

Síðar hef ég litið á það sem ágætis veganesti að hafa alist upp í embættisbústað á jörð í almannaeigu vitandi það að manni ber skylda til að ganga vel um, allt er að láni og síðar munu aðrir taka við. Ég varð vitni að því sem unglingur er fullorðinn sonur prests, sem síðast bjó í gamla torfbænum, kom að vitja æskuheimilisins, og áður en hann gekk inn kraup hann niður og kyssti á jörðina. Þá vissi ég að ég mætti elska þennan stað þótt ég hefði hann bara að láni.










WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS